



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2020

R20060280

Bn-735

Borgarráð

Tillaga um að fela umhverfis- og skipulagssviði að gangast fyrir um hönnunarsamkeppni um endurgerð og stækkun Grófarhúss

Lagt er til að borgarráð samþykki að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að gangast fyrir hönnunarsamkeppni um endurgerð og stækkun Grófarhúss. Að loknu opnu forvali og samkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands verði valin tillaga til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda. Með framkvæmdinni sem felur í sér endurgerð Grófarhúss og tengingu við nýja viðbyggingu verði Grófarhúsið lifandi menningar- og samfélagshús í miðborg Reykjavíkur, fjölbreyttur ævintýra- og fróðleiksheimur fyrir börn og fjölskyldur, og fólk á öllum aldri. Líkt og segir í formála að forsögninni þá á Grófarhús að vera pláss fyrir fólk þar sem allir eru velkomnir og upplifa að þeir séu það, fólk á að geta komið saman, verið eitt, leitað upplýsinga eða bara dvalið í fjölbreyttum herbergjum og vistarverum á sínum forsendum og notið jafns aðgengis að fjölbreyttu rými, upplifun og upplýsingum, óháð samfélagsstöðu, efnahag, kyni, heilsu eða þjóðerni.

Gert er ráð fyrir að endurheimta upprunalegt útlit hússins og að áhersla verði lögð á endurnýtingu og sjálfbærni í samræmi við hugmyndafræði Græna plansins. Hugmyndir eru einnig um þakgarð þar sem borgarbúar geta notið samveru og útsýnis yfir höfnina og Grjótaþorpið. Stefnt verði að því að endurgerðin verði umhverfisvottuð og standist kröfur um græna fjármögnun.

Til grundvallar endanlegri keppnislýsingu liggja meðfylgjandi gögn, drög að forsögn og vönduð stefnumótun Borgarbókasafns og svo kallaðs flugráðs sem kallað var til að fá fram áhugaverðar hugmyndir um útfærslu hússins. Gert verði ráð fyrir útfærslu á borgaraþjónustu á jarðhæð og sérstaklega hugað að þjónustuhönnun. Einnig hefur verið horft til framsækinnna fyrirmynda erlendis og felur tillagan í sér feril með aðkomu alþjóðlegs sérfræðings, Aat Vos, með mikla reynslu af sambærilegum verkefnum, líkt og gögn bera með sér. Þetta á að tryggja vandaðan undirbúning og að verkefnið nái markmiðum sínum til fulls.

Vakin er athygli á að gert er ráð fyrir að Borgarskjalasafn flytjist á nýjan stað. Könnunarviðræður standa yfir við Framkvæmdasýslu ríkisins um hugsanlega sameiginlega byggingu fyrir Þjóðskjalasafn og Borgarskjalasafn. Niðurstaða þeirra er ekki fengin. Fyrst um sinn verði Borgarskjalasafni því fundið viðeigandi húsnæði, t.d. í tengslum við núverandi leiguhúsnæðis safnsins í Vatnagörðum. Könnun á húsnæðiskostum stendur yfir og verður niðurstaða viðræðna, leigusamningur og áætlun um flutninga Borgarskjalasafns verði lögð fyrir borgarráð.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf frá sviðstjóra umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. september 2020

Grófarhús, miðstöð menningar í miðborginni, forsögn, dags. júní 2020

Grófarhús, miðstöð menningar í miðborginni, kynning, dags. júní 2020



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 14. september

2020

USK2019080054

8.6

Borgarráð

Grófarhús við Tryggvagötu.

Lögð er fyrir borgarráð forsögn og tillögur starfshóps að umbótum á húsnæði og þjónustu Borgarbókasafns í Grófarhúsi við Tryggvagötu.

Lagt er til að borgarráð samþykki að heimila umhverfis- og skipulagssviði halda áfram vinnu við undirbúning verkefnisins á þann hátt sem lagt er til í forsögn starfshópsins.

Haldin verði hönnunarsamkeppni að loknu opnu forvali í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og að á grundvelli samkeppninnar verði valin tillaga til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda.

Frumkostnaðaráætlun verkefnisins er 4.400 m.kr. á verðlagi í júní 2020.

Greinargerð:

Starfshópur um umbætur á aðalsafni Borgarbókasafns í Grófinni var skipaður með erindisbréfi í mars 2020.

Starfshópurinn skipuðu fulltrúar frá umhverfis- og skipulagssviði og menningar- og ferðamálasviði. Hlutverk hópsins var að gera tillögur að verklagi og áfangaskiptingu á umbótum á Grófarhúsi og kostnaðarmeta umbætur og endurhönnun safnsins og nánasta umhverfi þess.

Forsögn starfshópsins gerir ráð fyrir að Borgarbókasafnið í Grófarhúsi verði lifandi menningar- og samfélagshús í miðborg Reykjavíkur, með aðstöðu fyrir borgaraþjónustu. Gert er ráð fyrir að núverandi starfsemi Borgarskjalasafns í Grófarhúsi verði flutt í hentugra húsnæði.

Þá er einnig gert ráð fyrir að endurheimta upprunalegt útlit Grófarhúss. Hugmyndir eru um þakgarð þar sem borgarbúar geta notið samveru og útsýnis yfir höfnina og Grjótaþorpið.

Lagt er til að haldin verði hönnunarsamkeppni að loknu opnu forvali í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Valin verði 4-6 þverfagleg teymi til þátttöku.

Haldnar verði vinnustofur með þeim teyllum sem valin verða með ráðgjöf Aat Vos sem er hollenskur ráðgjafi og hönnuður á mörgum þekktustu bókasöfnum og opinberum rýmum í Evrópu. Að lokum verur dómnefnd tillögu til áframhaldandi hönnunar og framkvæmda.

Kostnaðarstaður: 1103

Frumkostnaðaráætlun: 4.400 m.kr.

Ólöf Örvarsdóttir,
sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Hjálagt:

- Forsögn starfshóps, júní 2020

- Kynning

Grófarhús

Miðstöð menningar í miðborginni

Forsögn



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Menningar- og ferðamálasvið
Júní 2020

Formáli

Borgarbókasafnið í Grófarhúsi - Miðstöð menningar í miðborginni.

Grófarhús fær nýtt líf sem lifandi menningar- og samfélagshús. Kjarnastarfsemin verður nútímabókasafn sem jafnast á við þau bestu í höfuðborgum víða um heim. Nútímabókasafn kallar á rúmgott og bjart rými þar sem fólk skiptir mestu máli.

Bókasafnið er eini opinberi staðurinn þar sem jafnt, opið og ókeypis aðgengi er fyrir alla þá fjölbreyttu flóru sem íbúar borgarinnar eru. Hefðbundin hönnun eldri bókasafna, þar sem safnkosturinn skiptir mestu máli, á ekki við í dag. Á nýja bókasafninu er pláss fyrir fólk, allir eru velkomnir og upplifa að þeir séu það, fólk á að geta komið saman, verið eitt, leitað upplýsinga eða bara dvalið á safninu á sínum forsendum og notið jafns aðgengis að fjölbreyttu rými, upplifun og upplýsingum, óháð samfélagsstöðu, efnahag, kyni, heilsu eða þjóðerni.

Notendur Borgarbókasafnsins í Grófinni hafa lengi kallað eftir meira rými, sérstaklega fyrir börn og fjölskyldur. Um leið og Borgarskjalasafnið flytur úr húsinu verður hægt að koma til móts við þessar þarfir og stækka bókasafnið verulega. Þá verður loks hægt að tengja hæðir bókasafnsins og mynda þar með sjónræna upplifun um bygginguna og fá eðlilegt flæði innan safnsins fyrir notendur. Með þessum breytingum skapast meira opið rými fyrir fólk, fyrir þátttöku íbúa í starfsemi safnsins og mögulega einnig fyrir borgarþjónustu.

Hér skapast einnig tækifæri til að endurheimta upprunalegt útlit Grófarhúss og færa það nær borgarmyndinni. Þakgarðurinn gæti orðið sá eini sinnar tegundar, þar sem borgarbúar geta notið samveru og útsýnis yfir höfnina og Grjótaþorpið.

Stækkun við Grófarhús er foheld og býður þess nú að öðlast frekari tilgang. Stór salur er á fyrstu hæð og ýmsar mögulegar útfærslur á samkomu- og vinnurýmum á efri hæðum. Opnað verður á milli viðbyggingar og bókasafnsins, en rýmin gætu einnig nýst annarri starfsemi borgarinnar, t.d. Reykjavík Bókmenntaborg, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, almennu viðburðahaldi og vinnustofum eins og t.d fyrir þjónustuhönnunarverkefni Gróðurhússins en það gæti jafnvel átt heima á efstu hæð hússins þar sem hönnun gerir ráð fyrir glerhýsi.

Sú vinna sem liggur að baki, tillögur flugráðs, verðmat, eftirfarandi forsögn o.fl. skapar grundvöll fyrir samkeppni um endurhönnun Grófarhúss. Þessi hönnun ætti að hæfa framtíðarhlutverki þessa menningar- og samfélagshúss, þar sem bókasafnið er hjartað í húsinu og borgarinn hjartslátturinn.

Innihald

Formáli.....	2
1. Lýsing verkefnis	5
1.1 Inngangur	5
1.2 Framtíðarsýn.....	5
1.3 Vistvæn hönnun	6
1.4 BIM	6
1.4 Notendur	6
Fjöldi notenda.....	6
Notendahópar	6
1.5 Undirbúningur	7
2. Núverandi aðstæður og þarfagreining	8
2.1 Almenn um húsnaðið	8
Anddyri og aðkoma	10
2.2 Almenn svæði	11
Börn og fjölskyldur	11
Ungt fólk	12
Aðgengi og umframopnun	13
Vinnuaðstaða fyrir notendur – nemendur, frumkvöðla og einyrkja	13
Viðburðir, fjölnota salir og borgaraleg þátttaka.....	14
Tilraunaverkstæði og upptökurými	14
Búnaður	15
Safnkostur.....	15
Þjónustuborð, sjálfsafgreiðsla og tölvur.....	16
Kaffihús.....	16
2.3 Borgaraþjónusta	17
Borgaraþjónusta	17
2.4 Starfsmenn og stjórnun	17
Skrifstofur og aðstaða starfsmanna og bakvinnslu	17
2.5 Stoðrymi	19
Snyrtingar og fatahengi	19
Stoppistöð bókaavagna	19
2.6 Annað - Lýsing og hljóðvist.....	19
Lýsing	19

Hljóðvist.....	20
Hjólalandar	20
Teikningar	21
3 Samantekt.....	22
4 Húsrýmisáætlun	23

Fylgiskjöl

- Fylgiskjal 1 – Frumkostnaðaráætlun á breytingum innan og utanhúss frá VSÓ
- Fylgiskjal 2 – Lýsing á samkeppnisformi
- Fylgiskjal 3 – Minnisblað vegna Ljósmyndasafnsins
- Fylgiskjal 4 – Tilboð frá Aat Vos um hönnunarráðgjöf
- Fylgiskjal 5 – Flugráð fyrir Grófarhús
- Fylgiskjal 6 – Greinargerð um 3 leiðir
- Fylgiskjal 7 – Stefnukort
- Fylgiskjal 8 – Skýrsla með tillögum að útliti Grófarhúss
- Fylgiskjal 9 – Erindisbréf

1. Lýsing verkefnis

1.1 Inngangur

Samkvæmt ákvörðun Borgarráðs skal gera umbætur á Grófarhúsi og bæta þjónustu Borgarbókasafnsins, miðbæjarsafni Reykjavíkur, þannig að það komi sem best á mótis við framtíðarþarfir borgarbúa. Skipaður starfshópur vinnur að því að greina þörf á breytingum í Grófarhúsi (Tryggvagötu 15), svo það henti starfsemi aðalsafns Borgarbókasafnsins. Hluti af Grófarhúsi var innréttaður fyrir Borgarbókasafnið fyrir 20 árum, en Grófarhús var upphaflega hannað sem vöruhús. Borgarbókasafn, Borgarskjalasafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur deila húsnæðinu. Klæðning utanhúss er léleg og þarfnast endurbóta, innanhúss þarf að endurhanna og bæta bæði húsnæði og búnað. Grófarhús hefur verið stækkað til vesturs með viðbyggingu. Framkvæmdum að utan lauk 2019, en byggingin er enn hrá að innan.

Starfshópurinn leggur upp með að haldin verði lokuð hönnunarsamkeppni, eftir opið forval, og að samið verði við sigurvegara um fullnaðarhönnun. Kostnaður hefur verið metinn og frumkostnaðaráætlun er í fylgiskjali. Safnið var stofnað 1919 en hóf starfsemi 19. apríl 1923. Stefnt er að því að opna endurbætt safn árið 2023 á 100 ára afmæli Borgarbókasafnsins.

1.2 Framtíðarsýn

Að nýtt aðalsafn Borgarbókasafnsins verði lifandi menningar- og samfélagshús fyrir íbúa Reykjavíkur þar sem tekið er mið af gerbreyttri starfsemi bókasafna í nútímasamfélagi. Safnið verði endurhannað þannig að það komi til mótis við framtíðarþarfir íbúa Reykjavíkur og bjóði upp á upplifun og þjónustu líkt og hin nýju bókasöfn í mörgum höfuðborgum erlendis sem við viljum bera okkur saman við.

Myndræn framtíðarsýn flugráðs (teikning Elín Elísabet) :



Markmiðið:

Að Borgarbókasafnið í Grófinni verði framsækið, leiðandi og vakandi fyrir síbreytilegum þörfum samfélagsins. Það sækir innblástur í það sem er að gerast hjá nútímabókasöfnum erlendis og geti verið öðrum söfnum landsins hvatning og stuðningur til umbreytinga.

Að íbúar taki virkan þátt í að skapa umgjörð, upplifun og þjónustu fyrir nýtt safn í samvinnu við hönnunarteymi hússins. Horft verði til þess í endurmótun hússins að bókasafnið er lifandi stofnun þar sem gera verður ráð fyrir áframhaldandi þróun í starfseminni og breytingum í samvinnu við íbúa.

1.3 Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fyrir liggur samþykkt frá borgarráði um að umhverfivottunarkerfið Breeam skuli notað til að votta byggingar Reykjavíkurborgar. Stefnt skal að því að endurgerð Grófarhúss verði Breeam vottuð og fái einkunnina „excellent“.

Mikilvægt er að unnið sé á markvissan hátt með vistvæni í hönnunarferlinu s.s. í stjórnun og skipulagi, með gerð lífsferilsgreininga, í efnisvali og að hugað sé að heilsu og vellíðan.

1.4 BIM

Hönnun hússins skal gerð í byggingaupplýsingamódeli og módelið skal afhent Reykjavíkurborg í hönnunarferli og að loknum framkvæmdum. Gerð verður krafa um að módelið sé gert í samræmi við byggingarflokkunarkerfi Reykjavíkurborgar og sé hæft til magntöku og gerð kostnaðaráætlana.

1.4 Notendur

Fjöldi notenda

Borgarbókasafnið er lang mest sóttu safn Reykjavíkurborgar. Um 155 þúsund manns heimssóttu safnið í Grófinni árið 2019 en alls var gestafjöldi bókasafna borgarinnar um 600 þúsund. Fjöldi gesta yfir árið hefur verið nokkuð stöðugur síðustu árin. Sú þróun hefur átt sér stað hjá safninu líkt og sjá má í öðrum söfnum bæði hér á landi og erlendis, að útlánum fækkar hægt og rólega á meðan gestakomum fjölgar. Þetta bendir til breytts hlutverks bókasafna og mikilvægi þess að koma til móts við þá gesti sem sækja söfnin í öðrum tilgangi en að taka safngögn að láni.

Borgir í nágrenni okkar hafa byggt ný miðborgarbókasöfn með góðum árangri og hefur það leitt til aukinnar notkunnar safnanna, en einnig ýtt undir notkun annarra bókasafna.

Notendahópar

Sem stærsta safn Borgarbókasafnsins og miðbæjarsafn, er markhópur Grófarsafns aðeins frábrugðinn markhópi hinna safna Borgarbókasafnsins, sem þjóna sem hverfasöfn. Markhópur Grófarsafns eru allir íbúar Reykjavíkur. Þegar safnið var opnað í Grófinni var stefnt að því að fjölga karlkyns gestum safnsins. Áhersla var í því skini lögð á tón- og mynddeildina og myndasögudeild safnsins. Þegar kynjahlutfall þeirra sem eru með bókasafnsskírteini í Grófarsafni er borið saman við önnur almenningssöfn á landinu, er marktækur munur.

Teknar hafa verið saman tölur til að skoða aldursskiptingu notenda sem hafa bókasafnskort og eru 25% þeirra eldri en 60 ára, 13% milli 50-59 ára, 18% 40-49 ára, 17% 30-39 ára, 9% 20-29 ára og 9%

10-19 ára og 9% yngri en 9 ára. Í samanburði við hin söfnin, er meira um ungt fólk í Grófarsafni en elsta aldursbilið er í minna prósentuhlutfalli.

Núverandi markhópur bókasafnsins eru íbúar Reykjavíkur. Fjölmennasti hópurinn er fullorðið fólk og fjölskyldur með börn, en báðir þessi hópar verja töluverðum tíma á safninu í hvert skipti sem það er heimsótt. Mikið er um heimsóknir skólahópa, bæði leik- og grunnskóla. Yngstu nemendurnir koma í fylgd með kennurum sem og leikskólabörnin, en sögustundir fyrir þau eru alltaf vinsælar. Töluvert er um börn á grunnskólaaldri sem koma ein á safnið, oft bara til að hanga eða hitta aðra krakka, en líka til að lesa og leika sér. Unglingar og ungt fólk eru hópar sem erfiðast er að fá inn á söfnin en þar hefur myndasögudeildin og hlaðvarpið hjálpað til. Einnig nýtir unga fólk sér aðstöðuna til að læra.

Í Grófinni er stór myndasögudeild sem er aðdráttarafi fyrir ungt fólk og þá sérstaklega markhópin sem er einna erfiðast að fá inn í safnið - unga karlmenn.

Mikið er um að fólk komi inn á safnið til að nýta gestatölvur og prentþjónustu. Þá hafa íbúar af erlendum uppruna mikið leitað til safnsins til að fá aðstoð í uppsetningu starfsferilsskrár, til að sækja um vinnu, aðstoð við að leita réttar síns í réttarkerfinu, fylla út eyðublöð, prenta út mikilvæg skjöl og fá margvíslega samfélagslegar upplýsingar. Hælisleitendur hafa leitað til safnsins sem öruggs rýmis þar sem hægt er að fá upplýsingar, ferðamenn hafa sótt í að koma á safnið og þá sérstaklega til að nýta prentþjónustuna, heimilislausir hafa fundið athvarf á safninu og nýtt aðgengi að tölum, sérstaklega eftir að hætt var að rukka fyrir notkun þeirra.

Miklar tæknibreytingar hafa átt sér stað síðustu ár og krafan um að nota netið til að fylla út eyðublöð, umsóknir, opinber sjöl, umsóknarkerfi við að sækja um starf og íbúðir er orðin mikil. Starfsmenn bókasafnsins hafa fundið fyrir því að ekki allir hafa aðgang að tölum eða búa yfir tölvulæsi eða tæknifærni til að bjarga sér. Þá er komið á bókasafnið.

Frumkvöðlar, nemendur og einyrkjar nýta sér söfnin til að vinna, læra, leita upplýsinga og funda en ekki síst til að vera innan um annað fólk. Í söfnum erlendis hefur þessi hópur verið sá hópur sem stækkar einna mest.

1.5 Undirbúningur

Skilgreining á verkefninu:

Með erindisbréfi, dagsettu þann 27. mars 2020, var settur starfshópur til að vinna tillögu um umbætur á þjónustu og endurhönnun á aðalsafni Borgarbókasafnsins í Grófinni, í samræmi við samþykkt í borgarráði 28. nóvember sl.

Hlutverk hópsins er að gera tillögu að verklagi og áfangaskiptingu á umbótum á Grófarhúsi og kostnaðarmeta umbætur og endurhönnun safnsins og nánasta umhverfi þess.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Vinna úr fyrirbyggjandi skýrslum, samantektum og vinna gögn fyrir nýtt aðalsafn Borgarbókasafnsins í Grófinni.
- Rýna flæði milli hæða og bygginga með þarfir notenda í huga.
- Skýra aðkomu borgara í hönnunarferlinu (samsköpun) - áhrif notenda að ákvarðanatöku.
- Leggja til fyrirkomulag og umfang á hugmyndasamkeppni um Grófarhús.
- Láta gera heildarkostnaðarmat umbóta Grófarhúss.

Starfshópurinn skipa:

Rúnar Gunnarsson, SFV, USK

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir MOF

Pálína Magnúsdóttir MOF

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Gréta Þórsdóttir Björnsson, Umhverfis- og skipulagssvið.

Ráðgjafar hópsins eru:

Verkís

Aat Vos

Vinnuferli:

Hópurinn hefur fundað reglulega og farið hefur verið yfir þau gögn sem er búið að vinna. Hópurinn hefur aflað upplýsinga um notendafjölda og notendahópa safnsins, unnið að þarfagreiningu fyrir bókasafnið og skilgreint framtíðarsýn fyrir endurbætur í Grófinni. Einnig hefur hópurinn unnið að því að fá ráðgjafa erlendis frá með sérþekkingu á þeim umbreytingum sem eru að eiga sér stað á bókasöfnum víða um heim. Í vinnuferlinu var unnið út frá núverandi húsnæði safnsins, þörf fyrir aukið varanlegt húsrými og upplifun fyrir framtíðarnotendur safnsins.

2. Núverandi aðstæður og þarfagreining

2.1 Almenn um húsnæðið

Aðalsafn Borgarbókasafnsins er í Tryggvagötu 15, eða Grófarhúsi, eins og það er kallað. Húsið var byggt í tveimur áföngum árið 1930 og hefur þjónað ýmsu hlutverki í gegnum árin. Nú eru starfrækt þrjú af söfnum Reykjavíkurborgar, Borgarbókasafnið, Ljósmyndasafnið og Borgarskjalasafnið í húsinu. Borgarbókasafnið er opið almenningi á fyrstu, annarri og fimmtu hæð. Borgarskjalasafn er á þriðju hæð og á fjórðu hæðinni eru skrifstofur Borgarskjalasafnsins og Borgarbókasafnsins. Ljósmyndasafnið er svo á þeirri sjöttu með sýningarsal, afgreiðslu og skrifstofur, en þar er einnig eldhús og matsalur allra starfsmanna. Margir notendur upplifa að Borgarbókasafnið sé aðeins á fyrstu og annari hæð og vita ekki af þeirri fimmtu. Staðsetning Borgarskjalasafns slítur húsnæðið í sundur og heftir eðlilegt flæði og aðgengi á milli hæða fyrir notendur og starfsfólk Borgarbókasafnsins og er því mikilvægt að skjalasafninu verða fundið annað húsnæði en í Grófarhúsi. Núverandi stærð Borgarbókasafnsins í Grófarhúsi annar ekki starfseminni og stækkunarmöguleikar eru takmarkaðir. Sem dæmi þá er barna- og fjölskyldurými allt of lítið, engir fyrirlestrarsalir, lærdóms- og vinnusvæði fyrir notendur eru fá, ekki er pláss fyrir nýja flokkunarvél, starfsmannaðastaða er þröng, tilraunaverkstæði lítið og ekkert pláss fyrir borgarþjónustu.

Grófarhús hefur verið stækkað með viðbyggingu til vesturs. Stækkunin er fókheld, en framkvæmdum utanhúss lauk 2019. Óljóst er hvernig stækkunin kemur til með að tengjast safninu og hvernig hún kemur til móts við þarfir notenda og starfsfólks safnsins.

Klæðning utanhúss á Grófarhúsi er orðin mjög illa farin og ekki í samræmi við nýja klæðningu á viðbygginu. Í skýrslu sem unnin var um Grófarhús árið 2018 af Umhverfis- og skipulagssviði er samantekt um þróun hússins og tillögur að útliti.

Fyrsta hæð:

Gengið er inn frá Tryggvagötu og er aðalafgreiðsla safnsins sýnileg um leið og komið er inn, en þar er afgreiðsluborð, sjálfsafgreiðsluvélar, leitartölva á fæti með snertiskjá og upplýsingaskjár. Þegar notandi kemur inn á fyrstu hæð bókasafnsins þá er sjónræn tenging við aðrar hæðir takmörkuð og því upplifa margir notendur að bókasafnið sé aðeins á tveimur hæðum. Á vinstri hönd frá inngangi er svokallað Bókatorg. Það er fjölnota torg fyrir viðburði og aðal útstillingasvæði safnsins. Á torginu er hátt til lofts og opið að hluta upp á aðra hæð. Aðgengi er upp á aðra hæð er um stiga frá torginu. Fjölnotarrými er á hægri hönd frá afgreiðslu, sem notað er fyrir smærri fyrirlestra og smiðjur, en auk þess er pláss fyrir bókaútstillingar á vegg. Lágt er til lofts í rýminu. Aðgengi að lyftum upp á aðra og fimmtu er frá þessu rými, auk aðgengi salerna. Það er áskorun að bjóða upp á almenningssalerni í miðbæ Reykjavíkur. Gestir þurfa að fá lykil hjá starfsfólki vegna umgengni. Til vinstri frá afgreiðslu er aðstaða til að lesa blöð, fá sér kaffi og komast í almenningstölvur. Artótekið (sem lánar úr myndlist) er þar fyrir innan og eru verkin í flettirekkum og hengdar upp á vegg.

Aðgengi að Ljósmynda- og Borgarskjalasafni er í gegnum anddyri og upp með lyftu eða stiga. Þessi stigagangur er óljós fyrir notendur og gestir leita upplýsinga í afgreiðslu á fyrstu hæð bókasafnsins. Mikill tími starfsfólks fer í að beina gestum Ljósmyndasafns og skjalasafns upp á réttar hæðir. Greitt er inn á sýningar Ljósmyndasafns, en ókeypis er inn á bókasafn.

Norðanmegin er móttaka aðfanga og nýleg ruslageymsla. Þar er vinnurými og starfsmannaaðstaða, s.s. geymsluherbergi fyrir húsvörð, þéttiskápar, þ.e. þungir járnskápar sem hægt er að hreyfa, aðfangastöð fyrir bókasendingar á önnur söfn, innstimplun starfsmanna, móttaka bóka frá öðrum söfnum, geymsla fyrir bókaavagna, ræstigeymsla, salerni, sturtuaðstaða, fatahengi og geymsluskápar fyrir starfsmenn, auk aðfangadeildar, þar sem tenging safngagna, plöstun og viðgerð safnefnis fer fram. Þar er vinnuborð fyrir sex starfsmenn, húsvörður þar með talinn. Þetta svæði er þröngt og móttökusvæði fyrir aðföng er allt of lítið.

Önnur hæð:

Þegar komið er upp stiga frá bókatorgi eru skáldsögur, leikrit og ljóð vinstra megin á hæðinni en tímarit blasa við. Til hægri er þjónustuborð og þar er farið yfir í barnadeild og handavinnudeild. Í barnadeild er þröngt um notendur og safnkost og ekki aðstaða fyrir barnavagna eða kerrur. Tvær lokaðar skrifstofur eru á hæðinni, önnur er fyrir 3 starfsmenn, en í hinni er safnstjóri. Lyftur og salerni eru í miðjukjarna. Miðjukjarninn gerir það að verkum að það þarf að ganga í kringum hæðina og sjónræn tenging á milli svæða er ekki góð. Á annari hæð er lægst til lofts í húsinu og frekar dimmt því að gluggar snúa að Grófinni og í norður en opið er upp frá fyrstu hæð í bjartasta hluta rýmisins.

Þriðja hæð:

Borgarskjalasafn og geymslur þess. Þessi hæð hefur hæstu lofthæðina af öllum sex hæðunum. Móttaka og fundarherbergi fyrir skjalasafnið er að sunnan en geymslur í hráu rými að norðan.

Fjórdá hæð:

Skrifstofur Borgarbókasafns eru norðanmegin á hæðinni en skrifstofur Borgarskjalasafns sunnanmegin. Rýmið er allt innréttað sem skrifstofuhúsnæði, nema að hluta til í Borgarskjalasafni sem skjalageymsla. Lokað er inn á skrifstofurými Borgarbókasafnsins sem skiptist í tvo hluta, í bland opin og lokað skrifstofuaðstaða fyrir 11 starfsmenn sem snýr að Grófinni og opið vinnurými fyrir 12 starfsmenn sem snýr að Geirsgötu. Þessi rými tengjast með skrifstofu Borgarbókavarðar. Enginn

einbeitingarrými, stærri fundarherbergi eða vinnufundarými eru fyrir starfsmenn. Í rýminu sem snýr að Grófinni er einnig afgreiðsla, eitt lítið fundarherbergi, salerni fyrir starfsmenn og lítil kaffiaðstaða.

Fimmta hæð:

Borgarbókasafnið er með alla fimmtu hæðina. Bjart og opið svæði snýr að Tryggvagötu sem er með tón- og mynddeild, myndasögur, efni fyrir ungt fólk og aðstöða til að hlusta á tónlist. Á hæðinni er unglingadeild, tilraunaverkstæði, skrifstofur fyrir 4 starfsmenn, hlaðvarpsstúdíó og lítið rými sem kallað er Kompan. Það er lokað með þykkri gardínu og hafa þar stundum verið haldnir fundir, örnámskeið og svæðið verið nýtt sem vinnurými fyrir hópavinnu nemenda. Upplýsingaþjónusta er staðsett við stigagang. Lesrými er norðan megin sem gerir að verkum að hægt er að vera með viðburði eða spila tónlist Tryggvagötumegin án þess að það valdi truflun. Í miðkjarna eru þéttiskápar þar sem geymd eru safngögn í læstu rými og einungis lánuð til aflestrar á safninu. Komið hefur fram í notendakönnunum að notendur viti ekki af fimmtu hæðinni þar sem aðgengi að henni er óljóst og tilfinningin sé að bókasafnið sé bara á fyrstu og annarri hæð. Sýnileika á milli hæða vantar og ekkert salerni er fyrir notendur á hæðinni, en kallað hefur verið eftir því í könnunum.

Sjötta hæð:

Í dag er sýningarsalur og skrifstofur Ljósmyndasafnsins á stærsta hluta hæðarinnar. Sameiginlegt eldhús og kaffistofa fyrir Ljósmyndasafnið og Borgarbókasafnið snýr í norður á hæðinni. Þar er útsýnið einstakt.

Stækkun Grófarhúss:

Viðbygging á sex hæðum, tilbúin að utan og foheld. Ekki er búið að fastsetja tengingar við bókasafn og þarfir þess. Við vegg sem tengir viðbyggingu og eldra húsnæði Grófarhúss er gert ráð fyrir stiga sem tengir allar hæðir inni í viðbyggingunni, en pláss fyrir lyftu og almenningssalerni á fyrstu hæð í eldra húsinu. Viðbyggingin býður upp á mikla stækkun á fjölnota rýmum, lestrarsölum, fyrirlestraadstöðu og fl.

Þarfagreining

Það þarf að endurhugsa húsnæði Borgarbókasafnsins í Grófinni heildrænt, þannig að það komi sem best til móts við fjölbreyttar þarfir borgarbúa og starfsfólks Borgarbókasafnsins. Þörfum notenda og starfsfólks er lýst nánar í köflunum um almenn svæði og stjórnun hér í þessari forsögn. Mikilvægt er að tengja hæðir bókasafnsins saman og opna upp á milli hæða til að auka birtu og sjónrænar tengingar, bæði lárétt og lóðrétt. Aðkallandi er að stækka mörg rými á bókasafninu, þá sérstaklega opin, fjölnota rými, fyrirlestrasali og svæði fyrir börn og fjölskyldur. Í Flugráði var rætt um að á efstu hæð gæti verið að hluta til þakgarður, útsýnið er einstakt í norður yfir höfnina, sjóinn og Esjuna en í suður yfir Grjótaþorpið og miðbæinn.

Anddyri og aðkoma

Aðalinnangangur í safnið er frá Tryggvagötu, en starfsmenn geta einnig komið inn á safnið í gegnum vöruafgreiðslu Geirsgötumegin. Inngangurinn frá Tryggvagötu inn í bókasafnið er frekar dimmur og undir skyggni, hann er ekki eins sýnilegur úr fjarlægð og hann gæti verið. Áskorun er að við innganginn fara líka þeir notendur út sem þurfa að reykja og standa oft undir skyggninu til að vera í skjóli fyrir veðri og vindum. Þar eru einnig oft notendur fyrir eða eftir opnunartíma til þess að geta tengst neti bókasafnsins. Oft er mikill gegnumtrekkur ef opið er inn í vöruafgreiðsluna því að vindasamt er við húsið.

Í viðbyggingu er gert ráð fyrir anddyri frá Tryggvagötu en sá inngangur snýr í átt að litlu torgi þar sem kaffihús og veitingarhús eru með starfsemi. Sá inngangur er inn í stærsta salinn með mestu lofthæðinni. Við þennan inngang er ætlunin að opna inn í bókasafnið og einnig er hægt að ganga í gegnum salinn og út í áttina að hafnar svæðinu. Þetta rými er eitt skemmtilegasta rýmið sem allt Grófarhús býr yfir. Ekki hefur verið tekið ákvörðun um hvaða starfsemi þessi salur á að hýsa.

Þarfagreining

Aðalinnangangurinn frá Tryggvagötu mætti vera sýnilegri, bjartari og mikilvægt er að huga að skjóli. Þegar ný aðkoma að safninu er hönnuð þarf að hafa í huga hversu opið svæðið er og vindasamt, þannig að ekki myndist gegnumtrekkur frá vöruafgreiðslu og inn í önnur rými safnsins. Skoða þarf einnig hvernig nýr inngangur í viðbyggingu verður í flæði við aðgengi frá Tryggvagötu Hafnarhúss megin og hvernig hægt sé að mynda skjól fyrir notendur og við aðkomuna að húsinu. Inngangur í viðbygginguna frá Tryggvagötu þyrfti líka að þjóna hlutverki sem sameinar tilgang og starfsemi bókasafnsins við aðra starfsemi ef hún verður í húsinu og flæði notenda þar í gegn. Þann vanda sem snýr að reykingum, lykt og sóðaskap þarf að leysa, bæði fyrir þá sem reykja og fyrir þá sem vilja vera án þess sem reykingunum fylgir. Staðsetning fyrir reykingarfólk þarf ekki að vera við inngang en aðgengileg og sýnileg notendum.

Sá möguleiki var ræddur í flugráði að loka götunni á milli bókasafnsins og Hafnarhúss að hluta til að mynda skjólgott torg, hvort sem það væri með yfirbyggingu, tengibyggingu, hjólageymslu, hotspot svæði eða yfirbyggðu fjölnota leik og dvalarsvæði. Slíkt útileiksvæði gæti mögulega tengst inn við nýtt innileiksvæði á safninu eða staðið eitt og sér.

2.2 Almenn svæði

Börn og fjölskyldur

Barna- og fjölskylduaðstaða er á annarri hæð þar sem lægst er til loftis í byggingunni, aðstaðan er löngu sprungin í Grófinni og þarf að stækka hana verulega. Allt rými er takmarkað, en mjög vinsælt engu að síður. Engin sérstök aðstaða er núna fyrir krakka á aldrinum 9- 12 ára, engin aðstaða er fyrir föndur, smíðjur eða til að borða nesti og engin stæði fyrir vagna og kerrur.

Þarfagreining

Barna- og fjölskyldusvæði þarf að vera aðgengilegt og ekki staðsett hærra en á þriðju hæð, því að litlar fætur í leikskólaheimsóknum þurfa að geta farið í stiga, ekki lyftu. Rýmið þarf að vera skipt upp fyrir mismunandi aldursskeið og gott flæði verður að vera á milli svæða. Svæðin þurfa að vera góð blanda af safnkosti, leiksvæðum og aðstöðu til sköpunar.

Ýmis grunnaðstaða þarf að vera fyrir hendi, s.s. fyrir brjóstgjöf, geta hitað pela, skipt á barni eða fengið sér nesti saman. Barnabækur þurfa að vera mjög sýnilegar og aðstaða þar sem hægt er að lesa fyrir krakka, hvort sem það eru í stærri sögustundum eða að geta setið nokkur saman og lesið, jafnvel skriðið inn í rými til að vera í einrúmi með uppáhaldsbók. Gott aðgengi fyrir vagna og kerrur er mikilvægt og að hægt sé að leggja þeim við barnadeild, bæði svo það sem er í þeim sé við hendina og í öryggisskyni. Merkja þarf sérstakt svæði fyrir vagna, svo þeir séu ekki fyrir og hamli góðu aðgengi um svæðið.

Fyrir 0- 3 ára barna þá þarf öruggt leiksvæði þar sem fjölskyldur getur notið þess að vera saman í afslöppuðu en hvetjandi umhverfi, þar sem engar hættur eru fyrir ung börn. Innréttingar geta verið blanda af mjúku leiksvæði með hvetjandi þrautum og nóg af bókum.

4 - 7 ára börn eru mikið leikskóla- og skólahópar sem koma með kennurum eða eldri börn með foreldrum eða aðstandendum. Fyrir skólahópa er oft skipulögð dagskrá t.d sögustundir, smíðjur og

allskonar föndur en fyrir það þarf gott rými þar sem margir geta setið saman og hlustað, há og lág borð fyrir smiðjur. Í innréttingu fyrir smiðjur væri aðgengi að vatni og geymsla fyrir efni eins og liti og málningu. Innréttingu þarf að vera hægt að læsa og loka þegar smiðjur eru ekki.

Þessi aldur sækir líka mikið í að dunda sér og lesa hvort sem það eru í minni hópum eða ein.

Foreldrar/aðstandendur þurfa aðstöðu þar sem gott er að sitja og dvelja með börnunum en líka aðstöðu fyrir fullorðinsþarfir eins og nálægð við kaffi, tímarit, möguleika á hleðslu fyrir tæki og samveru við annað fullorðið fólk.

6 - 12 ára aldur þarf gott pláss fyrir bækur, spil og tölvuleiki en ekki síður hangstaði, rými sem hægt er að skriða inn í og lesa í friði eða hangsa og spila eða spjalla með vinum. Krakkar á þessum aldri eru forvitnir og vilja prófa sig áfram og sækir tilraunaverkstæðin mikið svo að aðstaða fyrir tæknismiðjur þarf að vera fyrir hendi. Erlendis hefur jafnvel verið farin sú leið að hafa alveg sér rými fyrir þennan aldur þar sem bæði tilraunaverkstæði, leikaðstaða fyrir tölvuleiki og lestrarupplifun eru. Gott væri ef rými fyrir þennan aldur tengist svæði fyrir börn og fjölskyldur en geti samt verið svolítið útaf fyrir sig. Hér væri tilvalið að vera með herbergi sem hægt er að spila tölvuleiki saman, hvort sem það er með vinum eða foreldrum, hér þarf pláss fyrir 2-4, góðan skjá og leikjatölvur. Það má hugsa sér tilraunaverkstæði fyrir þennan aldur sem sér aðstöðu og búnað aðskildu því stærra sem er fyrir alla notendur og kannski frekar þá sem eru eldri, að tæknin sem væri hér hentaði þessum aldri sérstaklega. Raspberry pi, Makey makey, tölvuleikir, grunnforritun og önnur skapandi tækni. Þetta er líka aldurinn þar sem krakkar vilja sýna það sem þeir skapa og taka jafnvel upp myndbönd og tjá sig á sviði svo að gott væri að vera með greenscreen möguleika. Þessi aldur er með mestu lætin á safninu og þeim fylgir líka mikil hreyfipörf. Því mætti jafnvel hugsa sér aðstöðu til þess að hreyfa sig og klifra en þau hafa líka kallað eftir slökunarrými eins og að geta verið í hugleiðslu. Stærri hópar þá sérstaklega frá frístund koma oft með nesti og þyrfti að vera gott rými fyrir að borða það og ganga frá eftir sig. Aðstaða fyrir 10 – 20 krakka í einu.

Ungt fólk

Aðstaða fyrir ungt fólk er á fimmtu hæð safnsins, þetta er markhópur sem er stækkandi og kallar á fjölbreytta aðstöðu. Í dag eru fá borð fyrir þennan hóp og koma og hanga saman, spila, lesa og læra. Þau sækja mikið í bækur fyrir ungt fólk og teiknimyndasögur. Vísir að tónlistatilraunaverkstæði er á hæðinni með aðstöðu til tónlistarsköpunar og smiðjuhalds. Það pláss er í afmörkuðu glerherbergi og er bæði þröngt og loftlaust. Rými fyrir bókahillur er gott.

Þarfagreining

Aldurinn **13 - 18 ára** getur verið hvar sem er í húsinu, er síður háð foreldrum eða forráðamanni. Þessi aldur þarf hópavinnuborð til að læra saman, vinnuherbergi með skjám og töflum ásamt stökum borðum til að læra í einrúmi. Matur er mjög mikilvægur hjá þessum aldri og óskir um að hægt sé að drekka og borða þar sem verið er að læra. Einnig að tölvur og annað sé öruggt á meðan stökkið er á salerni. Æskilegt væri að hafa stærri tölvuherbergi með borðtölvum þar sem hægt væri að komast í forrit og leiki, stór borð með aðgengi að skapandi forritum og tölvuleikjum í öflugum tölvum.

Markmiðið er að fá ungt fólk til að koma saman frekar en að einangra sig í leikjum heima. Það sem er að koma í ljós erlendis er að það verða til ýmsir klúbbar og starfsemi sem tengjast þeim og þarf pláss fyrir þess konar hitting. Markmiðið er einnig að opna aðgengi að dýrum skapandi forritum fyrir þá sem hafa ekki efni á tölvum eða hafa aðstöðu til þess.

Aðgengi og umframopnun

Þegar safnið var opnað, fékk það viðurkenningu fyrir gott aðgengi. Í dag eru staðlar breyttir og í könnunum hefur verið talað um að aðgengi fyrir fólk í hjólastólum er ekki sem skildi. Aðgengi að lyftum og rýmum safnsins er ágætt en aðeins eitt salerni er fyrir fatlaða. Hillur eru allar háar og því getur fólk í hjólastól ekki nálgast safnefni í efri hillum. Einnig eru aðeins sjálfsafgreiðsluvélar á fyrstu hæð sem hægt er að hækka og lækka.

Í dag er safnið opið á ákveðnum opnunartíma flesta daga ársins og ekki er mögulegt að skila safnefni eða nota þjónustu bókasafnsins nema á auglýstum opnunartíma. Svokallað Opið bókasafn, eða umframopnun þar sem safnið er opið án þjónustu starfsfólks, en rýmið og safnkostur er aðgengilegur með sjálfsafgreiðslu er ekki til staðar í dag, en verið er að skoða þann möguleika að setja upp kerfi til að hafa söfnin opin með aðgengisstýringu.

Þarfagreining

Aðgengistaðlar skulu vera hafðir að leiðarljósi í allri hönnun. Huga þarf að aðgengi fyrir hreyfihamlaða, og aðgengi þarf að taka mið af breyttum stöðlum varðandi hjólastóla og fleira. Passa þarf t.d. að hæðir á borðum, aðgengi að tölvum, sjálfsafgreiðslu og hæð á hillum sé þannig að þetta allt komi sem á mótis við þarfir ólíkra notenda. Einnig þyrfti að skoða handrið fyrir lítil börn í stigum því að leikskólahópar fara upp stiga í barnadeild.

Það þarf að skoða hvaða möguleikar eru á að bjóða upp á „umframopnun“ bókasafnsins. Það þýðir að þeir sem hafa bókasafnsskírteini geti komið inn á safnið eftir að auglýstur opnunartími er liðinn. Þá er opnað með bókasafnsskírteini og dvalist á safninu án þess að þar sé starfsfólk. Huga þarf að mörgum þáttum til að þetta geti orðið, m.a. kallar umframopnun á mun fleiri öryggismyndavélar og einhverskonar hlið/forstofu þar sem notendur skrá sig inn. Umframopnun kallar einnig á það að hægt sé að aðgengistýra rýmum og loka mögulega einhverjum svæðum.

Vinnuaðstaða fyrir notendur – nemendur, frumkvöðla og einyrkja

Í Grófinni eru nokkur vinnurými fyrir frumkvöðla, einyrkja og nemendur, þessi rými eru þéttsetin á prófatímum og mikið notuð. Fólk er mætt snemma og situr lengi. Boðið er upp á stök borð og stóla þar sem hægt er að vinna í friði, en einnig nokkur hópavinnuborð og opin sal fyrir smærri vinnusmiðjur. Á fimmtu hæð þar sem flest vinnuborðin eru, eru ekki salerni eða munaskápar og notendur talað um það í könnunum að óþægilegt sé að þurfa að fara niður á fyrstu hæð til að fara á salerni eða fá sér kaffi.

Þarfagreining

Í notendakönnunum hefur verið óskað eftir fjölbreyttari vinnu og lærdómsaðstöðu. Almenningsrými þar sem skapandi einstaklingar geta fengið vinnuaðstöðu með aðgangi að neti, salerni og kaffiaðstöðu. Þetta þurfa að vera fjölbreytt fundar- og sköpunarrými, góð og aðgengileg tækni fyrir bæði fyrir einstaklinga og hópa, jafnvel smærri námskeið, herbergi sem hægt er að bóka, en líka svæði sem koma má á eftir hentugleika, hvort sem það eru stór samveruborð eða minni staðir og borð sem hægt er að vera í einrúmi. Fundarsófar, lesstólar og þess háttar þyrftu að vera á vel völdum stöðum á safninu. Erlendis er þetta hópurinn sem er að stækka mest og dvelur lengst á safninu og má búast við svipaðri þróun hér. Þessi hópur sækir í lífið á safninu, aðgengi að upplýsingum og aðstöðu sem er án sérstakra formerkja eða að hún sé bara fyrir ákveðna hópa.

Viðburðir, fjölnota salir og borgaraleg þátttaka

Á safninu er mjög fjölbreytt viðburðastarfsemi þrátt fyrir þrönga aðstöðu. Þar eru allskonar fyrirlestrar, stórir og smáir, uppákomur, tónleikar, leshópar, hátíðir, námskeið, verðlaunaafhendingar, upplestrar, sýningar og smiðjur. Í dag er engin salur sérstaklega hannaður hvorki fyrir stærri eða smærri fyrirlestra eða viðburði og kemur fyrir að ekki er hægt að halda, eða verða við óskum um ákveðna viðburði eða fyrirlestra sökum plássleysis, eða aðgengishafta annarra stofnana í húsinu. Fjölnota rými er á fyrstu hæð (Torgið), en það hentar oft illa vegna hljóðvistar og Borgarskjallasafnið hefur notkunarrétt á því svæði, sem heftir þróun og aðgengi bókasafnsnotenda að svæðinu. Stærstu viðburðirnir fara fram á Bókatorgi, miðsvæðis á fyrstu hæð. Þar getur verið erfitt að vinna með hljóð og þegar mikill fjöldi mætir á viðburði er aðgengi að afgreiðsluborði mjög aðþrengt fyrir þá notendur sem eru að sækja almenna bókasafnsþjónustu. Borgarbókasafnið vinnur með notendamiðaða hönnun og þátttöku borgara í ákvarðanatöku um ýmsa þjónustu eða upplifanir sem söfnin veita. Þverskurður af borgarbúum notar safnið og því gott aðgengi að notendum til að prófa, og hafa skoðun á, þjónustu sem er ný, eða í þróun og samfélagslegri umræðu.

Þarfagreining

Fyrir viðburði þarf pláss þar sem hópar geta komið saman allt upp í 100 - 200 manns. Fjölnota sali sem auðvelt er að breyta eftir þörfum og viðburðum hverju sinni. Það þyrfti að vera amk einn stór salur og svo fleiri minni. Færanleiki og breytanleiki er lykilorð hér og hægt ætti að vera að samnýta svæðin eftir þörfum notenda.

Þetta þurfa að vera ýmiskonar upplifunar- og áhorfsrými hvort sem er fyrir smærri tónleika, eða verðlaunaafhendingar, samverurými, setsvæði, pallar og innitorg. Þessi rými kalla öll á að auðvelt sé að opna þau, færa til húsgögn eða opna veggir og breyta eftir þörfum og notkun. Hægt væri að festa einhver svæði en hafa önnur breytileg. T.d gæti fyrirlestrarsalur nýst sem viðbótar lærdómssvæði þegar próf standa yfir í háskólum. Safnkostinn þarf svo að flétta saman við allt þetta.

Fjölnotarými gætu líka nýst sem skapandi nýsköpunar- og þátttökurými fyrir borgaralega þátttöku. Þar væri hægt að eiga samtali við borgara, gera notendamiðaðar rannsóknir með borgurum, starfsfólki og frumkvöðlum, hvort sem það væri fyrir nýja þjónustu eða viðburði í safninu eða fyrir önnur verkefni borgarinnar. Snjallborgin og velferðatæknismiðjan gætu tengst inn í bókasafnið, þar geta verkefni sem borgin er að vinna að verið sýnileg borgurum í almenningsrými, þar sem markvisst væri unnið að því að upplýsa borgara um nýjustu tækniþróun og hvetja þá til vitundar um umhverfi sitt. Þetta gæti verið líka verði snjallveggur, blanda af tækni og upplifun sem þyrfti að vera hægt að breyta oft eftir því hver verkefni væru.

Tilraunaverkstæði og upptökurými

Í Grófinni hefur verið lagt upp með að leggja áherslu á tónlist og hljóðvinnslu, m.a. með tónlistartilraunaverkstæði með tölvurými, upptökurými og hlaðvarpsstúdíói. Í dag er eitt lítið rými fyrir tónlistartilraunir, þar sem unnið er bæði með smiðjuhald, upptökur og tölvuvinnslu. Þetta rými er lítið og loftlaust, en mjög kærkomin viðbót fyrir notendur. Í þeirri aðstöðu sem er í Grófinni er ekki pláss fyrir tæknismiðju með 3d prentara, vínlskera, fræsara, saumavélar og vinnuborð. Einnig er hlaðvarpsstúdíói sem er mjög vinsælt og passlega stórt.

Þarfagreining

Þjóða þarf upp á hljóðeinangruð rými fyrir smiðjur, en einnig æfingaaðstöðu þar sem hægt sé að bóka tíma í hljóðeinangruð herbergi með aðgengi að hljóðfærum til æfinga. Einnig væri gott að hafa mynd- og hljóðvinnsluherbergi (green screen herbergi) þar sem hægt væri að taka upp myndbönd.

Reynslan frá öðrum söfnum Borgarbókasafnsins sýnir að þörf er fyrir snillismiðjur eða fjölnota smiðjur eins og við kjósum að kalla það með t.d. 3D prentunum, tölvum með skapandi forritum, vínlskera, fræsara, saumavélum og stærri vinnuborðum þar sem hægt er að vinna skapandi hvort sem það er í einrúmi eða í hóp. Tilraunaverkstæðin gætu verið samnýtt að hluta en gott væri að hafa sér tilraunaverkstæði fyrir aldurinn 8 – 12 ára með einfaldari tækni.

Í þessum sköpunarrýmum þurfa að vera tæki og gera þarf ráð fyrir nálægð við starfsmenn sem geta aðstoðað notendur. Einnig þarf að vera til staðar rými þar sem hægt er að þjónusta tæki og vélar með það sem þarf að laga eða geyma, hvort sem það eru hljóðfæri, aðstaða til að uppfæra tölvur eða efni fyrir tæki og smiðjur.

Búnaður

Borgarbókasafnið Grófinni er komið á tíma hvað varðar endurnýjun á flestum búnaði. Í safninu eru stálbókahillur með flúorperum sem minna á lagerhillur, nokkrar af þeim hafa nýlega verið pólyhúðaðar í mörkunarlitum safnsins (upcycling) og koma vel út. Lang flestar hillurnar eru þó orðnar mjög lúnar. Allar bókahillur eru háar, skerða útsýni yfir safnið og samræmast ekki aðgengisstöðlum fyrir fólk í hjólastólum. Útstillingarhillur hafa nýlega verið hannaðar og virka vel, þær eru til á veggjum og sem færanlegir A standar á gólfi. Annar búnaður fyrir safngesti eins og sófar, stólar og borð er gamalt og úr sér gengið. Nýlega voru keypt fjölnota borð og stólar fyrir smiðjur og vinnusvæði notanda og nokkrir lesstólar sem hægt er að nýta áfram. Flest skrifborð starfsmanna hafa nýlega verið endunýjuð og eitthvað af bókaögnum líka.

Þarfagreining

Búnaður þarf að vera í takt við þær breytingar sem verða fyrir upplifun notenda og starfsfólks og hannast samhliða breytingum á húsnæði. Hanna þarf nýjan búnað sem samræmir nútímanotkun, hillur, húsgögn og annað þyrfti að vera góð blanda af sérsmiði, því sem hægt er þanta og svo má mögulega endurnýta eða hressa upp á eitthvað af eldri búnaði. Mikilvægt er að nýta meira af veggjum hússins fyrir hærri hillueiningar en hillur sem standa á gólfi þurfa að vera í þannig hæð að þær hefti ekki útsýni yfir svæði og á hjólum. Sófar, stólar og önnur húsgögn þurfa að vera auðveld í þrífum og hluti þeirra fjölnota þannig að hægt sé að raða saman mismunandi samsetningum. Lesstólar eru of fáir og þarf að vera meira af þeim.

Í þarfagreiningu fyrir notendur er nánar lýst þörfum, væntingum, aðgengi og upplifun notanda. Þar er búnaði lýst að hluta til sem leikmynd og upplifun í sérstaklega innréttuðum svæðum.

Safnkostur

Eintakafjöldi á safninu í dag eru um 166 þúsund eintök í 2,8 km af hillum. Inni í þessari tölu eru bækur, tímarit, geisladiskar, VHS spólur, DVD diskar, nótur, spil, kort og margmiðlunardiskar. Einnig eru inni í þessari tölu aukaeintök bóka sem gefin hafa verið út á Íslandi og geymd eru í svonefndum þéttiskápum. Þessi eintök eru ekki lánuð út af safninu. Safngögnin eru flokkuð eftir Dewey flokkunarkerfi og skiptast niður á svæði eftir númerum og heiti á flokki. Um 1000 titlar eru í útstillingu (framhlið snýr fram og oft er raðar eftir ákveðnu þema, fyrir utan að ný safngögn eru höfð í útstillingu bæði á bókatorgi á fyrstu, annarri og fimmtu hæð, eftir flokkum).

Þéttiskápar eru á öllum hæðunum, í miðjukjarna á annarri og fimmtu hæð, en inni á lokuðu vinnusvæði á fyrstu hæð. Safnkosturinn er alltaf í stöðugri þróun, grisjað er reglulega, sumt eldist og hættir og annað bætist við. Sem dæmi þá eru geisla- og DVD diskar að lánast minna, en vínilplötur að bætast við. Í Grófinni er ekki aðstaða fyrir flokkunarvélar en stefnt er að því að setja upp eina

miðlæga flokkunarvél þar. Á fyrstu hæðinni er í dag Artótek sem er með myndlistarverk til leigu, verkum er raðar í rekka og hengd upp á vegg en verkum er reglulega skipt út. Artótekið er þjónusta sem kemur til með að vera áfram í húsinu.

Þarfagreining

Safnkosturinn er mikilvægur þáttur í kjarnastarfsemi almenningsbókasafna, en ekki lengur það eina sem bókasöfnin hafa upp á að bjóða. Auðvelt þarf að vera að sjá vinsælt efni og útstillingar skipta miklu máli þar sem vakin er athygli á safnkosti í tengslum við málefni líðandi stundar og ýmislegt sem vert er að vekja athygli á. Hugsunin er að fólk uppgötvi jafnvel bók þegar það er að leita að einhverju öðru. Meira pláss þarf fyrir bókaútstillingar þar sem kápur snúa fram, þar sem slíkt gerir safnefnið aðgengilegra og mætir betur þörfum notenda.

Vínillpötur eru að verða vinsælli, spil og tölvuleikir eru að bætast við, ásamt því að stefnt er að því að bjóða upp á nýtt efni til útláns eins og kökuform, verkfæri og jafnvel hljóðfæri sem þurfa öðruvísi og meira hillupláss en geisladiskur eða bók. Gera þarf ráð fyrir flokkunarvél á fyrstu hæð safnsins.

Aðstaða og aðgengi flokkunarvélar þarf að vera bæði fyrir notendur og bakvinnslu starfsfólks. Vélín þarf að vera nálægt sjálfsafgreiðslu og skilar fólk safngögnum í vélina. Vélín er eins og lítið flugvélaþæriband sem skilar/flokkar safngögn í vagna eða kassa fyrir réttar safndeildir, vagnarnir eru lausir en þurfa pláss við vélina. Vagnarnir fara svo í réttar safndeildir á hæðum safnsins og eru því stöðugt á ferðinni. Lúga til að skila snýr að gestum en á bakvið þarf að vera góð vinnuaðstaða. Áætluð þörf í fermetrum fyrir vélina og vagna er um 60 fermetrar og svo þarf flæði að henni og aðgengi notenda. Staðsetning þéttiskápa gæti verið öll á sama stað en ekki dreift um hæðir eins og nú er. Artótekið þarf stærra pláss og þá helst veggpláss til að hægt sé að skoða myndirnar betur, einnig væri gott ef flettirekkar væru hannaðir fyrir myndverk.

Þjónustuborð, sjálfsafgreiðsla og tölvur

Þjónustuborð með starfsmanni eru á fyrstu, annarri og fimmtu hæð, sjálfsafgreiðsluvélar til að taka út eða skila bókum eru á fyrstu og annarri hæð, upplýsingaskjár er á fyrstu hæð og leitartölvur eða -skjár eru á hverri hæð. Á fyrstu hæð eru almenningstölvur og fjölnota prentari fyrir notendur.

Þarfagreining

Þessi þjónustuaðstaða og tæki þurfa öll sitt pláss og gott aðgengisflæði. Við staðsetningu þeirra í húsnæðinu skiptir máli að vinna með notendamiðaða þjónustuhönnun. Mikilvægt er að sjálfsafgreiðsla og lítið þjónustuborð séu á öllum hæðum en stærra þjónustuborð, fleiri sjálfsafgreiðsluvélar og skilalúga fyrir flokkunarvél á þeirri fyrstu. Þar þarf þessi aðstaða að vera sérstaklega aðgengileg og sýnileg notendum og flæða vel saman.

Kaffihús

Í dag er boðið upp á uppáhellt kaffi á fyrstu hæð bókasafnsins, en ekkert kaffihús eða sjálfsafgreiðsluvélar fyrir kaffi eru til staðar. Í notendakönnunum hefur margoft komið sú athugasemd að kaffihús vanti á safnið og sú ósk um að það sé aðgengi að góðu skemmtilegu bókakaffihúsi. Rekstrarhluti kaffihúss samræmist illa rekstri bókasafns eins og reynslan í Gerðubergi sýnir. Ekki hafa verið teknar neinar ákvarðanir um hvort að kaffihús á heima í húsnæðinu.

Þarfagreining

Yfir 90% notenda bókasafnsins vilja hafa kaffihús í einhverskonar formi aðgengilegt á bókasafninu. Það þyrfti að vera notalegt rými með góðu kaffi í bland við bókaútstillingar helst á fyrstu eða annarri hæð safnsins. Hugmyndir hafa komið upp með að tengjast mögulega kaffihúsi í nágrenni Grófarhúss, eða

hafa kaffihús sem hefði sérstöðu eins og t.d. atvinnuskapandi fyrir fólk sem hefði við einhverskonar fötlun að stríða. Hugmyndir og staðsetningu að kaffihúsi þarf að skoða heildrænt með annarri starfsemi hússins en kaffi í formi sjálfsafgreiðslu þarf að vera til staðar á bókasafninu.

2.3 Borgarþjónusta

Borgarþjónusta

Borgarþjónusta er ákveðin gátt inn í samfélagið en skipulögð borgarþjónusta í einhverju formi er ekki á söfnunum í dag. Í ákveðnum verkefnum hefur verið unnið með hælisleitendum og nýjum íbúum með því markmiði að auðvelda þeim aðgengi að upplýsingum og samfélaginu. Hugmyndir um að skoða möguleika á að setja upp einhverskonar form af borgarþjónustu á bókasöfnunum hafa lítillaga verið ræddar við velferðasvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið en engar ákvarðanir hafa verið teknar. Bókasafnið gæti verið sá staður sem sameinar upplýsingagjöf til borgara um þá þjónustu sem er í boði og hvernig sækja megi um hana. Í þessari þjónustu væri mögulega hægt að sækja og skila inn umsóknum t.d. fyrir velferðarþjónustu, húsaleigubætur, leikskóla, sækja passa og vegabréf. Ef þjónustan er rafræn, þá mætti fá þar aðstoð til þess að sækja um rafrænt.

Á mörgum bókasöfnum erlendis er þessi þjónusta til staðar í bókasöfnunum því að þar er aðgengi notenda að upplýsingum án aðgreiningar og auðvelt fyrir íbúa að nálgast þjónustuna. Markmiðið væri að ná til borgara á stað sem þeir eiga leið um, einfalda fyrstu tengsl og þann þröskuld sem það er fyrir ákveðna hópa að leita sér aðstoðar.

Þarfagreining

Borgarþjónusta þarf gott aðgengi og aðstöðu/afgreiðslu, helst á fyrstu hæð hússins. Aðstaðan þyrfti að vera aðskilin þjónustuborði bókasafnsins, þar sem notendur borgarþjónustu þurfa oft lengri tíma og persónulegri aðstoð en hinn almenni notandi bókasafnsins. Slík þjónusta myndi nýtast fjölbreyttum hópum en ungt fólk hefur sýnt áhuga á að geta nálgast slíka þjónustu miðsvæðis, fjölskyldur sjá einnig hagræði í að geta slegið fleiri flugur í einu höggi við heimsóknir og eldri borgarar eru nú þegar stór hópur sem sækir og dvelur á bókasöfnum. Borgarþjónusta getur líka verið nokkurskonar alþjóðahús fyrir nýja borgarþúa, jaðarhópa, innflytjendur og flóttamenn sem sækja söfnin sem hlutlausan stað til að leita upplýsinga, til hvíldar eða samveru. Gott væri að geta þjónað þeim hópi betur með ákveðin mál í stað þess að vísa þeim annað.

2.4 Starfsmenn og stjórnun

Skrifstofur og aðstaða starfsmanna og bakvinnslu

Heildarfjöldi starfsmanna Borgarbókasafnsins í Grófinni er í dag 38 manns og er vinnuaðstaða fyrir starfsmenn á fyrstu hæð, annarri hæð, fjórðu hæð og fimmtu hæð. Starfseiningar í Grófinni skiptast þannig; 18 starfsmenn eru í stoðeildum, í deild Miðlunar og nýsköpunar og á skrifstofu safnsins en í framlínu starfa 20 starfsmenn. Skrifstofur eru dreifðir um bygginguna og rými fyrir starfsmenn er þröngt. Aðeins eitt litið fundarherbergi er á fjórðu hæð fyrir allt starfsfólk bókasafnsins. Starfsfólk í stoðeildum eru með fastar starfsstöðvar en hluti af starfsfólki í framlínu deilir starfsaðstöðu í bakvinnslu og eru þær á öllum hæðum safnsins.

Ferðalag bókarinnar um húsið er langt, þegar ný bók, eða safnefni kemur á safnið þá fer hún fyrst í aðfangadeildina á fyrstu hæð en þaðan upp á fjórðu hæð til skráningar. Þá fer hún aftur niður í

aðfangadeild til frágangs og plöstunar fyrir þær bækur sem eiga að vera í Grófinni, en aðrar fara í útkeyrslu á önnur söfn Borgarbókasafnsins. Starfsmannarými með fatahengi, salerni og sturtu er á fyrstu hæð og kaffiaðstaða er á fjórðu hæð. Á sjöttu hæð er eldhús sem er sameiginlegt með Ljósmyndasafninu og Borgarskjalasafni, þó starfsmenn þar nýti það lítið. Engin hjólageymsla er fyrir starfsmenn í húsinu. Lítið geymslurými er fyrir umsjónarmann húsnæðis og það dót sem því starfi fylgir. Í geymslu þarf að vera aðgangur að verkfærum, ljósaperum, varahlutum, hljóðkerfi. Stólar og borð fyrir fjölnota rými eru núna geymd á 6. hæð í lítilli geymslu Ljósmyndasafnsins. Fatahengi og skógeymslur fyrir starfsmenn eru á fyrstu og fjórðu hæð. Á fyrstu hæð eru einnig litlir skápar sem starfsmenn geta fengið að nota og læsa.

Þarfagreining

Störf deildarbókavarda, sérfræðinga, bókavarda, verkefnastjóra og deildarstjóra eru að þróast og mikilvægt er að þróa þeirra starfsumhverfi í takti við þær áherslubreytingar sem eru að eiga sér stað. Störf innan safnsins eru ólík og þörf er á fjölbreyttum vinnurýmum og nútímalegum vinnumiðaðum starfsstöðvum.

Vinnumiðaðar starfsstöðvar: Skrifstofur starfsmanna þurfa að vera vinnumiðaðar starfsstöðvar í opnu rými þar sem boðið er upp á fjölbreytta aðstöðu. Þ.e. skrifboðsaðstöðu í opnum rýmum, auk þess aðgengi að einbeitingarrýmum og vinnurýmum. Þeir starfsmenn sem eru í stoðdeildum þurfa fastar starfsstöðvar en hluti af þeim starfsmönnum sem eru í framlínu geta verið með skrifborð sem eru til frjálsra afnota. Borgarbókavörður, skrifstofustjóri og 3 deildarstjórar þurfa fasta skrifborðsaðstöðu auk aðgengis að lokuðu fundar/viðtalsrýmum. Ákveðinn kostur er við að hafa vinnusvæði starfsmanna í framlínu bókasafnsins á hverri hæð í nálægð við þjónustu. Með því móti er auðvelt að kalla til aðstoð fleiri starfsmanna ef á þarf að halda. Miðlæggar stoðdeildir gætu líka verið hvar sem er í húsinu.

Fatahengi og læstir munaskápar þurfa að vera fyrir starfsmenn.

Fundar- og viðtalsherbergi: Fundar og vinnusvæði með góðum skjám og tússtöflum gætu að hluta til verið samnýtt með almenningi í bókanlegum rýmum en mikil þörf er á minni einbeitingarrýmum sem eru aðgengileg án bókkunnar fyrir starfsmenn miðlægra deilda.

Aðfangadeild: Tekin hefur verið ákvörðun um að hafa miðlæga umsýslu safnefnis í Grófinni. Þ.e. þar væri safnefni fyrir öll söfnin gerð klár í útlán, í stað þess að slíkt sé unnið á hverju safni fyrir sig. Til að þetta geti orðið, þarf að auka plássið, bæta við starfsfólki og rými fyrir safnkostinn. Til að stytta ferðalag bókarinnar þá væri betra ef skráning færi fram nær aðfangadeild. Skráningarsvæði þarf að vera hljóðlætt rými með hillum og tölvum á meðan aðfangadeild er líflegt og bjart vinnusvæði með góðum vinnuborðum og frágangshillum. Vinnuaðstaða mætti að hluta til vera sýnileg fyrir notendur og gesti safnsins þar sem það er forvitnilegt að sjá hvernig bakvinnslan fer fram, t.d. að flokkunarvélar sjáist eða að rými fyrir skrifstofur starfsfólks allra deilda hafi útsýni inn á svæði fyrir notendur. Slíkt þyrfti þó að skoða í góðu samstarfi við starfsmenn.

Umsjónarmaður húsnæðis, geymslurými: Gott aðgengi þarf fyrir aðkeyrslu sendibíla þar sem móttaka aðfanga er við bakdyrainngang. Verkfæra- og viðgerðaaðstaða þarf að vera fyrir húsvörð/tæknimann en einnig góð geymsluaðstaða fyrir ýmsan búnað sem tengist viðhaldi og umsýslu á húsnæði.

Mikilvægt er að hafa góðar geymslur fyrir tæknibúnað, lager hreinlætisvara, auka hilluefni, skáhillur, bókastoðir og álíka. Einnig þarf að vera til staðar geymsla fyrir stóla (sem hægt er að stafla) og borð sem hægt er að ná í á auðveldan hátt þegar eru fyrirlestrar eða smiðjur.

Kaffiaðstaða og eldhús: Kaffistofa og eldhús fyrir starfsfólk, en líka kaffistöðvar á hæðum í nálægð við vinnumiðað rými. Snyrting fyrir starfsmenn þarf að vera á öllum hæðum eða í nálægð við vinnurými.

Hjólageymsla: Læst yfirbyggð hjólageymsla fyrir starfsfólk með plássi fyrir 10 – 15 hjól.

2.5 Stoðrými

Snyrtingar og fatahengi

Snyrtingar fyrir gesti bókasafnsins eru einungis á fyrstu og annarri hæð. Gestasalernin eru einstaklingsrými, ekki básar. Gestir þurfa að fá lykil að salernum hjá starfsfólki og mikill tími fer í að afhenda og taka á móti lyklum. Ekkert fatahengi er fyrir gesti, en þegar um viðburði er að ræða, eru notaðar færanlegar fataslár. Skápar eru á fyrstu hæð sem gestir geta fengið lykil að til að geyma töskur og yfirhafnir. Ekki hefur verið mikil eftirspurn eftir því.

Þarfagreining

Kallað hefur verið eftir því að vera með snyrtingu á öllum hæðum safnsins. Kostur er á að hafa salerni í stigagangi Grófarmegin. Þá þyrfti að hugleiða hvernig fyrirkomulaginu yrði háttað, hvort sækja þurfi lykil til starfsmanns o.s.frv.

Gott væri að finna góðan kost til að leysa salernismál, þannig að starfsmenn þurfi ekki að vera að afhenda lykila að salernum, en umgengni haldist góð. Taka þarf tillit til þess að um miðbæjarsafn er að ræða þar sem mannlífsflóran á safninu er allskonar. Hugsa mætti um að hafa aðgengilega muna og fata skápa eða hengi fyrir notendur nálægt vinnuáðstöðu/lessvæðum.

Fatahengi og skósvæði, þar sem ekki má vera á skóm, þurfa að vera til staðar fyrir notendur gott væri að hugsa færanlegar einingar í bland við fastar.

Ræsting

Ræstiaðstaða til að geyma ræstivagna og áhöld er í dag í kompum á fyrstu og annarri hæð en ekki er nein sérstök miðlæg ræstimiðstöð á neinni hæð.

Þarfagreining

Miðlæg ræstimiðstöð þarf að vera í húsinu, auk smærri aðstöðu á hverri hæð fyrir vagna, moppur, skúringarvél og fleira.

Stoppistöð bókavagna

Í dag eru bókavagnar staðsettir í millirými hjá þéttiskápum á fyrstu hæð en þar er einnig tölva fyrir starfsmenn til að skoða vaktaplan og stimpla sig inn. Oft er þetta rými þröngt og erfitt að fara á milli vagna þegar þeir eru allir á stoppistöð.

Þarfagreining

Rými til að geyma bókavagna þarf að vera til staðar, bókavagnar eru fyrirferðamiklir og þurfa að sína staði. Vagnarnir eru notaðir til að koma safnefni upp á hæðir þar sem þeim er raðað í hillur og eru oft staðsettir við enda á hillum. Gera þarf ráð fyrir sér rými fyrir 6-8 vagna svo vel sé, þetta er ekki geymslurými heldur „stoppistöð“ fyrir vagnana þegar þeir eru ekki á ferðalagi um húsið. Æskileg staðsetning væri nálægt aðfangadeild og flokkunarvél.

2.6 Annað - Lýsing og hljóðvist

Lýsing

Lýsing er í dag hönnuð sem almenn birta fyrir svæði og hillulýsing fyrir bækur. Ekki eru nein svæði sem eru sérstaklega með að þægilegri birtu fyrir notendur, hvort sem það er fyrir lestur eða annarskonar upplifun.

Þarfagreining

Lýsing - mikilvægt að lýsingahönnun sé ekki aðeins fyrir bókahillur heldur fyrir upplifun og notalegheit. Hvort sem það er að geta lesið smátt letur á bók í hillu, geta komið inn í andrúmsloft sem tekur vel á móti manni með hlýlegri birtu eða þar sem allt er á fullu við vinnu í tilraunaverkstæðunum.

Hljóðvist

Hljóðvist á bókasafninu í dag er ekki hönnuð út frá núverandi starfsemi og notkun í húsnæðinu.

Þarfagreining

Hljóðvist þarf að vera afburða góð, þó að margt sé hægt að gera á bókasöfnum í dag sem ekki var áður, þá er kyrrðin og þögnin ennþá eitthvað sem notendur kalla eftir, að það séu svæði þar sem hægt sé að njóta þess að vera í friði og ró. Það þurfa líka að vera svæði sem hægt er að vera með viðburðahald eða þola hávaða í hlaupandi börnum. Kyrrðarsvæði/hæð og hávaðasvæði/hæð

Hjólastandar

Hjólastandar eru við anddyri safnsins í Grófinni. Aðgengi fyrir hjólandi og gangandi að safninu er ekki gott í dag, stór hópur kemur á hjólum. Oft koma stórir hópar þá sérstaklega úr frístund og þá er ekki pláss fyrir öll hjól. Huga þarf að því að gestir eru í auknum mæli farnir að nota hlaupahjól og hafa stundum viljað koma með hlaupahjólin inn á safnið.

Þarfagreining


Bæta skal aðstöðu fyrir reiðhjól og önnur virk faratæki s.s. hlaupahjól. Það þurfa að vera hjólastæði fyrir notendur og starfsfólk og hluti þeirra þurfa að vera yfirbyggð. Hugað skal að því að hafa hjólastæði í tengslum við sem flesta innganga. Það þarf að stækka og bæta verulega við hjólastæði fyrir notendur hvort sem það eru reiðhjól, rafmagnshjól eða rafmagnshlaupahjól. Hleðsla þarf að vera fyrir hjólin og skoða hver möguleg framtíðarnotkun verður.

Teikningar

1. hæð



3. hæð



2. hæð




4. hæð



5. hæð



7. hæð



6. hæð



- Almenn svæði bókasafns
- Almenn svæði bókasafns, aflukuð
- Almenn svæði bókasafns, aflukuð
- Viðbygging - ekki í notkun
- Starsfólk og stjómun
- Umferðarrými
- Snyrtingar, geymslur, ræsting, tæknirými
- Borgarskjalasafn / Ljósmyndasafn

3 Samantekt

Nútímabókasafn kallar á rúmgott og bjart rými þar sem fólk skiptir mestu máli. Bókasafnið er eini opinberi staðurinn þar sem jafnt, opið og ókeypis aðgengi er fyrir alla. Safnið þarf að vera athvarf fyrir einstaklinga og fjölskyldur, hvort sem er í leik eða í kyrrð, staður þar sem hægt er að vera eða gera á sínum forsendum og njóta jafns aðgengis að fjölbreyttu rými, upplifun og upplýsingum, óháð samfélagsstöðu, efnahag, kyni, líkamlegri heilsu eða þjóðerni.

Mikilvægt er að gott flæði sé á safninu og að ekki sé starfsemi sem hindrar flæði með því að loka af heilu hæðirnar. Notendur ættu að vera meðvitaður um allar hæðir, finna að safnið sé aðgengilegt og sýnileiki á milli hæða. Björtustu og opnustu rýmin í húsinu snúa að Tryggvagötu og eru á fyrstu, þriðju, fjórðu og fimmtu hæðinni. Í dag er opið milli fyrstu og annarrar hæðar og mögulegt er að opna enn frekar á milli hæða til á fá birtuflæði um húsið. Barnadeildin gæti verið að hluta til á annarri hæð en stærsta barnasvæðið væri aðgengilegt upp á þriðju hæð í þessu bjarta og fallega rými. Ef opnað væri á milli annarrar og þriðju hæðar væri mögulega hægt að nýta tröppur sem áhorfenda bekkji, sem klifurvegg eða jafnvel hafa rennibraut á milli hæða. Við umbreytingu á húsnæði þarf að endurhugsa innréttingar og búnað. Það er tækifæri til að hanna húsgögn, búnað og umhverfi um leið og húsnæðið er endurhannað. Ef farið er af stað með innanhússhönnun samhliða umbreytingu á húsinu sjálfu þá er hægt að leita til íslenskra hönnuða, framleiðslu- og smíðafyrirtækja og styrkja þannig íslenska framleiðslu og þá hönnuði sem að því kæmu.

Flæði og sýnileiki milli hæða er ekki síður mikilvægt fyrir starfsfólk, safnefnið og starfsemi á milli deilda. Starfsaðstaða ætti helst heima norðanmegin í húsinu og má vera í tengslum við starfsemi á öllum hæðum. Gæta þarf að því að halda flæði fyrir notendur opnu í gegnum um allar hæðir og hafa ekki starfsmannahæð sem rífur í sundur svæði fyrir notendur.

Þakið, eða núverandi sjötta hæð, hafði áður svalir og þakgarð samkvæmt gömlum myndum og teikningum. Af hæðinni er einstakt útsýni yfir hafnarbakkann og skemmtileg borgarsýn yfir Grjótaþorpið. Gaman væri að endurheimta þakgarðinn og tengja við svalir í viðbyggingu. Á þakhæð væri hægt að sjá fyrir sér bland af góðum vinnu- og samkomusvæðum fyrir notendur, skjólgóðan garð sem væri yfirbyggður að hluta og útsýnissvalir.

Til þess að ná markmiðum Borgarbókasafnsins um nýtt og betra aðalsafn á 100 ára afmælisárinu, þá leggur starfshópurinn upp með að farið verði í samkeppni um endurbætur á húsinu og endurhönnun innanhúss í Grófarhúsi og stækkun til vesturs. Borgarbókasafnið hefur verið í samtali við Aat Vos, hollenskan arkitekt sem hefur hannað eða verið ráðgefandi aðili við hönnun margra nýrra bóksafna í Evrópu, þar sem þau þjóna hlutverki sínu sem opin svæði fyrir alla í sinni víðustu mynd. Aat hefur komið til Íslands, skoðað húsið og gert tilboð í ráðgjöf fyrir samkeppnisferlið. Mikill fengur er að fá hann til ráðgjafar fyrir þau hönnunarteymi sem koma að samkeppninni og líklegt að innsýn hans verði innspýting fyrir hugmyndir, en ekki síður að þekking hans og reynsla geti mögulega sparað tíma og fjármagn þegar upp er staðið þar sem ráðgjöf mun hafa áhrif á ákvarðanatöku við úrlausnarefni þannig að hönnunin komi sem best á móts við framtíðarþarfir borgarbúa.

4 Húsrýmisáætlun

Í húsrýmisáætlun er gert grein fyrir rýminu eins og það er í dag, hvort að það henti betur að hafa þjónustuna eða starfsemina í opnu eða lokuðu rými og hvort að hægt sé að samnýta rýmin eða svæði á einhvern hátt. Svo er talað um þörfina og þær breytingar sem þarf að gera, í sumum tilfellum er hægt að ákvarða þörfina í fermetrum en í öðrum þarf að skoða stækkun eða breytingar í samræmi við endurhönnun hússins og hvernig þjónustan og starfsemin endurraðast á hæðir.

Þetta er opin rýmisáætlun hugsuð sem leiðarvísir inn í frekari vinnu við undirbúning hönnunar hússins.

Almenn svæði:

	Rými í dag	Opið/lokað	Samnýtanlegt	Þörf	Breytingar
Barna og fjölskyldusvæði	Þröngt	Opið	Nei	Stækka mjög mikið	Önnur staðsetning í húsinu – ekki hærra en 3.h.
Barnavagna og kerru geymsla	Engin	Opið	Með barnadeild	6-10 vagnastæði	Ný aðstaða
Innileiksvæði	Ekkert	Opið	Viðburðatorgi eða barnadeild	Möguleiki á klifurvegg eða rennibraut á milli hæða	Ný þjónusta
Nestis- og brjóstgjafaaðstaða	Lítill	Lokað	Nei	Stækka og afmarka, lítil innrétting með vaski	Ný aðstaða
Unglingasvæði	Þröngt	opið	Nálægt tilraunaverkstæði	Stækka um helming, fjölga borðum	Stækka
Teiknimyndadeild	ágætt	opið	Sýningarsvæði	Stækka töluvert	Stækkun
Aðalinngangur	Frekar dimmur	Opin	Mögulega með annarri starfsemi	Tengja við hæðir	Annar inngangur í viðbyggingu
Opið bókasafn/umframopnun	Ekki í dag	Aðgengisstýrt	Aðalinngangur	Rýmri opnunartími án þjónustu	Ný þjónusta
Þjónstuborð	Ágætt	Opið	Nei	Stórt við aðalinngang, minni á hæðum	
Tölvur og prentarar fyrir notendur	Lítið	opið	Nei	Stækka um helming	Nýjar vélar á öllum hæðum
Sjálfsafgreiðsla	Þröngt	Opið	Nei	Stækka og amk 2 vélar á fyrstu hæð en eina á öðrum hæðum	

Vinnurými opin - notendur	Fá pláss	Opið/lokað Möguleiki á að bóka herbergi	Mögulega hægt að nota fjölnotasali á álagstíma	Fjölga borðum og hljóðlátum rýmum / lítil hópavinnu herbergi	Mikil stækkun á núverandi þjónstu
Lessvæði	Fá	Opin	Með /á milli bókahilla, jafnvel í hillum	Fjölga notalegum stólum og svæðum fyrir einstaklinga og leshópa	Mikil stækkun og bætt upplifun frá núverandi aðstöðu
Fjölnota salur	Einn/torgi ð í átt að Gróf	Opið	Já mögulega sýningar, bókaústillingar	20 – 60 manns Skjávurpi, hljóðkerfi	Má færa annað
Fjölnota salur	Enginn	Lokað	Já	50 - 100 manns	Ný aðstaða, góð fyrirlestraaðstaða
Fjölnota salur / viðburðatorg	Eitt, þröngt	Opið/lokað	Já mögulega með innitorgi	100 manns eða fleiri	Ný aðstaða og tækni
Innitorg	tvö	Opin	Margir möguleikar	Fjölga og stækka	Samveru og samkomu rými
Smiðjussvæði	Ekkert	Lokað/opið	Já með barnadeild	þarf borð fyrir um 20 krakka og innréttingu fyrir aðföng og aðgang að vatni	Nýtt svæði
Tilraunaverkstæði/tónlist	Lítið	Lokað	Nálægt unglingsvæði	Stækka mikið 60 fm	Ný þjónusta
Tilraunaverkstæði / makerspace	Ekkert	Lokað	Nálægt annari tækni	100 fm	Ný þjónusta
Podcast studio	‘Agætt	Lokað	Nei	Hljóðlát/hljóvisit	Bæta hljóðvist
Handavinnusvæði	‘Agætt	Opið	Nálægt tímaritum /börn og fjölskyldur	Stækka töluvert	Bæta við saumavélum og sníðaborði
Safnkostur í hillum	Gott	Opið	Um allt safn	þarf að lækka hillur fyrir sjónræna upplifun og aðgengi	Lækka hillur og fjölga en ekki hillumetrum
Safnkostur í útstillingu	Meðal	Opið	Nota torg og veggi	Auka verulega	
Þéttiskápar	Gott	Lokað			Má ekki loka af sjónrænar tengingar
Aðfangadeild	þröngt	Lokað	Nei	Stækka um helming	

Flokkunarvél	Engin	Opið/lokað	Fyrsta hæð	Nálægt aðfangadeild	Ný aðstaða
Bókavagnar	Þröngt	lokað	Með aðfangadeild	um 20 fm	
Snjallveggur (gagnvirkir skjáir, tækni dreifð um bygginguna)	Enginn	opið	Með opnum torgum	Gagnvirkni og þátttaka borgara	Ný þjónusta
Upplýsingarskjáir	Einn stór þrír litlir	Opið	Við afgreiðslur	Á öllum hæðum	Fjölgar í takt við hæðir.
Tölvuleikjaherbergi	ekkert	lokað	Nálægt unglíngadeild Fyrir námskeið og tæknismiðjur	Lanherbergi fyrir 8-12 manns og minni leikjaherbergi fyrir 1-4	Ný þjónusta
Sýningarsvæði	Fá	Opin	Fjölnota rými / innitorg	Fjölbreyttar sýningar	Bæta við veggjum
Artotek	Þröngt	Opið	Nei	Flettirekkar og sýningarveggir	Stækka
Tímarit	ágætt	Opið		Stækka og gera notalegra	
Kaffihús fyrir notendur	Ekkert	opið	innitorg	96% notenda safnins vilja kaffihús á safnið	Aðgengi að kaffi. Skoða þarf rekstrarform
Þakgarður	Svalir á viðbyggingu	Opin/lokaður	Fjölnota sal/innitorgi	Aðgengi að útsýni	Endurheimta eldri svalir/garð frá upphaflegri hönnun húss

Borgaraþjónusta:

	Rými í dag	Opið/lokað	Samnýtanlegt	Þörf	Breytingar
Borgaraþjónustusvæði	Ekkert	Opið	Nei	þarf að vera á fyrstu hæði og ekki með þjónustuborði bókasafns	Ný þjónusta

Starfsmenn og stjórnun:

	Rými í dag	Opið/lokað	Samnýtanlegt	Þörf	Breytingar
Aðfangadeild	Þröngt	Lokað	Nei	Stækka um helming	
Flokkunarvél	Engin	Opið/lokað	Fyrsta hæð	Nálægt aðfangadeild	Ný aðstaða
Bókavagnar	Þröngt	lokað	Með aðfangadeild	um 20 fm	

Hjólageymsla starfsfólk	Engin	Lokað	Bakrými fyrir starfsfólk	Lokað pláss fyrir 10 hjól/hlaupahjól	Ný aðstaða
Vinnusvæði starfsfólks með tilraunaverkstæði	Ekkert	Lokað	Um 40 fm við tilraunaverkstæði		Ný aðstaða
Skrifstofur starfsmanna	Þröngar	Vinnumiðuð rými	hægt að samnýta fundarherbergi með notendum að hluta	Bæta við fundar og hópavinnuáðstöðu	Stækka og breyta í vinnumiðuð rými
Kaffistofa/eldhús	6. hæð. ágætt	Lokuð	Nei (samnýtanlegt með annarri starfsemi, ekki notendum)	Þarf að skoða nýja staðsetningu	Færa til í húsinu
Kaffistöðvar fyrir starfsmenn	Ein 4. hæð	Opin, hluti af opnum skrifstofum	nei	Vera partur af vinnumiðuðu rými	Fjölga kaffistofum.
Geymslur fyrir stóla og borð	Lítill á 6. hæð	Lokuð	Nálægt fjölnota söllum	Stilla upp ólíkum fundum/aðstöðu og fjölda	Stækka og bæta aðgengi
Geymslur fyrir umsjónamann húsnæðis	Lítill á 1. hæð	Lokuð	Nálægt aðfangadeild	Geyma hillur, varahluti, verkfæri og annað	Stækka, bæta við vinnuáðstöðu/borði

Stoðrymi:

	Rými í dag	Opið/lokað	Samnýtanlegt	Þörf	Breytingar
Hjólageymsla notendur	Fá stæði	Opið	Nei	Auka	Yfirbyggð og bæta við hlaupahjólástæðum og hleðslu
Snyrtingar fyrir notendur	Eitt KK eitt KV Kog eitt fyrir fatlaða á fyrstu hæð, eitt í barnadeild	Opið/lokað	Nei	Þarf að vera aðgengilegt fyrir notendur á öllum hæðum	Fjölga og bæta aðgengi.
Fatahengi og skápar	Lausar slár og munaskápar á 1. hæð	Opið/lokað	Já	Þarf að vera hægt að nota við viðburði, hjá barnadeild og lesssvæðum	Fjölga, hafa færaneig.

Ræstingar	Fáar og litlar kompur	Lokað	Nei	þarf að vera ein miðlæg aðstaða og litlar kompur á hverri hæð	Fjölga
------------------	-----------------------	-------	-----	---	--------

Annað:

	Rými í dag	Opið/lokað	Samnýtanlegt	Þörf	Breytingar
Leiksvæði við húsið	Ekkert	Opið	Já me út torgi	Svæði fyrir börn úti á góðviðrisdögu m, tenging við hafnabakka	Ný aðstaða.

28.05.2020

17601

Dreifing

Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið
> Gréta Þórsdóttir Björnsson
> Rúnar Gunnarsson

Höfundur

Aðalsteinn Sigurþórsson

Tilfni

Endurbygging og innrétting nýbyggingar - Grófarhús

Frumkostnaðaráætlun á breytingum innan- og utanhúss

1 Inngangur

VSÓ hefur farið yfir hugmyndir að umbótum og endurhönnun á núverandi húsnæði Grófarhús, bæði innan og utanhúss og innréttingu á nýbyggingu og kostnaðarmatið. Um er að ræða 6.205m² í núverandi húsnæði og 1.219m² í nýbyggingu, samtals 7.424m² brúttó fermetra gólfplatar húsnæðis.

Ekki er reiknað með flutningi stofnana í eða úr húsnæðinu.

Samantekt á kostnaðarmati:

1. Breytingar innanhúss – Núverandi húsnæði	3.226,4 mkr
2. Fullnaðarfrágangur – Nýbygging	604,7 mkr
3. Breytingar á útliti – Núverandi húsnæði	556,0 mkr
Samtals	4.387,1 mkr

2 Kostnaðarmat

2.1 Kostnaður vegna breytinga innanhúss á núverandi húsnæði

Yfirlitsblað

Breytingar innanhúss - Núverandi húsnæði

Stærð: 6.205 m² Byggingarvísitala: 151,8
Dags: 25.05.2020

Nr.	Verkpáttur	Samtals
1,00	Aðstaða	119.500.000
1,10	Rif innanhúss	83.300.000
1,20	Rif utanhúss	58.000.000
3,00	Lagnir	423.600.000
4,00	Rafkerfi	489.400.000
5,00	Frágangur innanhúss	805.600.000
6,00	Laus búnaður	104.500.000
7,00	Frágangur utanhúss	
8,00	Frágangur lóðar	16.700.000
Framkvæmdarkostnaður alls		2.100.600.000
	Hönnunarkostnaður 20%	420.100.000
	Verkefnisstjórnun og eftirlit 8%	168.000.000
<i>% af framkvæmdarkostnaði</i>		
	Annað og ófyrirséð 20%	537.700.000
Heildarkostnaður		3.226.400.000

Öll verð eru með VSK.

2.2 Kostnaður vegna fullnaðar frágangs nýbyggingar

Yfirlitsblað

Fullnaðarfrágangur - Nýbygging

Stærð: 1.219 m² Byggingarvísitala: 151,8
Dags: 25.05.2020

Nr.	Verkpáttur	Samtals
1,00	Aðstaða	32.200.000
1,10	Rif innanhúss	
1,20	Rif utanhúss	
3,00	Lagnir	83.200.000
4,00	Rafkerfi	96.200.000
5,00	Frágangur innanhúss	158.300.000
6,00	Laus búnaður	20.500.000
7,00	Frágangur utanhúss	
8,00	Frágangur lóðar	3.300.000
Framkvæmdarkostnaður alls		393.700.000
	Hönnunarkostnaður 20%	78.700.000
	Verkefnisstjórnun og eftirlit 8%	31.500.000
<i>% af framkvæmdarkostnaði</i>		
	Annað og ófyrirséð 20%	100.800.000
Heildarkostnaður		604.700.000

Öll verð eru með VSK.

2.3 Kostnaður vegna breytingar á útliti á núverandi húsnæði

Yfirlitsblað

Breytingar á útliti - Núverandi húsnæði

Byggingarvísitala: 151,8
Dags: 25.05.2020

Nr.	Verkþáttur	Samtals
1,00	Aðstaða	44.400.000
1,10	Rif innanhúss	
1,20	Rif utanhúss	48.333.333
3,00	Lagnir	
4,00	Rafkerfi	
5,00	Frágangur innanhúss	
6,00	Laus búnaður	
7,00	Frágangur utanhúss	269.166.667
8,00	Frágangur lóðar	
Framkvæmdarkostnaður alls		361.900.000
	Hönnunarkostnaður 20%	72.400.000
	Verkefnisstjórnun og eftirlit 8%	29.000.000
	<i>% af framkvæmdarkostnaði</i>	
	Annað og ófyrirséð 20%	92.700.000
Heildarkostnaður		556.000.000

Öll verð eru með VSK.

2.4 Forsendur kostnaðarmats

Forsendur fyrir umbótum og endurhönnuninni liggja ekki fyrir en áætlunin og kostnaðarmatið byggjast á sambærilegum húsnæði eins og Menningarmiðstöðinni í Úlfarsárdal. Verð eru fermetraverð reiknuð á brúttó fermetra.

Miðað er við að húsnæðið verði rúmgott og bjart með fjölbreytt rými sem skapi upplifun gesti.

Við gerð þessa kostnaðarmats er gert ráð fyrir eftirfarandi umfangi:

2.4.1 Rif innanhúss

Áætlað er í kostnaði allt verði rífið innan úr öllum hæðum innanhúss það er niðurrif og förgun á öllum tækniherfum, loftum, veggjum ásamt gólfefnum. Inn í þessum kostnaði er einnig múrbrot og rif á hluta milli hæðar á milli 1. og 2. hæðar.

2.4.2 Rif utanhúss

Stuðst er við breytingartillögu III samanber skýrslu Reykjavíkurborgar(Samantekt á þróun hússins, Tillögur að útliti hússins) þar sem núverandi klæðning verður rifin og förguð.

2.4.3 Lagnir

Gert er ráð fyrir að endurnýja allar lagnir, loftræsilagnir, loftræsi samstæður, þrifalagnir, neysluvatnslagnir ásamt hreinlætistækjum og vatnsúðalagnir.

2.4.4 Rafkerfi

Gert ráð fyrir nýjum rafögnum, lömpum, brunaviðvörðunarkerfi, fjarskiptalagnakerfi, innbrota- og aðgangskortakerfi, myndavélaeftirlitskerfi, hljóðkerfi, hússtjórnarkerfi og rafmagnstæki þar með talið upplýsingarskjáir. Einnig er gert ráð fyrir að gerðar verði endurbætur á vöru- og fólkslyftum eða þeim fækkað og skipt út.

2.4.5 *Frágangur innanhúss*

Gert er ráð fyrir nýrri loftaklæðningu, innveggjum ásamt hurðum, málun, nýju gólfefni og föstum innréttingum þar með talið innréttingum, skápum, búnaði á salernum, hillum og borðum.

2.4.6 *Laus búnaður*

Áætlun gerir ráð fyrir ýmsum lausum búnaði eins og prenturum, ljósritun, tölvum, snertilausum búnaði auk annars búnað og merkingum í bókasafni.

2.4.7 *Frágangur utanhúss*


Breytingar utanhúss byggjast á tillögu III sem leggur til að koma útliti að Geirsgötu og Grófinni í það horf sem það var fyrir breytingar 1995 og kemur fram á teikningum frá 1949, auk þess að láta útlit að Tryggvagötu vísa í útlit þess tíma þegar sú hlið var byggð. Þakhæð verði breytt þannig að skái verði fjarlægður á þeim hluta sem tilheyrir byggingunni frá 1949 og útveggur endurbyggður ásamt þaksvölum. Gert er ráð fyrir að þakklæðning verði endurnýjuð.

2.4.8 *Frágangur lóðar*

Gert er ráð fyrir endurnýjun og lagfæringu á yfirborði í kringum húsið eins og t.d. hellulögn og malbik.

3 BREEAM Refurbishment

Í framhaldi af umræðu um að framkvæmdin verði vottuð í samræmi við BREEAM Refurbishment þá hefur VSÓ tekið saman eftirfarandi til upplýsingar, sjá flæðirit og hjálagt fylgiskjal.



3.1 Almennt um kostnað

Í skýrslunni Delivering sustainable buildings: Savings and payback 2014 tóku Sweett Group og BRE saman kostnað mismunandi bygginga miðað við mismunandi sjálfbærnistig (e. rating) sem hvert verkefni stefndi að miðað við staðsetningu.

Þrjár byggingar voru skoðaðar

- Skrifstofubygging
- Skóli
- Hjúkrunarheimili

Niðurstöður voru bornar saman við viðmiðunarbyggingu af sömu gerð sem byggð var skv. gildandi stöðlum og stöðst lágmarkskröfur byggingarreglugerðar. Markmið rannsóknar var að varpa ljósi á og upplýsa verkkaupa, hönnuði og verktaka á virði og hagnað þess að byggja umhverfisvottuð og sjálfbær mannvirki.

Í rannsókninni kemur fram sá kostnaður sem snýr að hönnun og framkvæmd sjálfbærra bygginga sem ávinna sér BREEAM vottun.

Í rannsókninni eru teknar saman leiðbeiningar og aðgerðir um hvernig innleiða má sjálfbærni í hönnun með litlum eða engum kostnaði.

- Mikilvægt er að þessar aðgerðir komi á hönnunartigi svo lágmarka megi kostnað verkkaupa.

Rannsakað var lífsferilskostnaður mannvirka með áherslu á orku og vatnsnotkun.

- Með því að innleiða sjálfbærni ráðstafanir snemma í hönnunarferlinu má innleiða rekstrarsparnað með litlum eða engum aukakostnaði.

Í rannsókninni kemur fram að:

- Lágmarks BREEAM einkunn (Pass) feli í sér lítinn eða engan aukakostnað,
- Hæsta einkunn feli í sér kostnað sem er að hámarki um 2% hærri en sá aukakostnaður skilar sér til baka á 2-5 árum í rekstrarkostnaði mannvirkja.

> Reykjavíkurborg
Borgartún 12-14
105, Reykjavík

20.05.2020

Tílefni

BREEAM umhverfisevntun

Endurnýjun verkefna

(e. *Refurbishment and fit-out*)

Höfundur

JB / johan@vso.is

Umhverfisevntun verkefnis

Vegna langlífis bygginga verða þær flestar í notkun næstu áratugin og það undirstrikar þörfina fyrir að vakta umhverfisáhrif þeirra og draga úr þeim. *BREEAM Refurbishment and Fit-out* umhverfisevntunin væri ákjósanlegur kostur fyrir verkefnið. Vottunin snýr að endurnýjun, endurbyggingu eða endurbótum á húsnæði. Verklag vottunarinnar gerir eigendum kleyft að umhverfisevnta verkefnið með því að leiða notendur, hönnuði og verktaka inn á umhverfisevntunni brautir og stuðlar að því að mannvirkni verði umhverfisevntun og hagkvæmari í rekstri. Verklagið veitir þáttakendum sveigjanlega möguleika til þess að mæla umhverfisevntunna frammistöðu byggingar og veitir samanburðarhæfni við aðrar byggingar með gæðavottunarstimpil frá þriðja aðila.

Vottunin gefur hærri einkunn fyrir byggingar þar sem gengið er lengra en reglugerðir kveða á um þegar kemur að árangri í umhverfismálum, þægindum og heilsufarslegum ávinningi notenda. Viðurkenndir aðilar með tilskilin réttindi í BREEAM vottunarkerfinu annast vottunarferlið og gera viðeigandi úttektir á hönnun og því hvort þær kröfur sem gerðar eru séu uppfylltar. Til þess að mæta þörfum eiganda er valið úr fjórum meginþáttum vottunar við endurnýjun á eldra húsnæði. Þeir eru í meginráttum byggingarefni og samsetning húsnæðis að utan og/eða innan, hita- orku- og tæknikerfi húsnæðis og innra- skipulag og hönnun.

Kostir *Refurbishment and fit out* umhverfisevntunar:

- Lækkar rekstrar- og lífsferilskostnað mannvirkis
- *Varðveitir* sagnfræðilega vermæta innanstokksmuni og byggingarhluta samtímis því sem verkefni er *nútímavætt*.
- Lágmarkar soun og notkun náttúrulegra auðlinda og stuðlar að kolefnishlutleysi verkefnis.
- Stuðlar að bættri heilsu og vellíðan notenda og eykur jafnóðum framleiðni starfsmanna.
- Stuðlar að bættri innivist, loftgæðum og sjónrænum þægindum.
- Minnkar gæðabil á eldra húsnæði í samanburði við nýbyggingar.
- Aukin sjálfbærnisleg og félagsleg ábyrgð.
- Minni áhætta er fólgin í verkefni.
- Stuðlar að eftirsóknarverðum og öruggum áfangastað.

Virðingarfyllt,

Jóhann B. Jóhannsson

Jóhann Björn Jóhannsson

VSÓ Ráðgjöf



Reykjavík 30.4.2020 glg/rg

Drög að fyrirkomulagi á samkeppni vegna umbóta á aðalsafni Borgarbókasafns í Grófinni.

Lagt er til að haldin verði lokuð samkeppni að undangengnu forvali í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, þar sem 4 til 6 teymi keppa um umbætur að Grófarhúsi, framtíðarstarfsemi, rými og umhverfi Grófarhúss sem framtíðarbókasafn Reykjavíkur.

Samkeppnin verður að undangengnu forvali sem Reykjavíkurborg heldur. Umsækjendur myndi teymi arkitekta, verkfræðinga, landslagsarkitekta og hönnuða í samstarfi við aðra fræði- og faghópa. Sérstaklega skal hugað að þverfaglegri nálgun og þekkingu á notendamiðaðri hönnun, upplifunarhönnun, gagnvirkri hönnun og þjónustuhönnun.

Auglýst verður eftir áhugasömum þátttakendum fyrir forvalið og mun þriggja manna forvalsnefnd fara yfir allar innsendar umsóknir og velja úr þeim um 10 teymi til viðræðna, að loknum viðræðum verða fjögur til sex teymi valin til að taka þátt í samkeppninni. Forvalsnefnd mun velja þátttakendur út frá reynslu þeirra og hæfni til að takast á við úrlausn viðfangsefnis samkeppninnar. Þar verður horft til fyrri verka, reynslu einstaklinga í teyminu, sem tilnefnt er, auk þess hvernig teymið er samsett með tilliti til þverfaglegrar þekkingar og bakgrunns. Greitt verður fyrir innsendar tillögur þeirra teyma sem valin verða til þátttöku í samkeppninni.

Í augýsingu um samkeppnina munu koma fram markmið verkefnisins og verður auglýst eftir áhugasömum þátttakendum (teymum) sem munu skila eftirfarandi gögnum:

- Ferilskrá verkefnisstjóra/aðalhönnuðar teymis.
- Lýsingu á fyrri verkum, ásamt myndum.
- Greinargerð um samsetningu teymis, með tilliti til þverfaglegrar þekkingar og bakgrunns meðlima. Ásamt ferliskrá þátttakenda.
- Greinargerð að hámarki 500 orð þar sem nánar er gerð grein fyrir umsókn.

Í forvalsnefnd munu sitja aðilar frá Umhverfis- og skipulagssviði og Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar ásamt ásamt utanaðkomandi fulltrúa.

Unnið verður með notendamiðaða hönnun allt ferlið og í upphafi mun Aat Vos verða með vinnustofu fyrir þau teymi sem halda áfram, þar sem unnið verður með þarfir borgarbúa og möguleika húsnæðisins í Grófarhúsi. Í kjölfar vinnustofanna verður gefin út keppnislýsing og teymin vinna að úrlausnum sínum undir nafnleynd. Þátttakendur munu skila inn hugmyndum eftir sérstöku sniðmáti þannig að allir skili inn á saman hátt. Leitast verður eftir því að fá hugmyndir frá notendum varðandi framtíð safnsins.

Aat Vos er arkitekt frá Hollandi og verður í ráðgefandi hlutverki við undirbúning og val á tillögum, en hann hefur bæði hannað og verið ráðgjafi í tugum nýrra bókasafna erlendis.

Í vinnustofunni mun Aat miðla af reynslu sinni við umbreytingu og hönnun á nútímabókasöfnum víðsvegar um heiminn. Vinnustofan með Aat er bland af samtali um það sem er að gerast í bókasafnsheiminum í dag. Þar verður einnig farið dýpra í verkefnið og notendahópar bókasafnsins skoðaðir. Mikilvægt er að til verði sameignlegur skilningur á verkefninu þannig að allir þátttakendur



geti metið, hver á sinn hátt, hvernig nýtt framtíðarbókasafn mæti á bestan hátt þörfum og óskum borgarbúa.

Í dómnefnd sitja fimm aðilar, en einnig hefur dómnefnd heimild að leita eftir áliti utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á.

Veitt eru ein verðlaun auk greiðslu fyrir þátttökuna og mun vinningshafi vinna þétt með verkefnahóp Reykjavíkur ásamt því að vinna með notendum við sérstakar útfærslur í húsnæði og við þjónustu. Þegar unnið er með notendamiðaða hönnun þarf að vinna með mikinn sveigjanleika í hönnunarfasanum, til að vinna með, skoða og/eða prófa með notendum upplifun áður en lokaniðurstöðu er náð.



MINNISBLAÐ

Minnisblað vegna óvissu um Ljósmyndasafn í Grófarhúsi

Starfshópur um umbætur á aðalsafni Borgarbókasafns í Grófinni vinnur nú úr fyrirbyggjandi skýrslum og samantektum um Grófarhús og vinna gögn fyrir nýtt aðalsafn Borgarbókasafnsins í Grófinni. Starfshópurinn skal rýna flæði milli hæða og bygginga með þarfir notenda í huga, skýra aðkomu borgara í hönnunarferlinu, láta gera heildarkostnaðarmat umbóta Grófarhúss og leggja til fyrirkomulag og umfang á hugmyndasamkeppni um Grófarhús.

Í húsinu eru nú þrjár stofnanir; Borgarbókasafnið á 1.,2. og 5. hæð, Borgarskjalasafn á 3., og 4.hæð og Ljósmyndasafn Reykjavíkur á 6. hæð með skrifstofur og sýningarrými.

Sameiginleg rými þessara þriggja stofnanna voru í upphafi sýningarsalur á 6. hæð sem Ljósmyndasafn nýtir eitt núna og Reykjavíkurtorg á 1.hæð sem Borgarbókasafn hefur að mestu notað, en þó hefur Borgarskjalasafn nýtt sér það rými undir sýningar.

Gert er ráð fyrir að Borgarskjalasafn fari úr húsinu en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað skuli verða um Ljósmyndasafn Reykjavíkur þegar og ef húsið og viðbygging við það fer að mestu leiti undir starfsemi Borgarbókasafnsins.

Þegar viðbygging var teiknuð á sínum tíma var gert ráð fyrir sýningarsal fyrir Ljósmyndasafn Reykjavíkur á fyrstu og hluta af annari hæð viðbyggingar. Skrifstofur Ljósmyndasafnsins voru áfram hugsaðar í húsinu. Sáú menn fyrir sér að salur væri hluti af heildarrými fyrstu hæðar og rynni saman við bókasafnið sem ein heild og rýmið samnýttist jafnvel báðum stofnunum til ýmissa nota, svo sem fundarhalda og ráðstefna.

Það hefur sýnt sig að það er ekki heppilegt að samnýta slíkt rými og reynslan varðandi sal á 6. hæð hússins, núverandi sýningarrými Ljósmyndasafnsins, og sameiginlegt rými allra stofnanna á 1. hæð sýna það glögglega. Borgarbókasafnið hefur þurft að þrengja að starfsemi sinni og gefa algerlega eftir fundarrými á 6. hæð vegna sýningar Ljósmyndasafnsins og Reykjavíkurtorg á 1.

hæð hefur verið tekið undir sýningar Borgarskjalasafn í allt að 3 mánuði í senn og þrengt mjög að starfsemi bókasafnsins á meðan.

Síðan viðbygging við Grófarhús var teiknuð og byggð, hafa hugmyndir um þjónustu Borgarbókasafnsins í miðborginni breyst töluvert og tillögur að sterku og lifandi miðborgarbókasafni með borgarþjónustu, alþjóðahúsi, rými fyrir alls kyns starfsemi og nýrri tækni komið fram.

Ljósmyndasafnið hefur einnig tekið upp gjaldtöku fyrir sýningu sína og greiða gestir nú fyrir að skoða hana, en gerðu ekki þegar áform um sýningarsal á fyrstu hæð voru sett fram fyrir um 7 árum síðan.

Það er álit okkar sem erum fyrir hönd Borgarbókasafnsins í starfshópnum að það samrýmist illa markmiðum og starfsemi almenningsbókasafns, að á fyrstu hæð þess sé sýning sem greiða þarf fyrir að skoða. Bókasöfn eru í eðli sínu almennarými þar sem fólk getur komið að vild án þess að ætlast sé til þess að það kosti neinu til. Það þarf því að eiga sér stað umræða um Ljósmyndasafnið, hvar það skuli staðsett í framtíðinni og hvernig sýningum þessu skuli háttað.

Þar eð vinna starfshópsins snýr að Borgarbókasafninu og hvernig það rúmast best í Grófarhúsi, og ekki liggur fyrir stefna um Ljósmyndasafnið, er gert ráð fyrir því í núverandi vinnu að Borgarbókasafnið geti notað stærstan hluta húsnæðisins. Niðurstöður starfshópsins byggja því á þörfum aðalsafns Borgarbókasafnsins, óháðu tilliti til Ljósmyndasafnsins.

Pálína Magnúsdóttir
borgarbókavörður

CONSULT ON RENEWAL PROCESS OF THE REYKJAVIK CITY LIBRARY AND CULTURE HOUSE

QUOTATION

REYK - V 1, 2020-04-27



**REYKJAVIK CITY LIBRARY AND CULTURE HOUSE
ATTN. MS. GUNNLAUGSDÓTTIR, SERVICE & DEVELOPMENT DEPARTMENT
TRYGGVAGÖTU 15
101 REYKJAVÍK
ICELAND**

REYK - v 1, 2020-04-27

QUOTATION

Dear Ms. Gunnlaugsdóttir,

Thank you for your request to prepare a quote for participating in a jury and a selection process, hereinafter "the project". It is our pleasure to meet your requirement, and we are happy to share our ideas with you. A brief situation sketch of the project as we currently oversee it.

Situation

The project Consult on Renewal Process of the Reykjavik City Library and Culture House is located in Reykjavik, a place with around 125.000 inhabitants. Some specific characteristics. The City of Reykjavik currently plans a selection process for the design of an extensive upgrade, renovation and/or possible extension of the Reykjavik City Library and Culture House. This process consists of three parts. In part A, a selection process is being anticipated through a design brief. Thereafter, through a closed process potentially interested parties will be invited to join. After a selection, 4 to 6 parties will prepare a competition entry - part B. To prepare for these entries, a series of workshops will be held with the preselected design teams. At the end of this phase, a final selection of the winning team will take place. Part C is the actual design process.


Target

The goal of the project is the development of a masterplan to further concretize the project. In addition: This quote addresses part A and B. In part A, we will assist the preparation of the design brief. In part B, we will give a series of workshops. Part C is currently not quoted for. The way we process this and the deliverables that you may expect from us are described on the following pages.

Please take your time to read our quotation. We have worked on it with great pleasure and we trust to offer an interesting way-of-working. We are, of course, prepared to explain this quotation in more detail, for which we would be happy to make an appointment.

Kind Regards,

Aat Vos



Total number of attachments: 16

CONTENTS

An overview of all the pages of this document.

Approach	3
Scope of the assignment, demarcation	4
Step 1 - Consultancy	5
Step 2 - Workshops	6
Step 3 - Consultancy	7
Step 4 - Consultancy	8
Step 5 - Consultancy	9
Process	10
Planning	11
Financial paragraph, Specification of hours	12
Description of activity type and tasks	13
Deliverables, meetings and documents	14
Specifications	15
About us	16
Terms and conditions	17

APPROACH

Based on your situation and the target you aim for, we suggest the following approach.

Part A, design brief and preselection

In this part, we assist the City of Reykjavik in their preparations for the design brief. This brief will consist of the design conditions for the upgrade, renovation and/or possible extension of the Reykjavik City Library and Culture House. As the City will prepare all technical specifications, our contribution will be additional to this document.

Our main focus in this process will be the implementation within this document of user generated content (part of the documents 'Grofarhus_stefnukort.pdf'; 'Thinktank.pdf' and 'Way_forward.pdf' - all by the Reykjavik City Library) and practical 'how-to's' of the transition of the current library into a Third Place for All (based upon research and experience with similar projects throughout Europe).

Therefore our contribution will consist of a review of a) technical specs and b) financial context / cost estimates within the document, and c) additions based upon the focus mentioned above. In addition to this, we will provide a practical overview of the spatial conditions for the renewed Reykjavik City Library and Culture House through our RPM (Relative Positioning Map) method, which will deliver spatial conditions for the new situation on 25 different spatial aspects.

All will become part of the design brief that will be used to encourage potentially interested parties to join a pre-competition through a closed invitation. Teams will be invited to answer the question 'Why should your team be a good match for the future library'. Based upon these answers, 4 to 6 teams will be selected to further develop and design their competition entry. We will assist the City of Reykjavik in this selection process.

Part B, preparing competition entries

In this part, 4 to 6 design teams will prepare their competition entries for the upgrade, renovation and/or possible extension of the Reykjavik City Library and Culture House. Of course, the design brief will be the main foundation of their thinking. In order to focus them around the project even more, a Design Principles + Q&A Workshop will be offered to each individual team. This workshop will be held in Iceland.

At the end of this phase, the parties will present their proposals in Iceland. Based upon these presentations and extensive reviews by both public and professionals, the final selection of the winner of the competition will be made. We will assist the City of Reykjavik in this selection process.

Part C, guidance during design phase

In this optional part, we can consult the winning team during the design phase to ensure the optimal implementation of the ideas of the design brief. This part is yet not described and is an optional extension of our contribution.

On the next pages we will specify our contribution to the A and B parts and the cost involved. Please note all is open to discussion - we are looking for ways to support your process in the most effective way.

SCOPE OF THE ASSIGNMENT, DEMARCATION

About the demarcation of our work and the context of the assignment.

Every building consists of six layers: the Shearing layers as coined by American architect Frank Duffy, which was later elaborated by Stewart Brand in his book How Buildings Learn: What Happens After They're Built (Brand, 1994). Duffy's fundamental insight is that there is no such thing as "a building", but that there are different layers working together. We use this division to organize our work and to define our role in the assignment.

What are the six Shearing Layers?

I - Site - This is the geographical setting, the urban location, and the legally defined lot. - II - Structure - The foundation and load-bearing elements. Structural life ranges from 30 to 300 years. - III - Skin - Exterior surfaces as floors, facade, and roof. They change every 20 to 40 years to keep up with fashion or technology, or for wholesale repair. - IV - Services - These are the working guts of a building: electrical wiring, climate installations, fire safety and moving parts. They wear out or obsolesce every 7 to 15 years. - V - Space Plan - The Interior layout with walls, ceilings, floors, and doors and their finishings. They change every 3 to 30 years. Public services change every 10 to 15 years. - VI - Stuff - Furniture, specials, kitchen appliances, lamps: all the things that twitch around fast.

What do we do? And what is the context of the work as described on the next pages?

The table below shows an overview of the aspects that are not applicable or will be provided by third parties (1, dot), and the matters about which we advise with regards to the design (2, gray), that we design in the context of this assignment (3, yellow), and about which we conduct art direction (4, dark gray). Disclaimer: all engineering of the matters we advise on and of the matters we design is carried out by third parties.

I - SITE		1	2	3	4
Landscape	Third Parties, n/a	●			
Outdoor space	Spatial consultancy				
II - STRUCTURE					
Constructions	Third Parties, n/a	●			
Recesses	Spatial consultancy				
Demolition	Spatial consultancy				
III - SKIN					
Floors	Spatial consultancy				
Facade	Spatial consultancy				
Facade openings	Spatial consultancy				
Roof	Spatial consultancy				
IV - SERVICES					
Electro and Data	Spatial consultancy				
Lighting	Spatial consultancy				
Sanitary	Spatial consultancy				
Climate	Spatial consultancy				
V - SPACE PLAN		1	2	3	4
Light separation walls	Spatial consultancy				
Traffic areas	Spatial consultancy				
Fire Safety	Spatial consultancy				
Universal Access	Spatial consultancy				
Floor finishings	Spatial consultancy				
Wall finishings	Spatial consultancy				
Ceiling finishings	Spatial consultancy				
Acoustics	Spatial consultancy				
VI - STUFF					
Interior	Spatial consultancy				
Special Furnishings	Third Parties, n/a	●			
Contract Furniture	Third Parties, n/a	●			
Props and decorations	Third Parties, n/a	●			
Wayfinding and signing	Third Parties, n/a	●			
Media	Third Parties, n/a	●			
Art	Third Parties, n/a	●			
Experiences	Third Parties, n/a	●			
Color and Material	Third Parties, n/a	●			

STEP 1 - CONSULTANCY

Below is a description of the work we can carry out for you.

1. Design Brief Consultancy

Why?

In this part, we assist the City of Reykjavik in their preparations for the design brief. This brief will consist of the design conditions for the upgrade, renovation and/or possible extension of the Reykjavik City Library and Culture House. As the City will prepare all technical specifications, our contribution will be additional to this document.

We will review the proposed text of design brief and its budget estimates as they are being prepared by the City of Reykjavik. We will also add spatial conditions to this brief through our RPM (see next pages).

What are the deliverables?

Our main focus in this process will be the implementation within this document of user generated content (part of the documents 'Grofarhus_stefnukort.pdf'; 'Thinktank.pdf' and 'Way_forward.pdf' - all by the Reykjavik City Library) and practical 'how-to's' of the transition of the current library into a Third Place for All (based upon research and experience with similar projects throughout Europe).

Therefore our contribution will consist of a review of a) technical specs and b) financial context / cost estimates within the document, and c) additions based upon the focus mentioned above. In addition to this, we will provide a practical overview of the spatial conditions for the renewed Reykjavik City Library and Culture House through our RPM (Relative Positioning Map, see next page) method.

Our input will become part of the design brief that will be used to encourage potentially interested parties to join a pre-competition through a closed invitation. The final design brief will be conducted by the City of Reykjavik. Our input with regards to 'a', 'b' and 'c' will become part of the brief. The RPM will be a separate document.

This process we can conduct remote.

STEP 2 - WORKSHOPS

Below is a description of the work we can carry out for you.

2. RPM - Relative Positioning Map

Why?

How to develop new and unexpected insights into your future Place in an easily accessible way? How to improve your existing Place step by step? How to use the results of the user investigation process in a very targeted way to define the spatial properties of your new Place? With the RPM - Relative Positioning Map discovering the many characteristics of your new Place becomes easy. The RPM can be added to a Workshop Week or a Masterplan.

What are the deliverables?

The RPM is an analysis of the relative positioning of the new situation compared to the current situation. This interactive method has been developed to discover together with the client the spatial properties of the future situation and to offer relevant references.

The RPM process proceeds in a number of steps. In the first step, the existing situation is defined and taken as a starting point, and valued on 25 aspects. These aspects are divided into five groups (based on the needs pyramid of Maslow) and focus on the spatial aspects that coincide with the needs defined by Maslow. These are derived from the research of, among others, Whyte, Underhill, Alfonso & Skorupka, Freytag, Hertzberger and Pine & Gilmore.

During the second step, min. 4, max. 10 references relevant to the project are determined together with the client. These references are valued relative to the existing situation in all 25 aspects. This process is discussed with the client during a workshop.

The third step consists of a workshop in which the 'ideal future situation' of the Place is determined. Preferably based on the results of the user survey (card games, street interviews, focus groups, online surveys, etc.). The positioning of this new situation takes place in relation to the existing situation, based on the 25 aspects mentioned above.

The fourth step consists of making a comparison of the 'ideal future situation' with the references, whereby matches are sought between the two. These provide extremely specific references that can serve as an example and source of information for the future development of the Site.

The RPM provides clear insights into the future situation of the Site, frames references, speeds up and concretizes the future spatial design process, and creates conditions for evaluating proposals. The RPM can be applied on an urban, architectural and interior architecture scale. The results are presented as a PDF. The RPM is preferably used as part of a design workshop or with a Masterplan.

STEP 3 - CONSULTANCY

Below is a description of the work we can carry out for you.

3. Design Teams Preselection Process

Why?

The City of Reykjavik prepares a closed invitation to design teams for the upgrade, renovation and/or possible extension of the Reykjavik City Library and Culture House. Based upon the design brief various teams will be invited to answer the question 'Why should your team be a good match for the future library'. Their answer to this question is the basis for a preselection process. This process will at the end select 4 to 6 design teams that will make a competition entry.

What are the deliverables?

The preselection process consists of three steps.

First, answers (length max 4 pcs. A4) of the invited teams are distributed among the selection committee digitally prior to a presentation, providing the opportunity for the selection committee to review, formulate questions, etc.

Second, each invited team gives a live 60 minutes presentation of the suggested approach in Reykjavik at the selection committee.

Third, the selection committee reviews both documents and live presentations during a live session and selects 4 to 6 design teams. These 4 to 6 design teams will be invited to join the next phase, part B.

The selection committee is put together by the City of Reykjavik and the Reykjavik City Library and Culture House. It will consist of representatives of users (the people of Iceland), owners (the City of Reykjavik), staff (Reykjavik City Library and Culture House) and consultants. We can be part of this committee.

This process we can conduct remote (step 1) and on-site (step 2 and 3).

STEP 4 - CONSULTANCY

Below is a description of the work we can carry out for you.

4. Design Principles and Q&A Workshop

Why?

In the second part of the process, 4 to 6 design teams will prepare their competition entries for the upgrade, renovation and/or possible extension of the Reykjavik City Library and Culture House. Of course, the design brief will be the main foundation of their thinking. In order to focus them around the project even more, a Design Principles + Q&A Workshop will be offered to each individual team. This workshop will be held in Iceland.

What are the deliverables?

This workshop is offered to each of the 4 to 6 preselected design teams individually to ensure an open discussion. To also ensure a level playing field, all questions addressed during this workshop are noted and answers will be distributed among all the 4 to 6 participating teams.

The program of the workshops will be as follows.

- 1 Opening and brief introduction (you) (10 min)
- 2 History of the Reykjavik City Library in brief (you) (10 min)
- 3 Importance of literature to Iceland (you) (10 min)
- 4 Theory, importance and examples of a third place for all (us) (60 min)
- 5 Ideas behind the design brief: user input (you) (30 min)
- 6 Explanation of the RPM (us) (60 min)
- 7 Introduction of and tour through the current situation (all) (90 min)
- 8 Discussion addressing main issues (Q's - us, answers - all) (120 min)
- 9 Questions and answers (all) (60 min)

The workshops lasts approximately 8 hours. We will prep the entire workshop. A handout will be provided to each team. After all workshops with all the teams have taken place, a recap and Q&A overview will be sent to all.

This process we can conduct on-site.

STEP 5 - CONSULTANCY

Below is a description of the work we can carry out for you.

5. Design Teams Final Selection Process

Why?

At the end of this second phase, the parties will present their proposals in Iceland. Based upon these presentations and extensive reviews by both public and professionals, the final selection of the winner of the competition will be made. We will assist the City of Reykjavik in this selection process.

What are the deliverables?

The final selection process consists of five steps.

First, designs (amount of documents to be determined) of the preselected teams are distributed among the selection committee digitally prior to a presentation, providing the opportunity for the selection committee to review, formulate questions, etc. Also, designs are displayed and exhibited at the City Library and Culture House. The selection committee has access prior to the live presentation.

Second, each preselected team gives a live 60 minutes presentation of the suggested approach in Reykjavik at the selection committee.

Third, the selection committee reviews all entries and live presentations during a live session and judges all entries on different aspects, such as (among others) - a) urban embedding; b) structural impact and likability of suggested solutions; c) architectural composition and spatial integrity; d) interior identity; e) design for programmability; f) social capacity; g) ability of the public to take ownership; h) way the entry meets design brief; i) originality and cultural importance. The judgement is kept secret for 4 weeks.

Fourth, during a 4 week period the public is invited to also review all entries and leave their comments at the exhibition. The public is asked to review on some of the issues mentioned at step 3.

Fifth, the winner is announced during an event in Iceland where the findings of the public are combined with the judgement of the jury. Each of the valuations weighs 50%.

The selection committee is put together by the City of Reykjavik and the Reykjavik City Library and Culture House. It will consist of representatives of users (the people of Iceland), owners (the City of Reykjavik), staff (Reykjavik City Library and Culture House) and consultants. We can be part of this committee.

This process we can conduct remote (step 1) and on-site (step 1, 2, 3 and 5).

PLANNING

Information about the scheduling of the process.

PLANNING START DATE: 01-06-2020 NUMBER OF WEEKS PER COLUMN: 2 FIRST DAY OF THE PLANNING WEEK: MONDAY	WEEK	23	25	27	29	31	33	35	37	39	41	43	45	47	49	51	53	
	MONTH	JUN	JUNE	JUNE	JULY	JULY	AUG	AUG	SEPT	SEPT	OCT	OCT	NOV	NOV	NOV	DEC	DEC	
	QUARTER	Q2 2020	Q2 2020	Q2 2020	Q3 2020	Q3 2020	Q3 2020	Q3 2020	Q3 2020	Q3 2020	Q3 2020	Q4 2020	Q4 2020	Q4 2020	Q4 2020	Q4 2020	Q4 2020	Q4 2020
	VACATION																	
DESCRIPTION	Period	Scheduled process (shown in yellow below)																
Design Brief Consultancy.	23 → 25	■	■															
CONS General Consult	24 → 25		■															
SRCH Prepping	23 → 23	■																
RPM - Relative Positioning Map.	24 → 26		■															
RPM Relative Positioning Map	25 → 26		■															
PROD Prepping	24 → 25		■															
Design Teams Preselection Process.	28 → 29				■													
ARTD General	29 → 29				■													
PREP Review	28 → 28																	
Design Principles and Q&A Workshop.	34 → 37							■	■									
LECT Custom	36 → 37								■	■								
LECT Prepping	34 → 35							■	■									
LECT Review	37 → 38								■	■								
Design Teams Final Selection Process.	45 → 50												■	■	■			
ARTD General	46 → 47													■	■			
PREP Review	44 → 45												■					

In the table above, we have scheduled the work over time, and we have also broken down the internal processes that we distinguish. The table below shows the activities scheduled in detail as far as possible. Dates and times are indicative, and only final after your approval.

DAY NR	DAY 1	DAY 2	DAY 3	DAY 4	DAY 5	WEEKDAY 1	WEEKDAY 2	WEEKDAY 3	WEEKDAY 4	WEEKDAY 5
WEEK										
DATE							1	2	3	4
WEEKDAY										
Time Slot	Individual activities					Interrelated activities				

SPECIFICATIONS

Please take a moment to check or supplement the following specifications..

CLIENT ORGANIZATION	
ORGANIZATION NAME	Reykjavik City Library and Culture House
DEPARTMENT	Service & Development Department
ADDRESS	Tryggvagötu 15
ZIP + CITY	101 Reykjavik
COUNTRY	Iceland
INTERNET	www.borgarbokasafn.is
CONTACT	Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir
CONTACT E-MAIL	guðrun.lilja.gunnlaugsdottir@reykjavik.is
CONTACT PHONE	+354 698 2466

INVOICE DETAILS	
ORGANIZATION NAME	Reykjavik City Library and Culture House
DEPARTMENT	Service & Development Department
ADDRESS	Tryggvagötu 15
ZIP + CITY	101 Reykjavik
COUNTRY	Iceland
WWW	www.borgarbokasafn.is
VAT NUMBER	
ORGANIZATION NUMBER	
P.O. NUMBER	
REFERENCE NUMBER	
INVOICE E-MAIL	guðrun.lilja.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

ABOUT US

At aatvos, we believe in an inclusive society.

That is why we work with an enthusiastic and inspired team to develop places where people feel welcome. Our territory is the public space. Our ambition is to create spaces which are open and offer a place for everyone. Places that don't exclude anyone. Public buildings like municipal buildings, schools, hospitals, universities, and libraries, are our clients. We make these slowly institutionalized places accessible again and part of the local community. Because, isn't that what Public should stand for?

Our team has a background in architecture, marketing, communication, and sales. We work in a multidisciplinary way and actively enrich ourselves with knowledge from related fields. To grow and improve our work, we embed theories and insights from sociology, psychology, marketing, communication, economics, social geography.

We implement ideas of Ken Robinson (Creative Schools), William H. Whyte (The Social Life of Small Urban Spaces), Paco Underhill (Why We Buy), Joe Pine & James Gilmore (The Experience Economy), Skorpka & Alfonso (Hierarchy of Needs in Public Space), Ruud Boer (Brand Design Model), Simon Sinek (The Golden Circle), Howard Gardner (Frames of Mind), Eric Klinenberg (Palaces for the People) and of course Ray Oldenburg, the godfather of the Third Place (The Great Good Place). Our compass is the German philosopher Jürgen Habermas (Der Strukturwandel der Öffentlichkeit), who already formulated the role and necessity of public space for a healthy society in 1962.

We believe that public services (time well saved) should transform into a public experience to become time well spent, so we do not really design just space, we design the time that people stay within this space (free to Jon Jerde, American architect and Joe Pine, American economist and author of The Experience Economy).

You think we are lost in theory? On the contrary! Above all, we are extremely practical because we apply what we learn. We work in an informal manner and approach our clients with open eyes and pointed ears. Because we want to learn from the local situation. In our opinion a truly public space can only work if it meets the local need and identity. This 'local identity' is always unique.

To discover the local identity, we are actually present and work on location with our clients and stakeholders. That is why we do not have a physical office. All our team members work (when we are not on the road) from their own home and are connected through online tools. We have daily zoom calls and manage our tasks, processes and internal communication via Scorio. Because we work strongly in structured processes and formats, we have more time for the content of our work.

Our work consists of four pillars: inspiration (we give lectures and training), research (we do user surveys), design (we give design workshops) and guidance (we monitor the processes, concepts and designs during implementation). We work in three language areas (Dutch, English and German) and are involved in public space projects in the Netherlands, Germany, Belgium, Iceland, Norway, Palestine and Australia, among others.

In 2017 we published our book "3RD4ALL - How to Create a Relevant Public Space" which was published by NAI010 Publishers in Rotterdam. This inspirational book is an illustration of the path our team is taking and is a collection of ideas, insights and examples of inclusive places that each make their local society a little more inclusive.

TERMS AND CONDITIONS

This is a non binding offer, valid for 1 month.


1. We work within the terms and conditions of the Dutch DNR 2011, revised 2013, including a professional international liability insurance. Please check the DNR 2013 [here](#). Under certain conditions it is possible to deviate from these terms; this may result in price increases.
2. All prices in EUR excluding VAT.
3. All prices include travel expenses.
4. Payment term in calendar days after invoice date: 14.
5. If no client VAT Number is provided we are obligated to add 21% Dutch VAT to our bills. To avoid this inconvenience, please provide us with your VAT number prior to the start of our work.
6. Invoicing lectures and events: 50% upon assignment, 50% immediately after the event. Invoicing of workshops: 25% upon assignment, 75% immediately after the workshop. Invoicing for other activities: 25% upon assignment, the rest to follow the activities. If you cancel within 1 month before the start of the event or workshop, we will charge 50% of the costs. If you cancel within 14 days before the start of the event or workshop, we will charge 100% of the costs.
7. Our work will start after your written order confirmation.
8. The maximum number of versions of each document is: 2. Alterations to job descriptions will have to be mutually agreed upon in written. We only bill additional work after your written approval.
9. Our work is protected through Dutch and European intellectual property rights. Unlike the DNR 2011, that states that IP rights exclusively belong to the author, we share non exclusive usage rights with you after all invoices have been paid. In practice, this means you can treat our work as you wish, for this project only. Reselling or reuse of our IP rights only after our written approval.
10. We are used to publishing our work online and offline on a regular basis. If you have any objections to this, we would like to know before so the start of our work. We are happy to initiate and coordinate media attention and publicity together with you.
11. We will treat any information that you provide to us as confidential. Because this offer has been specially prepared for you, we expect that this offer will not be transferred to third parties or used for other purposes without our permission. This also applies to parts of this offer.

QUOTATION - REYK - V 1, 2020-04-27

aatvos BV
Eekhoornstraat 9
9497 TA Donderen
The Netherlands
welcome@aatvos.com
aatvos.com
+316 1548 1797

Chamber of Commerce NL 73384453
VAT NL 8595.02.284.B01
IBAN NL59 INGB 0009 182 239
SBA Dutch Architects Register 1.990701.001

Flugráð fyrir Grófarhús
 - hús orðsins
 Greinargerð



Efnisyfirlit

1	Lýsing verkefnis	3
1.1	Bókun borgarráðs og greinargerð með bókun	3
1.2	Markmið og tilgangur verkefnisins.....	3
1.3	Þátttakendur í flugráði	4
2	Framkvæmd flugráðs	5
2.1	Forsendur vinnunnar	5
2.2	Framsetning, umgjörð og innblástur	6
3	Framlag flugráðs	7
3.1	Lotur	7
3.2	Lykilorð og setningar úr lotum:.....	11
4	Leiðin til framtíðar	12
4.1	Framtíðarhús, hús orðsins.....	13
4.2	Tækifæri í núverandi húsnæði.....	13
4.3	Tækifæri í nýsköpun í þjónustu fyrir borgarbúa.	14
4.4	Borgarbókasafnið 100 ára.....	15

1 Lýsing verkefnis

1.1 Bókun borgarráðs og greinargerð með bókun

Á fundi sínum þann 12. apríl 2018 samþykkti borgarráð eftirfarandi tillögu Dags B. Eggertssonar borgarstjóra um að setja á laggirnar flugráð til að útfæra hugmyndir um nýja framtíðarsýn fyrir starfsemi og umhverfi Grófarhúss.

Tillaga um hugarflug vegna útfærslu á Grófarhúsi

Lagt er til að stofnað verði tímabundið flugráð sem falið verði að fara í hugarflug vegna útfærslu á Grófarhúsi, menningarhúsi. Unnið er að stækkun Grófarhúss sem verði Hús orðsins og nái utan um samtal, lýðræði, orðlist og bækur og allra handa lifandi upplýsingamiðlun. Í þeirri vinnu verði einnig litið til svæðisins í kring og hvernig það geti stutt við starfsemi hússins, til dæmis með ævintýrasvæði fyrir börn og leikvelli, ásamt þjónustu við alla aldurshópa. Í þessum tilgangi verði sett á fót flugráð með breiðum hópi fólks á ólíkum aldri, svo sem fulltrúum barna og unglinga, rithöfundum, kennurum, innflytjenda og fleirum, ásamt fulltrúum umhverfis- og skipulagssviðs, borgarbókaverði og öðrum fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs. Umsjón verkefnisins og utanumhald verði í höndum umhverfis- og skipulagssviðs sem og menningar- og ferðamálasviðs. Tillaga verði lögð fyrir borgarráð eigi síðar en 15. maí 2018. Henni fylgi drög að verk- og kostnaðaráætlun.

Greinargerð:

Húsið að Tryggvagötu 15, eða Grófarhúsið eins og það er kallað, var byggt í tveimur áföngum árið 1930 og hefur þjónað ýmsu hlutverki í gegnum árin. Nú eru í húsinu starfrækt þrjú af söfnum Reykjavíkurborgar, Borgarbókasafnið, Ljósmyndasafnið sem er hluti af Borgarsögusafni og Borgarskjallasafnið. Verið er meta tillögur að endurbættu útliti Grófarhússins og að reisa viðbyggingu vestan við Grófarhús. Ljóst er að þær breytingar sem nú eru í undirbúningi á húsnæðinu skapa tækifæri til að hugsa starfsemi þess sem eina heild. Markmiðið er að húsið verði enn fjölsóttara menningarhús á fjölförnum stað í miðborginni og að útivistarsvæði í kring myndi jafnvel teygja sig yfir á Miðbakkann, og til Hafnarhússins, Listasafns Reykjavíkur, sem er í næsta nágrenni. Útfæra þarf starfsemi hússins nánar svo hægt verði að halda áfram endurskipulagningu húsnæðisins í heild og ljúka viðbyggingu þess. Mikilvægt er að hönnun og útlit taki mið af starfsemi hússins. Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði og menningar- og ferðamálasviði verði falið að gera tillögur að fulltrúum í flugráð og að sú tillaga verði lögð fyrir borgarráð.

Samþykkt með 6 atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna, Pírata og Sjálfstæðisflokks.
Kjartan Magnússon, borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, situr hjá við afgreiðslu málsins.

1.2 Markmið og tilgangur verkefnisins

Borgarbókasafnið vinnur eftir notendamiðaðri hönnun og innblástur til vinnunnar við flugráðið var m.a. sóttur í þjónustustefnu safnsins 2017-2020 sem samþykkt var síðla árs 2016 og í vinnustofur notenda, vefumræðuborð, gestakannanir o.fl. sem unnar hafa verið undanfarnar vikur og mánuði. Markmiðið með flugráðinu var að til verði hugmyndir og leiðir að framtíðarsýn fyrir hús orðsins í Grófinni og nærumhverfi þess.

Vinnulag í flugráði var skapandi ferli þar sem útkoman er óljós.

1.3 Þátttakendur í flugráði

Við val á þátttakendum í flugráðið var höfð í huga bókun borgarráðs um að fá sem fjölbreyttastan hóp með þverfaglega þekkingu til að taka þátt í verkefninu. Afar stuttur tími var til þess að ná góðum hóp saman einn og sama daginn og því var ákveðið að hafa flugráðið í tvo daga og skipta því niður í fjórar lotur. Þannig var hægt að raða saman einstaklingum með ólíka hæfni til að fá sem mest út úr hugarfluginu.

Haft var samband við fjölda einstaklinga og tókst að ná saman öflugum þverfaglegum hópum í lotuvinnuna; arkitektum, hönnuðum, kennurum, framtíðarrýni, heimspekingi, rithöfundum, skáldi, innflytjendum, unglíngum og aðgengisrýni. Að auki komu að flugráðinu aðilar frá menningar- og ferðamálasviði og umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Þátttakendur í flugráði þann 8. og 9. maí.

Andri Geirsson, upplifunarhönnuður og kaospilot, Snjallborgin

Ásta Olga Magnúsdóttir, verkefnastjóri

Barbara Guðnadóttir, deildarstjóri, Borgarbókasafni

Dröfn Vilhjálmsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, Seljaskóla

Jón Helgi Hólmgeirsson, hönnuður, Genki instruments

Hrund Gunnsteinsdóttir, þróunarfræðingur og frumkvöðull

Lilja Kristín Ólafsdóttir, landslagsarkitekt

Massimo Santanicchia, arkitekt og fagstjóri arkitektúrs við Listaháskóla Íslands

Nils Viberg, gagnvirkur hönnuður og heimspekingur, Gagarín

Tatjana Latinović, starfsmaður Össurar og fulltrúi W.O.M.E.N. in Iceland

Ævar Þór Benediktsson, rithöfundur

Ríkarður Már Ellertsson, nemi við Listaháskóla Íslands

Fríða Ísberg, skáld

Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar hjá MOF og SFS

Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður

Kristín Viðarsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO

Þórhildur Guðrún Egilsdóttir, verkefnastjóri velferðartæknismiðju

Eir Ólafsdóttir, bókaráð Hagaskóla

Auðveldarar:

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir - leiðir flugráð

Ásta Þöll Gylfadóttir - grípur umræðu flugráðs

Edda Ívarsdóttir - grípur umræðu flugráðs

Elín Elísabet Einarsdóttir - hugmyndateiknari flugráðs

Inga María Leifsdóttir - flugráðsritari

Staðsetning: Borgabókasafnið Grófinni, Reykjavíkurtorg, Tryggvagötu 15

Dagskrá: 8. maí

9.00-12.00 Hugarflug, umræður og endurgjöf

Barbara, Harpa Rut, Kristín, Massimo, Nils, Pálína og Ríkarður

12.00-13:00 Hádegishlé

13.00-16:00 Hugarflug, umræður og endurgjöf

Dröfn, Harpa Rut, Hrund, Jón Helgi, Nils, Ríkarður, Tatjana og Þórhildur

Dagskrá: 9. maí

9.00-12:00 Hugarflug, umræður og endurgjöf

Andri, Ásta Olga, Fríða, Hrund, Lilja Kristín, Massimo, Ríkarður og Ævar

12.00-13:00 Hádegishlé

13.00-16:00 Hugarflug, umræður og samantekt

Andri, Fríða, Hrund, Kristín, Lilja Kristín, Nils, Pálína, Ríkarður og Ævar

2 Framkvæmd flugráðs

Undirbúningur flugráðs hófst þann 14. apríl þegar Arna Schram, Pálína Magnúsdóttir og Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir komu saman og réðu ráðum sínum. Ljóst var í upphafi að afar skammur tími var til stefnu og var því ákveðið að leita ekki til utanaðkomandi aðila til að leiða verkefnið heldur vinna það með því hæfa starfsfólki sem starfar á sviðunum.

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir deildarstjóri þjónustu- og þróunar hjá Borgarbókasafninu sá um verkefnastjórn og skipulag flugráðs ásamt því að leiða umræðurnar og draga saman niðurstöður. Í undirbúningsteymi voru Ásta Þöll Gylfadóttir, verkefnastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Borgarbókasafninu, Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri hjá umhverfis og skipulagssviði, og Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður, ásamt innleggi frá fleiri starfsmönnum Borgarbókasafnsins.

2.1 Forsendur vinnunnar

Samkvæmt þjónustustefnu Borgarbókasafnsins 2017-2020 er unnið eftir notendamiðaðri aðferðafræði og því var mikilvægt að fá inn í verkefnið rýnihópa um starfsemi og framtíð safnsins í Grófinni.

Síðustu misseri hefur safnið unnið mikið með skoðanakannanir og rýnihópa notenda og starfsfólks Borgarbókasafnsins. enda er það hluti af þjónustustefnu safnsins að ráðast í slíka vinnu. Á síðasta misseri var einnig haldin vinnustofa um framtíðarbókasafnið með krökkum á aldrinum 9-13 ára. Fyrir vinnuna í flugráðinu var ráðist í markhópakönnun með vefumræðuborði sem fyrirtækið Maskína framkvæmdi fyrir safnið og þar var lögð áhersla á að ná til tveggja markhópa, annars vegar barnafjölskyldna og hins vegar ungs fólks á aldrinum 16-25 ára.

Vefumræðuborð Maskínu stóð yfir dagana 27. apríl til 3. maí 2018. Um 75 manns tóku þátt og stóðu umræður yfir í 3 daga fyrir hvorn hóp. Helmingur úrtaksins voru notendur bókasafnsins en hinn helmingurinn ekki.



Samantekt úr undangenginni vinnu ásamt Þjónustustefnu Borgarbókasafnsins 2017-2020 var dregin saman fyrir þátttakendur í flugráðinu sem innblástur fyrir loturnar. Samantektin innhélt lykilsurningar um þarfir notenda og væntingar starfsfólks, ásamt innsýn í hvernig bókasöfn eru að þróast heiminum í dag, bæði hvað varðar hönnun og hjartsláttinn í söfnunum.

Gert var ráð fyrir að hver þátttakandi þyrfti ekki að verja meira en einni til tveimur klukkustundum í undirbúning. Einnig var settur fram í flugráðinu sjálfu myndrænn veggur með punktum frá notendum og starfsfólki.

Markmiðið var að þátttakendur kæmu með sína sérþekkingu og gætu með henni og samtalinu í lotunum byggt ofan á þá miklu rannsóknarvinnu sem þegar hefur átt sér stað í Borgarbókasafninu. Þannig yrði til dýrmætt innlegg í umræðuna um bæði framtíð Grófarhúss og ekki síður þróun framtíðarbókasafns Reykjavíkur á næstu árum.

2.2 Framsetning, umgjörð og innblástur

Flugráðið sjálft var haldið á Reykjavíkurtorgi Borgarbókasafnsins í Grófarhúsi. Lagt var upp með að gera svæðið hugmyndahvetjandi og flæði vinnunar sýnilegt. Hannaðir voru stórir flekar úr *re-board* efni sem mynduðu umgjörð vinnunnar. Teiknari var fenginn til að gera rannsóknarvinnuna sýnilega að hluta og teikna á flekana punkta úr niðurstöðum notendakannanna og markhópagreininga til að hjálpa þeim sem tóku þátt í flugráðinu að fanga væntingar notenda og stöðuna í dag.

Í umræðunum var áhersla lögð á fjóra áhrifaþætti: Húsnæði, umhverfi, starfsemi og tækni.

Markmiðið var að þátttakendur upplifðu að þeir stigu inn í skapandi vettvang sem byði upp á uppbyggilegt samtal og sýnilega framvindu. Í miðju rýmisins var svo borð með korti af umhverfi Grófarhúss. Öll umgjörð var hugsuð þannig að hún hvetti til þátttöku og auðveldaði sýnileika vinnunnar.

Á torginu var þátttakendum aðgengilegt safn bóka og greina sem sneru að viðfangsefninu, auk efnis úr fyrri rannsóknarvinnu sem ítarefni fyrir umræðurnar.



3 Framlag flugráðs

3.1 Lotur

Vinnu flugráðs 8. og 9. maí var skipt upp í fjórar, þriggja klukkustunda lotur, tvær hvorn dag. Vinnuflæði flugráðsins var skipulagt sem fjögurra þrepa „think tank“ ásamt opinni umræðu, þar sem innblástur kæmi frá rýnihópum. Allir þátttakendur fengu leiðsögn um húsið og innsýn í notendakannanir við upphaf hvernar lotu. Valið var í hópana eftir því hvenær fólk hafði lausan tíma en einnig eftir stefnu umræðanna sem var skipt á milli lota. Farið var hringinn í umræðu um fjóra meginþætti; starfsemi, húsnæði, umhverfi og tækni í öllum lotum en út frá mismunandi sjónarhornum.

Hér á eftir verður tæpt á umræðunum í hverri lotu og þær svo dregnar saman í lykilorð og lykilstetningar. Mikið magn upplýsinga kom úr umræðum flugráðs og næstu skref eru að skipuleggja vinnuna við að greina þær upplýsingar nánar. Þarfagreining fyrir Borgarbókasafnið í Grófinni er langt á veg komin og unnið verður með niðurstöður úr þessu flugráði inn í mismunandi sviðsmyndir sem verið er að teikna upp fyrir húsið.

Fyrsta lotan snerist að mestu um húsnæðið sem tákmynd og kennileiti. Rætt var um hjarta hússins, innihald þess og húsið sem tákmynd í borgarmyndinni, bæði hið innra og ytra. Orðið „bókasafn“ hefur ákveðna tákmynd í hugum fólks og það er mikilvægt að halda í þá styrkleika en endurhugsa hvernig hægt sé að vinna enn frekar að ímyndaruppbyggingu. Umræðan um að breyta húsinu var sterk, mikið var rætt um húsið sem kennileiti og að það þyrfti að standa undir því, en að í dag væri

húsið ekki kennileiti í borginni. Margir þátttakenda í umræðunum höfðu upplifað dæmi um hin nýju menningarhús og samfélagsmiðstöðvar sem bókasöfn eru að verða að í borgum erlendis og sáu það tækifæri sem við höfum í dag til að fá okkar nýja bókasafn. Í notendakönnunum er einnig mikið talað um að það vanti slíkan stað fyrir borgarbúa þar sem sé pláss fyrir fólk, staður þar sem fólk geti komið saman í samfélag en allir á sínum forsendum. Að safnið sé aðgengilegt svæði eða rými, til að hanga eða til að skapa, til að vera einn eða með öðrum. Að safnið sé opið og taki á móti fólki. Helstu punktar úr umræðunni voru gripnir á stóra tússtöflu og á tossamiða.



Önnur lotan sneri að starfsemiinni sem húsið þyrfti að endurspegla og gera mögulega. Mest var rætt um hvers konar starfsemi ætti heima í húsinu og fyrir hverja. Rætt var um að umhverfi starfseminnar þyrfti fyrst og fremst að vera staður fyrir fólk þar sem lögð væri áhersla á skapandi rými, umhverfi sem kveikti forvitni og hvetti til þátttöku, sem vekti áhuga og vellíðan: Að rýmið yrði miðstöð þekkingar, fræðslu og afþreyingar. Í lotunni voru sjónarmið kennara og nemanda og einnig unglinga og fjölskyldna skoðuð, þ.e. hvernig starfsemi og hvernig pláss þarf fyrir þennan stóra hóp borgarbúa. Mikið af þeirri starfsemi sem þegar er í bókasafninu er miðuð við þessa hópa en pláss og upplifun í húsnæði er verulega ábótavant. Ræddar voru margar áhugaverðar lausnir á því hvernig hægt væri að breyta núverandi húsnæði og opna það meira fyrir leiksvæði og samverusvæði, mynda torg innandyra og bjóða upp á marga ólíka staði fyrir uppákomur af ýmsum stærðum og gerðum. Einnig var tæpt á nauðsyn þess að fá birtu í húsið, að flæði væri gott um húsið og að tengja þyrfti betur á milli hæða og opna þær þannig að þegar inn í húsið er komið, sæist á milli hæða. Umræðan snerist líka um að velja starfsemi sem passar saman á hverri hæð. Horft var til andstæðna í þörfum notenda, m.a. að hægt sé að leika sér og hitta aðra en líka að draga sig í hlé og njóta kyrrðarinnar. Kyrrðin væri þáttur sem ekki mætti vanmeta því að hún væri mikilvægur punktur í aðdráttarafli bókasafna, ekki síður í dag þar sem erfitt sé að finna slíka staði fyrir almenning í borginni. Andstæðar þarfir fyrir einveru og samveru; kyrrð og leik eða nánd við aðra og persónulega þjónustu og tækni, þar sem sjálfsafgreiðsla og miðunarlausnir fyrir starfsemina væru uppfærðar.



Þriðja lotan færði umræðuna út úr húsinu, hvað þyrfti til þess að laða fólk að því, að líf innan veggja þess með fjölbreyttri starfsemi væri sýnileg að utan og hvernig væri hægt að tengja það betur við nærumhverfið. Í notendakönnunum er mikið kallað eftir kaffihúsi á bókasafnið. Notendur vilja njóta þess að koma og fá kaffi og setjast niður og lesa eða læra, eða jafnvel bara dvelja lengi með fjölskyldunni og hafa tækifæri til þess að geta þá sinnt þessari grunnþörf okkar fyrir aðgengilegri næringu án þess að fara úr húsi. Staðsetningin gæti verið á þaki hússins þar sem stór gluggi sneri að Esjunni en sólríkur garður, yfirbyggður að hluta, sneri í átt að miðborginni. Önnur staðsetning gæti verið á milli Grófarhúss og Hafnarhúss, bílastæði og akstursleið myndu víkja fyrir yfirbyggðu svæði sem nyti sólar fyrri hluta dags. Þar væri hægt væri að koma fyrir skemmtilegu útsvæði, litlu aðkomutorgi fyrir bæði húsin, sem tengdist að sjálfsögðu líka Listasafni Reykjavíkur. Kaffihús gæti líka verið staðsett á neðstu hæð nýrrar viðbyggingar og sneri þá að Tryggvagötu. Rætt var um að leiðir og sjónarhorn að húsinu væru að þróast og horfa þyrfti til nýrra svæða í miðborginni sem væru nú í uppbyggingu. Í notendakönnunum var einnig kallað eftir aðgengilegri borgarþjónustu. Bókasöfn víða erlendis gegna hlutverki flýtiborgarþjónustu, þar sem bókasöfnin eru miðstöðvar í sínum hverfum og rætt var um þann möguleika út frá ýmsum sjónarhornum. Gönguleiðir og hjólaaðkoma þyrfti að vera betri og enn var rætt mikilvægi þess að geta þekkt húsið lengra frá sem kennileiti. Möguleikar á að miðla með nýjustu tæknilausnum starfseminni innandyrna og gera þær einhvern veginn sýnilegar utan á húsinu, t.d. með upplýsingum frá snjallborginni eða að lestrarupplifun gesta inni á safninu gæti endurspeglast á einhvern hátt utanhúss.

Fjórdða lotan bauð upp á að draga það sem undan var komið, saman. Á meðan á flugráðinu stóð teiknaði Elín Elísabet teiknari stöðugt upp mynd af þeim umræðum sem fóru fram. Unnið var með heitið „Hús orðsins“ fyrir miðju myndar og reynt að draga fram hvað það þyrfti að standa fyrir út frá fjórum meginþáttum; starfsemi, húsnæði, umhverfi og tækni. Eftir því sem myndin óx þá var mikið rætt um hvort að „Hús orðsins“ væri mögulega of þröng skilgreining yfir það fjölbreytta starf sem kallað var eftir. Umræða var um hvort ekki þyrfti að vera opnara heiti á húsinu. DOKK1 í Árósum vísar t.d. bara til staðsetningar en ekki starfsemi. Grófarhús eða Grófin gæti jafnvel verið sterkari táknmynd hugum fólks og þá boðið fleiri hópa velkomna en aðeins þá sem sækja í orðsins list. Bókasöfn í dag eru ekki einungis að þróast í alhliða menningarhús heldur eru þau að verða samfélagsstaður fyrir borgara, öðruvísi staður en allir aðrir, griðarstaður í borg og stolt borgarbúa.



Einnig var byrjað á að framkalla ýmsar hugmyndir í skyssuformi fyrir bygginguna sjálfa, sjónarhorn, innra og ytra starf og hvernig húsið gæti orðið aðgengilegt og sýnilegt borgarbúum að utan. Slíkt efni er mikilvægt fyrir hugmyndavinnu á næstu stigum. Í lok dags settu þátttakendur sinn lokapunkt á kortið í miðju rýmisins, sem átti að gefa til kynna hvort húsið ætti heima þar sem það er í dag eða opna á aðra staðsetningu í borginni og þar komu fram ýmsir óvæntir möguleikar fram.



3.2 Lykilorð og setningar úr lotum:

Starfsemi: Finna eitthvað nýtt, vekja áhuga, bjóðandi, forvitni, uppgötvun, líflegt, nánd, persónuleg aðstoð, kyrrð, á eigin forsendum, þekking í formi afþreyingar, upplýsingar, hvetji til sköpunar, virkja einstaklinginn, félagsleg heilsa, samfélag, samvera, samtalið, þátttaka, gátt inn í samfélagið, hvatning, óvænt fræðsla, traust, ókeypis.

Húsnæði: Öðruvísi, athvarf, andstæður, friður, stað sem hvetur alla í leik, börn og fullorðna, svo miklu meira en bókasafn, dvelja, áberandi, opið, sýnilegt, gegnsætt, sveigjanlegt, fjölbreytt, almenningsrými, fólk sé sjáanlegt utanfrá, tákmynd, bjóði til leiks, sögustaður, bækurar sjáist, miðlun, allir velkomnir, leynistaðir, staður þar sem ólíkir þræðir mætast, samkomustaður, ævintýri, hús jafnréttis, torg inni, ró í borgarumhverfi, frelsi.

Tækni: Upplifunarahönnun, wonder, forvitnilegt, framsækið, veki forvitni og áhuga, auðveldi þjónustu, nái til ólíkra aldurshópa, efla einstaklinginn, miðli á skapandi hátt, kveiki áhuga, viðbættur veruleiki nýttur inni á safninu, lestrarupplifun í stafrænu formi, gagnvirkir skjáir, styða tæknilæsi borgara.

Umhverfi: Kennileiti, hlýlegt, áberandi, tilraunatorg, óvænt, kyrrð, gróður, lýsing, stolt borgarinnar, aðstaða sem hvetji til leikja, flæði, leikrými, burt með bílastæðin, sjálfbærni, yfirbygging, kaffihús, hjólastæði, tenging við nánasta umhverfi.




4 Leiðin til framtíðar

Hafsjór af upplýsingum kom út úr þessu flugráði, bæði í notendakönnunum og frá vinnunni í flugráðinu sjálfu. Næstu vikur fara í að greina þær upplýsingar betur og vinna með þær þar sem það á við. Mikilvægt er að innra rými hússins endurspegli það fjölbreytta innra starf sem þar má finna nú þegar og það sem bætist við í framtíðinni.

Flugráðinu var ekki ætlað að leysa þann húsnaðisvanda sem núverandi starfsemi Grófarhúss stendur frammi fyrir, heldur að sjá möguleikana í því sem gæti orðið og í framhaldi hverskonar starfsemi ætti heima saman í húsinu. Þarfagreiningin verður líka grundvöllur að þeirri umræðu.

Sjónrænt mætti horfa á niðurstöður flugráðs sem nokkurskonar áttavita inn í framtíðarbókasafnið.



4.1 Framtíðarhús, hús orðsins


Vinna undanfarna mánuði og afrakstur þessa flugráðs leggur mikilvægan grunn að endurhönnun og umbreytingu hússins. Í því felast stórt tækifæri fyrir borgarbúa til þess að eignast sitt framtíðarbókasafn, hús allra þessara orða.

Í þjónustustefnu Borgarbókasafnsins 2017-2020 er yfirmarkmiðið að skapa heildræna og nútíma þjónustuupplifun til framtíðar. Við stækkun og eflingu Borgarbókasafnsins í Grófarhúsi gefast einnig fjölmörg tækifæri til að víkka hlutverk safnsins og hússins út sem lifandi og fjölbreyttrar menningar-, margmiðlunar-, sköpunar, lýðræðis, barna- og bókahúss fyrir alla borgarbúa.

4.2 Tækifæri í núverandi húsnæði

Núverandi húsnæði, ef allt húsið er notað, býður upp á algjöra umbreytingu, fjölmargar hugmyndir að því hvernig hægt væri að opna húsið, tengja betur á milli hæða og bæta aðgengi að því. Flæði og sýnileiki voru rædd og hvernig húsið gæti endurspeglað fjölbreytta starfsemi. Ljóst er að margskonar starfsemi á heima í húsinu og lykillinn er að það verði fjölnota og breytilegt. Bæta þarf tengingu við nærumhverfi og gera húsið að kennileiti og aðdráttarafli fyrir borgarbúa.

Það efni sem þegar er komið gæti legið að grundvelli fyrir arkitektasamkeppni um nýtt Grófarhús og nærumhverfi þess. Hér fyrir neðan má sjá nokkrar hugmyndaskýssur úr banka flugráðsins og jafnvel mætti horfa út fyrir húsið og lóðina og finna því nýja staðsetningu.



4.3 Tækifæri í nýsköpun í þjónustu fyrir borgarbúa.

Samhljómur var í notendakönnunum og hugmyndavinnu flugráðs um að skoða ætti samlegðaráhrif og snertifleti við aðra þjónustu innan borgarinnar með það að markmiði að veita borgurum fjölbreytta þjónustu - þar sem þeir eru. Þar birtist sýn um framtíðarbókasafn sem legði mikla áherslu á að vera almenningsrými, stolt samfélagsins og miðstöð þekkingar, þar sem borgarar gætu sótt sér upplýsingar, þjónustu, fræðslu og innblástur á margvíslegan hátt á einum stað. Bókasafnið yrði staður þar sem hönnun, aðstaða og starfsemi kepptust við að bjóða alla velkomna og að fólk geti bæði dvalið og fengið aðstoð á eigin forsendum. Fjölmörg fordæmi eru fyrir því að borgara- og velferðarþjónusta færast inn í bókasöfn og menningarhús, meðal annars í DOKK1 í Árósum í Danmörku.

Til þess að Grófarhús geti uppfyllt þetta enn betur, mætti skoða eftirfarandi:

Flýtiborgarþjónusta / gátt inn í samfélagið. Staður sem gæti sameinað upplýsingagjöf til borgara um þá þjónustu sem er í boði og hvernig sækja megi um hana. Hægt væri að sækja og skila inn umsóknum t.d. fyrir velferðarþjónustu, húsaleigubætur, leikskóla, sækja passa og vegabréf. Ef þjónustan er rafræn, þá mætti fá þar aðstoð til þess að sækja um rafrænt.

Markmið væri að ná til borgara á stað sem þeir eiga leið um, einfalda fyrstu tengsl og þann þröskuld sem það er fyrir ákveðna hópa að leita sér aðstoðar. Slík þjónusta myndi nýtast fjölbreyttum hópum: Ungt fólk sýndi áhuga á að geta nálgast þjónustu miðsvæðis, fjölskyldur sáu einnig hagræði í að geta slegið fleiri flugur í einu höggi við heimsóknir og eldri borgarar eru nú þegar stór hópur sem sækir og dvelur á bókasöfnum. Jaðarhópar og nýir borgarbúar, innflytjendur og flóttamenn sækja einnig söfnin sem hlutlausan stað til að leita upplýsinga og gott væri að geta þjónað þeim hópi betur með ákveðin mál í stað þess að vísa þeim annað. Einnig gæti slík þjónusta verið hvetjandi fyrir hóp sem annars myndi ekki leita á safnið og þannig óbeint kynna hópinn fyrir möguleikum og tækifærum bókasafnsins sem er einmitt ætlað að jafna aðgengi þess hóps að upplýsingum, tækniþekkingu og fræðslu.

Fyrir alla þessa hópa er bókasafnið staður til að ýta undir stafrænt læsi og veita aðstoð og örnámskeið til að kenna borgurum að sækja þjónustu rafrænt eftir sem borgin nær lengra í áætlunum sínum um að rafvæða þjónustu.

Velferðartæknismiðja, velferðarþjónusta. Rætt var að framtíð velferðartæknismiðju / living lab, sem þarf að vera í góðri samvinnu við borgarana. Nýsköpunarrými fyrir borgina, skapandi vinnurými þar sem vinna má notendamiðaðar rannsóknir með borgurum, starfsfólki og frumkvöðlum færi vel í slíku húsi. Ný nálgun á velferðarþjónustu, valdeflandi fyrir einstaklinga og með áherslu á að vinna bug á einmanaleika, með jafningjafræðslu og samtali, ætti líka heima innan þessa ramma.

Snjallborgin tengist inn í bókasafnið, þar sem verkefni sem borgin er að vinna gætu verið sýnileg borgurum í almenningsrými og þar sem markvisst væri unnið að því að upplýsa borgara um nýjustu tækniþróun og hvetja þá til vitundar umhverfi sitt. Snjallgögn séu hugsuð inn í alla bygginguna bæði til gagns og gamans enda verði unnið með sjálfbærni og nýtingu á ýmsan hátt í endurhönnun hússins.

4.4 Borgarbókasafnið 100 ára

Borgarbókasafnið opnaði dyr sínar fyrir almenningi þann 19. apríl árið 1923. Í Morgunblaðinu þann dag má finna frétt um Alþýðubókasafn Reykjavíkur:


Í dag verður opnað til almenningsnota „Alþýðubókasafn Reykjavíkur“ og hefur það bækistöð sína á Skólavörðustíg 3. Húsrúmið er að visu ekki sem best og liggur enda ekki jafn vel við öllum bæjarbúum, en þó má vel við það una í bili, enda húsakostur lítill í bænum um þessar mundir.

Borgarbókasafnið á því stórafmæli eftir tæp fimm ár og það væri verðug afmælisgjöf til safnsins að tryggja því gott húsrými á 100 ára afmælinu.

Það er spennandi kostur að efna til samkeppni um hönnun húss orðsins og nota það efni sem til varð í flugráði og einnig annað efni sem þegar hefur orðið til sem innblástur inn í þá vinnu.

Ef sú leið yrði farin eru 5 ár til stefnu þar til hægt væri að opna dyrnar að bókasafni framtíðarinnar.


Í þeirri vegferð mætti hugsa sér þátttöku borgaranna við að velja úr innsendum tillögum og síðan hæfist umbreytingartími í áttina að framtíðarbókasafninu sem gæti verið táknmynd í hugum borgabúa og kennileiti sem þeir væru stoltir af.



Reykjavík
16. október 2018

Framtíðarstarfsemi, rými og umhverfi Grófarhúss sem framtíðarbókasafn Reykjavíkur

Greinargerð unnin af þjónustu- og þróunardeild Borgarbókasafns Reykjavíkur



Yfirlit:

Hvernig getum við þróað aðalsafn Borgarbókasafnsins í Grófinni svo það standi undir nafni, hverjar eru væntingar notenda og hvar liggja áherslurnar í umhverfi hússins og framtíðarstarfsemi?	1
Af hverju nýtt og betra bókasafn?.....	1
Núverandi ástand.....	1
Horft til framtíðar	2
Lykilspurningar unnar upp úr undangengnum könnunum og greiningum.....	2
Tækifæri í nýsköpun í þjónustu fyrir borgarbúa	4
Hvaða leiðir eru mögulegar?	4
Næstu skref: Vinnustofa með ráðgjafa „Library Makeover“ fyrir Nýja bókasafnið.....	5
Kostnaðaráætlun fyrir vinnustofu:.....	6
Leið 1.....	7
Leið 2.....	8
Leið 3.....	9
Hvað þarf til?	11
VIÐAUKI - Fyrir áhugasama:.....	12
Hvað er að gerast erlendis?	12
Hvað segja notendur okkur?	14

Hvernig getum við þróað aðalsafn Borgarbókasafnsins í Grófinni svo það standi undir nafni, hverjar eru væntingar notenda og hvar liggja áherslurnar í umhverfi hússins og framtíðarstarfsemi?

Borgarbókasafnið hefur á undanförunum þremur árum unnið að því að móta og hrinda í framkvæmd nýrri framtíðarsýn um að bókasöfn þess verði menningar- og samfélagsmiðjur í hverfum borgarinnar. Grófin og Grófarhús spila þar mikilvægt hlutverk sem hjarta og menningarmiðja miðborgarinnar.

Samfélagsleg nýsköpun er að ryðja sér til rúms í meira mæli og kemur ekki aðeins fram í endurbótum á upplifun í þjónustu heldur einnig í leiðum til að koma til móts við þarfir samfélagsins og því að borgir styðji við umhverfi sem hvetji til samveru og þátttöku. Bókasöfn gegna þar lykilhlutverki og borgir um allan heima hafa verið, eða eru, að efla þeirra starf og endurbæta eða jafnvel byggja alveg ný bókasöfn sem verða samfélagsmiðjur hverfa og borga.

Markmiðið hér er að skila borginni sterkara og nútímalegra safni sem þjóni betur þörfum íbúa Reykjavíkur og veiti þeim aðstöðu sem er til jafns við það sem er að gerast erlendis; menningar- og samfélagsmiðju þar sem allir eru velkomnir á sínum forsendum, í sínu nærumhverfi, óháð þjóðerni eða samfélagsstöðu. Bent hefur verið á það að bókasöfn eru góð leið til jöfnunar í þjóðfélaginu.

Af hverju nýtt og betra bókasafn?

Núverandi ástand

Framtíð Grófarhúss og viðbyggingar er ekki ljós eins og sakir standa. Það liggur fyrir að skipta þarf um klæðningu hússins sem verður kostnaðarsöm framkvæmd. Nýbygging hefur ekki verið hugsuð heildrænt með framtíðarstarfsemi bókasafnsins í huga heldur aðeins sem viðbættir fermetrar eftir rýmisþörfum þeirrar starfsemi sem er nú í Grófarhúsi. Óljóst er hvernig nýbyggingin kemur til með að tengjast safninu og hvernig hún kemur til móts við þarfir notenda og starfsfólks safnsins. Borgarbókasafnið er á fyrstu, annari og fimmtu hæð, Borgarskjalasafn á þriðju, en á fjórðu hæðinni eru skrifstofur Borgarskjalasafnsins og Borgarbókasafnsins. Ljósmyndasafnið er svo á þeirri sjöttu með sýningarsal, afgreiðslu og skrifstofur.

Ljóst er að Borgarskjalasafn heftir eðlilegt flæði um húsnæðið og aðgengi á milli hæða fyrir starfsemi Borgarbókasafnsins. Notendur hafa mikið kvartað undan því í skoðanakönnunum en starfsfólks safnsins einnig og er kallað eftir betri starfsaðstöðu og flæði um húsið sem slítur ekki starfseminu í sundur. Einnig eru þetta dýrir fermetrar í miðbæ Reykjavíkur fyrir starfsemi með takmarkaðan opnunartíma og mikið af geymslurými.

Ef bókasafnið á að vera áfram í núverandi húsnæði og deila því með annari starfsemi þá þarf það allt Grófarhúsið. Bókmenntaborgin á vel heima með starfsemi bókasafnsins. Önnur starfsemi sem kæmi til greina væru miðlægar skrifstofur menningar- og ferðamálasviðs og Ljósmyndasafnið.

Borgarbókasafnið er komið á tíma hvað varðar endurnýjun á flestum búnaði og er langt á eftir því sem er að gerast erlendis þar sem bókasöfn eru mörg hver orðin samfélags- og menningarmiðjur og stolt borgarbúa, þar sem mikið hefur verið lagt í upplifun, hönnun og umhverfi húsnæðis, auk þess sem nýjasta tækni er nýtt.

Nútímabókasafn kallar á rúmgott og bjart rými fyrir fólk sem getur komið saman og dvalið á safninu, athvarf fyrir einstaklinga og fjölskyldur, þar sem hægt er dvelja á sínum forsendum og hafa jafnt aðgengi að fjölbreyttu rými, upplifun og upplýsingum óháð samfélagsstöðu eða þjóðerni.

Horft til framtíðar

Borgarbókasafnið í Grófinni er miðbæjarsafn Reykjavíkur og stærsta almenningsbókasafn þess. Það á að vera framsækið og leiðandi safn sem setur tóninn fyrir önnur bókasöfn borgarinnar.

Borgarbókasafnið vinnur eftir notendamiðaðri hönnun og í aðgerðaáætlun þjónustustefnu er markvisst leitað til notenda, t.d. í gegnum vinnu með rýnihópum, vefumræðuborðum, gestakönnunum o.fl. Sérstakt flugráð var haldið dagana 8. og 9. maí 2018. Samantekt úr undangenginni vinnu ásamt Þjónustustefnu Borgarbókasafnsins 2017-2020 var dregin saman fyrir þátttakendur í flugráðinu sem innblástur fyrir vinnuna. Samantektin innihélt lykilsurningar um þarfir notenda og væntingar starfsfólks, ásamt innsýn í hvernig bókasöfn eru að þróast í heiminum í dag, bæði hvað varðar hönnun og hjartsláttinn í söfnunum.

Markmiðið með vinnu flugráðs var að til yrðu hugmyndir og leiðir að framtíðarsýn fyrir hús orðsins í Grófinni og nærumhverfi þess.

Vinna undanfarinna mánaða og afrakstur flugráðs leggur mikilvægan grunn að endurhönnun og umbreytingu hússins. Í því felst stórt tækifæri fyrir borgarbúa til þess að eignast sitt framtíðarbókasafn, hús allra þessara orða og gjörða. Í þjónustustefnu Borgarbókasafnsins 2017-2020 er yfirmarkmiðið að skapa heilðræna og nútímalega þjónustuupplifun til framtíðar. Við stækkun og eflingu Borgarbókasafnsins í Grófarhúsi gefast einnig fjölmörg tækifæri til að víkka hlutverk safnsins og hússins út sem lifandi samfélagsmiðju og fjölbreytts menningar-, margmiðlunar-, sköpunar-, lýðræðis-, barna- og bókahúss fyrir alla borgarbúa, ásamt því að bæta mögulega við grunn borgarþjónustu - nú eða nýsköpunarrými fyrir borgina. Bókasöfn geta verið vettvangur í þeirri samfélagslegu nýsköpun sem þarf að eiga sér stað á tímum hraðra breytinga.

Lykilsurningar unnar upp úr undangengnum könnunum og greiningum

Hvernig ...

...verður framtíðarbókasafnið samkomustaður og þáttökuvettvangur þar sem allir eru velkomnir; menningarreitir sem eflir læsi og miðlar bókmenntum, auk þess að styðja við lifandi nútíma upplýsingamiðlun og fjölbreytt fræðslustarf; vettvangur nýjunga, lærdóms og símenntunar fyrir alla borgarbúa óháð aldri, þjóðfélagsstöðu eða þjóðerni?

...getur upplifun og rými bókasafnsins komið betur til móts við andstæðar þarfir þeirra sem vilja vera með öðrum og þeirra sem vilja draga sig í hlé; þeirra sem þurfa rólegheit og vinnufrið og þeirra sem þurfa leiksvæði, innblástur og fjölbreytta afþreyingu; þeirra sem kalla eftir bættu

Tækifæri í nýsköpun í þjónustu fyrir borgarbúa

Samhljómur var í notendakönnunum og hugmyndavinnu flugráðs, um það að skoða ætti samlegðaráhrif og snertifleti við aðra þjónustu innan borgarinnar með það að markmiði að veita borgurum fjölbreytta þjónustu í nærumhverfi þeirra.

Fjölmörg fordæmi eru fyrir því að borgara- og velferðarþjónusta færist inn í bókasöfn og menningarhús, meðal annars í DOKK1 í Árósum í Danmörku. Þar er einnig að finna velferðartæknismiðju / living lab og nýsköpunarrými fyrir borgina, co-creation vinnurými þar sem unnið er með notendamiðaðar rannsóknir fyrir borgina með borgurum.

Með flýtiborgarþjónustu væri hægt að sækja og skila inn umsóknum t.d. fyrir velferðarþjónustu, húsaleigubætur og leikskóla. Ef þjónustan er rafræn mætti fá þar aðstoð til þess að sækja um rafrænt.

Í flugráðinu birtist sýn um framtíðarbókasafn sem legði mikla áherslu á að vera almenningsrými, stolt samfélagsins og miðstöð þekkingar, þar sem borgarar gætu sótt sér upplýsingar, þjónustu, fræðslu og innblástur á margvíslegan hátt á einum stað. Stað sem fólk þekkir, leitar til og treystir. Bókasafnið yrði staður þar sem hönnun, aðstaða og starfsemi kepptust við að bjóða alla velkomna og að fólk gæti bæði dvalið og fengið aðstoð á eigin forsendum. Snjallborgin gæti tengst inn í bókasafnið, þar sem verkefni sem borgin er að vinna gætu verið sýnileg borgurum í almenningsrými og þar sem markvisst væri unnið að því að upplýsa borgara um nýjustu tækniþróun og hvetja þá til vitundar um umhverfi sitt. Snjallgögn væru hugsuð inn í alla bygginguna bæði til gagns og gamans enda yrði unnið með sjálfbærni og nýtingu á ýmsan hátt í endurhönnun hússins.

Borgarbókasafnið á stórafmæli eftir tæp fimm ár og það væri verðug afmælisgjöf til safnsins að tryggja því gott húsrými og opna það á 100 ára afmælinu.

Hvaða leiðir eru mögulegar?

Ef allt húsið er undir býður það upp á ýmsa möguleika. Fjölmargar hugmyndir komu úr flugráði um hvernig hægt væri að opna húsið, tengja betur á milli hæða og bæta aðgengi að því. Flæði og sýnileika væri hægt að stórbæta með endurhönnun á innra rými og ytra byrði Grófarhúss gæti endurspeglad fjölbreytta starfsemi inni í húsinu sjálfu. Ljóst er að margskonar starfsemi á heima í húsinu og lykilatriði er að það verði aðgengilegt, fjölnota og breytilegt. Bæta þarf tengingu við nærumhverfi og gera húsið að kennileiti og aðdráttarfli fyrir borgarbúa.

Jafnvel mætti horfa út fyrir húsið og lóðina, finna safninu nýja staðsetningu og hanna alveg nýtt samfélagsbókasafn sem yrði stolt og eitt af kennileitum borgarinnar.

Í þessari greinargerð höfum við valið að skilgreina *næstu skref og þrjár mögulegar leiðir* að markmiði okkar við endurhönnun á framtíðarbókasafni Reykjavíkurbúa.

Grunnurinn að þessum skrefum og leiðum er niðurstöður notendakannana, rýnihópa og flugráðs.

Næstu skref: Vinnustofa með ráðgjafa „Library Makeover“ fyrir Nýja bókasafnið.

Leið 1: Unnið að innanhússhönnun á Grófarhúsi – án Borgarskjalasafns en með Bókmenntaborginni og mögulega Ljósmyndasafninu.

Leið 2: Unnið með hönnunarteymi/arkitektastofu að umbreytingu á Grófarhúsi og nánasta umhverfi.

Leið 3: Hönnunarsamkeppni um nýtt sjálfbært bókasafn með borgarþjónustu og nýjustu tækni á öðrum stað miðsvæðis í Reykjavík.

Leiðirnar eru ólíkar bæði hvað varðar húsnæði og kostnað. Í greiningunni er ekki lagt mat á heildarkostnað en leiðirnar eru settar upp sem fyrsti fasi verkefnis. Tilgangurinn með því að skoða aðeins gróflega fyrsta fasa hvernar leiðar er sá að áður en lagt er af stað í mjög dýrar aðgerðir þá sé hægt að kostnaðarmeta þær út frá rökum byggðum á grunninum og næstu skrefum í undirbúningi og upptakti væntanlegra breytinga.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar og Umhverfis- og skipulagssvið þurfa að koma að umhverfis- og kostnaðarmati í samræmi við umfang verkefna.

Þar sem Borgarbókasafnið vinnur með notendamiðaða hönnun þá er leitað leiða að frekari aðkomu borgara að hugmyndavinnunni og tillögum að nýja bókasafninu, t.d. á Betri Reykjavík og/eða með sýningum á safninu sjálfu.

Næstu skref: Vinnustofa með ráðgjafa „Library Makeover“ fyrir Nýja bókasafnið

„Library Makeover“ er leið sem hefur verið farin víða erlendis, þá sérstaklega á hverfisbókasöfnum. Hún felur í sér lágmarks breytingar á byggingunni sjálfri en að allar innréttingar, búnaður, húsgögn og upplifun sé hannað upp á nýtt.

Aat Vos er hönnunarráðgjafi sem hefur mikla reynslu af endurhönnun og flæðishugsun „Nýja bókasafnsins“ víðsvegar um Evrópu. Hann hefur m.a. starfað fyrir borgaryfirvöld í Osló og teymi fagfólks að endurbótum og umbreytingu bókasafna þar, sem gera þeim kleift að þjóna betur nútíma þörfum og samfélagsgerð.

Kostnaðaráætlun liggur fyrir um að fá hann til að leiða 5 daga vinnustofu með íslenskum hönnuðum, arkitektum og lykilstarfsfólki Borgarbókasafnsins. Grunnurinn að vinnustofunni væri þarfir notenda úr könnunum og rýnihópum, niðurstöður flugráðs og þjónustustefnu safnsins, ásamt þarfagreiningu fyrir starfsemi Borgarbókasafnsins í Grófinni.

Hópurinn mundi vinna að hugmyndum að endurbótum á bókasafninu þessa 5 daga með notendamiðaða hönnun að leiðarljósi.

Afurðin: Skýr sýn á flæðishugsun og rýmisskipulag nútíma bókasafna og tillögur/grunnhönnun að búnaði, upplifun og innréttingum fyrir Grófarhús. Þessa vinnu er hægt að nýta við endurskipulag og umbætur á fleiri söfnum Borgarbókasafnsins og nota sem grunn fyrir þær leiðir sem koma hér á eftir.

Næstu skref eftir vinnustofuna væru að vinna með íslenskri arkitektastofu/hönnunarteymi að útfærslu og hönnun þess sem kom út úr vinnustofunni og skila inn kostnaðarmati fyrir heildarverkefnið.

Með þessari leið er hægt að rýna vel það sem þarf að framkvæma byggt á þörfum borgara áður en lagt er af stað með stærri og kostnaðarsamari aðgerðir eins og leið 1, 2 og 3 munu verða.

Tilvalið væri að setja upp sýningu með niðurstöðum vinnustofunnar, hvort sem hún væri í Grófinni sjálfri eða stafræn – jafnvel hvort tveggja. Notendur safnsins og aðrir borgarbúar gætu þá komið með umsagnir og tillögur, auk þess að kjósa um það sem þeim þykir áhugavert og vilja sjá verða að veruleika.

Aat kemur til landsins og heldur fyrirlestur á Landsfundi bókasafna í Hörpu þann 25. október nk.

Áhugavert væri fyrir þá sem koma að þessum málum hjá borginni að koma og hlusta á þann fyrirlestur til að sjá og heyra hvað er að gerast í nágrannalöndunum og læra af því sem vel er gert.

Kostnaðaráætlun fyrir vinnustofu:

5 daga vinnustofa leidd af Aat Vos - undirbúningur, leiðbeinandi og úrvinnsla	1.600.000
Ferðir og hótél	300.000
3 lykilstarfsmenn Borgarbókasafnsins – launakostnaður vegna vinnuframlags	800.000
Arkitektar/hönnuðir - 2 einstaklingar sem taka þátt í vinnustofu	1.200.000
Efniskostnaður og húsnæði fyrir vinnustofu	200.000
Samtals	4.100.000

Helstu tækifæri:

- Aat Vos hefur mikla þekkingu á nútíma þörfum notenda bókasafna og reynslu í að vinna með starfsfólki bókasafna, arkitektum, hönnuðum og sérfræðingum.
- Fagfólk hér heima getur lært mikið af þessari vinnustofu og byggt á henni framtíðarsýn fyrir nútíma íslenskt bókasafn.
- Minni hætta á framúrkeyrslu vegna umfangs og kostnaðar.
- Hægt að nota þessa vinnu sem grunn að leið 1, 2 og 3.

Helstu áskoranir:

- Byggingin ekki hönnuð fyrir starfsemina og er á mörgum hæðum.
 - Takmörkuð tækifæri fyrir útisvæði.
 - Mikill kostnaður við ytra útlit/klæðningu vegna viðhalds sem kemur starfseminni sjálfri lítið við.
 - Aðgengismál, bílastæði, hjólaleiðir og stæði.
 - Íslenskir arkitektar hafa ekki reynslu í stórum umbreytingarverkefnum með starfsemi bókasafna.
-

Leið 1.

Unnið að innahússhönnun á Grófarhúsi – án Borgarskjalasafns en með Bókmenntaborginni og mögulega Ljósmyndasafninu.

Samanlagðar niðurstöður notendakannana, rýnihópa og flugráðs, auk afraksturs vinnustofunnar með Aat Vos, mynda sterkari undirstöður sem arkitektastofa eða hönnunarteymi getur unnið að útfærslu og hönnun sem kemur sem best til móts við þarfir notanda. Í þessari leið er ekki þörf á frekari aðkomu borgara í ferlinu þar sem þeir hafa þegar getað komið með tillögur og kosið um leiðir úr þeirri vinnu sem kom út úr vinnustofunni.

Próunar- og þjónustudeild bókasafnsins hefur unnið mikla undirbúningsvinnu með notendamiðaða hönnun, stafræna upplifun og rafræna þjónustu og því er hægt að ganga að ákveðnum gagnabanka og tillögum til að vinna með í upplifun í rýminu sjálfu.

Mikilvægt er að stafræn upplifun sé alltaf með í þessu breytingarferli óháð leiðum.

Ef þessi leið verður farin ber að hafa í huga að ytra byrði húss er komið á tíma og endurnýja þarf klæðningu þess. Sú framkvæmd er óháð þeirri innanhússhönnun sem þarf að fara fram og þarf ekki að vinna samtímis.

Afurðin: Arkitektastofan eða hönnunarteymið skilar útfærslu á innanhússhönnun með kostnaðar- og verkáætlun.

Með tillögnum og þeirri vinnu sem hefur átt sér stað ætti að vera hægt að skila raunhæfu kostnaðarmati á heildarverkefninu sem væri að endurnýja allan búnað og hanna upplifun þá sem borgarbúar hafa kallað eftir.

Helstu tækifæri:

- Hægt er að byrja hönnunarfasa í byrjun árs 2019 og jafnvel framkvæmdir það ár.
- Safnið er á mörgum hæðum og í tveimur byggingum svo hægt er að skipuleggja framkvæmdir og byrja á þeim á meðan annarri starfsemi í húsinu er fundinn staður.
- Að frátöldum kostnaði við ytri klæðningu er líklegt að þessi leið og umfang hennar beri minni kostnað í för með sér en leið 2 og 3.
- Mikill undirbúningur fyrir stafræna þróun og rafræna þjónustu er þegar til staðar og hægt að vinna með.

Helstu áskoranir:

- Borgarskjalasafnið og Ljósmyndasafnið eru með starfsemi í húsinu og þarf að finna þeim annað hentugt húsnæði til þess að hægt sé að ráðast í framkvæmdir. Þetta á við í öllum leiðum, hver sem verður fyrir valinu.
- Ef þessi leið verður farin er mögulegt að á næstu áratugum verði húsnæðið úrelt og þurfi að huga að nýju til að koma á móts við framtíðarþarfir.
- Hætta á því að safnið sé ekki í takti við nýjustu tækni og miðlun fyrir nútíma upplýsingamiðlun sökum þess að þau grunnkerfi sem eru til staðar tala ekki við ný.

Leita þarf tilboða/fara í undirbúning við útboðsvinnu í hönnunarfasa hjá arkitektastofu eða hönnunarteymi miðað við umfang verkefnis - svo að kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir í þessari greinargerð. Gera má ráð fyrir að umtalsverður kostnaður sé við þessa vinnu.

Leið 2.

Unnið með hönnunarteymi/arkitektastofu að umbyltingu á Grófarhúsi og nánasta umhverfi.

Við þessa leið væri leitað til valinna hönnunarteyma/arkitektastofa eða haldin hönnunarsamkeppni fyrir umbreytingu Grófarhúss. Grunnurinn að vinnunni yrði áfram niðurstöður flugráðs og vinnustofu Aat Vos en með þessari leið væri hægt að bjóða enn frekar upp á álit og þátttöku borgara því að hönnunarferlið og breytingarnar tækju yfir lengri tíma.

Þessi leið felur í sér töluvert meiri undirbúning og kostnað þar sem miklar breytingar yrðu á byggingunni sjálfri bæði hvað varðar innra rými og það ytra, mögulega með útisvæðum eða jafnvel þakgarði.

Einnig býður þessi leið upp á fjölbreyttari leiðir í gagnvirkri miðlun upplýsinga. Mörg bókasöfn erlendis eru að umbylta því hvernig fólk nálgast upplýsingar og því þyrfti að fá inn í vinnuna stafræna upplifunarhönnuði.

Afurðin: Hönnunartillögur með kostnaðar- og verkáætlun, auk tímaramma fyrir umfang verkefnisins.

Tillögurnar yrðu kynntar borgarbúum bæði rafrænt og í efnislegu rými. Íbúar myndu svo kjósa þá tillögu sem þeir vildu sjá verða að veruleika.

Helstu tækifæri:

- Ef ráðist verður í umbyltingu á eldra húsnæði má jafnvel hugsa til þess að nota annað húsnæði – í flugráði var einnig var talað um Héraðsdómshúsið og jafnvel gamla Landsbankann.
- Ljóst er að skipta þarf um klæðningu og verður það dýr framkvæmd. Það býður upp á ákveðið tækifæri á endurhönnun á ytra byrði húss.
- Aðkoma borgara að hugmyndaferlinu og sýnileiki ferlis.
- Aukin tækifæri til starfrænnar miðlunar og gagnvirkra upplýsinga.

Helstu áskoranir:

- Grófarhús eða viðbygging voru ekki hannaðar með þarfir framtíðarbókasafnsins í huga.
- Loka þyrfti safninu yfir lengri tíma og því væri miðbærinn án bókasafns á meðan á framkvæmdum stæði.
- Finna safninu tímabundið húsnæði til að koma til móts við þarfir notanda í nærumhverfi.
- Starfsfólk Grófarsafns þyrfti að dreifast á aðrar starfsstöðvar á meðan á framkvæmdum stendur.

Leið 3.

Hönnunarsamkeppni um nýtt sjálfbært bókasafn með borgarþjónustu og nýjustu tækni á öðrum stað miðsvæðis í Reykjavík.

Það er áhugaverður kostur að efna til samkeppni um hönnun hússins, hvort sem það væri endurhannað Grófarhús eða miðbæjarbókasafni yrði valin ný staðsetning. Í flugráðinu kom fram að vel mætti hugsa sér nýbyggingu, jafnvel á hafnarsvæðinu eða í Vatnsmýrinni, og bæta þá inn í starfsemi sem þegar er kallað eftir; flýtiborgarþjónustu og velferðarþjónustu. Undir sama þaki gæti einnig verið að finna velferðartæknismiðju (living lab) og nýsköpunarrými fyrir borgina sem væri Co-Creation vinnurými þar sem unnið er með notendamiðaðar rannsóknir fyrir borgina með borgurum, hvort sem um ræðir prófanir á snjöllum lausnum Snjallborgarinnar eða aðra þá þjónustu sem borgin veitir.

Hugmyndir úr flugráði um nýja staðsetningu eru m.a. hafnarsvæðið, Harpa, lóðin við Brimhúsið, nýi Landsbankinn og Vatnsmýrin. Einnig var rætt um að hanna sjálfbært hús hvað varðar umhverfi, arkitektúr, innanhússhönnun, tækni og upplifun.

Íbúalýðræði yrði lykillinn að byggingunni sem og mögulega val á milli staðsetninga. Nýju bókasöfnin erlendis bera nöfn eins og **Dokk1** í Árósum, **Deichman** í Osló og Stavanger og **Oodi** í Helsinki, til að skilgreina ekki um of þá fjölbreyttu þjónustu, starfsemi og upplifun sem þau innihalda og endurspegla það íbúalýðræði sem gerði þau að veruleika. Meðal þess sem má finna í þessum bókasöfnum fyrir utan bækurnar sem alltaf verða til staðar eru margmiðlunarsvæði,

leikjasvæði fyrir tölvuleiki, setustofur, vinnusvæði, lesrými, kaffihús, veitingahús, fyrirlestrasalir og jafnvel kvikmyndahús.

Brot úr grein um hvernig staðið var að þátttöku borgara við ferlið að tilurð Oodi safnsins í Helsinki: „*Along the whole planning process, citizens had been actively involved and heard. On the other hand, politicians also recognize the need of this kind of public space in city centrums*“.

Sjá nánar:

<http://bid.ub.edu/pdf/38/en/haavisto.pdf>

Í undirbúningi hönnunarsamkeppninnar væri opnað á frekara samtal við borgarbúa um hvernig þeir sjá sitt framtíðarbókasafn, líkt og var gert í hönnunarferli Dokk1 og Oodi, hins nýja framtíðarbókasafns Helsinki, sem opnar í desember 2018 (sjá nánar um þau söfn í viðauka).

Innblástur fyrir samkeppnina yrði það efni sem til varð í flugráði, afrakstur vinnustofu Aat Vos og sú greiningarvinna sem hefur verið unnin. Auk þess yrði búinn til nýr hugmynda- og þáttökuvettvangur þar sem hinn almenni borgari kæmi að ferlinu.

Þau gögn yrðu síðan grunnurinn að hönnunarsamkeppninni og síðan hæfist umbreytingartími í áttina að framtíðarbókasafninu sem gæti orðið tákmynd í hugum borgarbúa og kennileiti sem þeir væru stoltir af og mundu vilja nota – staður byggður á þeirra forsendum og þörfum.

Afurð: Skipulag og framkvæmd hugmynda- og þáttökuvettvangs sem yrði innblásturinn og grunnurinn fyrir samkeppnina.

Aðkoma borgara yrði órjúfanlegur þáttur í öllu ferlinu, bæði við val á vinningstillögu samkeppninnar og svo við útfærslur og einstaka þætti á verk tíma undirbúnings og framkvæmda.

Helstu tækifæri:


- Aðkoma og þátttaka borgara í öllu ferlinu þar sem framtíðarsýnin verður til út frá þörfum borgara.
- Byggingin væri hönnuð út frá þeim sjónarmiðum en ekki út frá rými eða staðsetningu sem er til staðar.
- Að íbúar Reykjavíkur sjái hús rísa sem er þeirra, stolt og kennileiti – opin samfélagsbygging sniðin að þörfum borgara.
- Aðdráttarafl bæði innlendra og erlendra ferðamanna.

Helstu áskoranir:

- Finna þyrfti húsinu staðsetningu við hæfi.
- Óvissuþættir í hvernig byggingin lítur út.
- Aðeins er hægt að kostnaðarmeta vinnuna vegna framkvæmdar hugmynda og þáttökuvettvangs.
- Að tillögurnar í samkeppninni séu þannig útfærðar að raunhæfi kostnaðar og umfangs liggi fyrir, auk tímamats.

Áætla má að umfang kostnaðar við að framkvæma hugmynda- og þátttökuvettvang borgara verði í lágmarki þar sem ýmsar leiðir eru nú til og hægt að byggja á þeim. Betri Reykjavík gæti nýst sem rafrænn vettvangur en aðalkostnaðurinn yrði laun og launatengd gjöld fyrir starfsmenn verkefnahóps.

Hvað þarf til?



Ákveða þarf hvaða leið er æskilegt að fara. Ljóst er að þörf er á að fara í næstu skref til að komast nær framtíðarbókasafni Reykjavíkur, til þess að gefa skýrari mynd af komandi breytingum.

Með þessari greinargerð er reynt að varpa ljósi á stöðuna og möguleika fyrir þær umfangsmiklu breytingar sem eru framundan.

Til að halda verkefninu og markmiðum Borgarbókasafnsins á lofti þá er beðið um að samþykkt verði fjárveiting til þess að halda vinnustofu um næstu skref. Sá kostnaður sem sú vinna felur í sér nýtist vel fyrir hverja þá leið sem verður farin.

Niðurstöðurnar munu einnig hjálpa til við þá væntinga- og breytingastjórn sem þarf við að aðlaga þann dýrmæta mannauð sem er í starfsfólki safnsins og hjálpa því við að venjast tilhugsuninni um breytt bókasafn, en ekki síður að því finnist það hafa verið þátttakendur í ferlinu.

Þessar mögulegu leiðir til framtíðar eru valmöguleikar byggðir á þörfum borgarbúa. Þegar niðurstöður vinnustofunnar liggja fyrir verða komnar styrkari undirstöður að framtíðarbókasafni Reykjavíkur.

Það er svo á valdi þeirra sem stýra borginni að velja hvaða leið verður farin. Annar kostur er að borgarbúar velji leiðina sjálfir.

VIÐAUKI - Fyrir áhugasama:

Hvað er að gerast erlendis?

Örlítið um það hvernig bókasöfn eru að þróast í heiminum í dag, bæði hvað varðar hönnun og hjartsláttinn í söfnunum.

AAT VOS, Architect

“People are progressively shutting themselves off from the rest of society by hiding away in the comfort of their own bubble. As people withdraw from one another, the divide between the haves and have-nots continues to grow. We can bridge this gap by programming the public space.”

“We are all dependent on public spaces to energize and inspire us on a societal level through interaction and communication. All visitors to a public space should feel welcome and have an equal chance to participate.”

The Ultimate Social Library - Deichman Stovner, Oslo

<https://www.youtube.com/watch?v=Jn-erueEITo> 3,30 mín. í spilun

The new Deichman library

Oslo is building what will become one of Europe's most modern libraries.

„The library's architecture is closely tied to its role as a public space. The top of the building cantilevers out to announce its presence to the visitors that arrive from Oslo's city center and the central station“

<https://vimeo.com/48456078> 2,48 mín. í spilun

Winy Maas, Co-founder of MVRDV:

"The angles and curves are meant to stimulate different uses of the space, such as reading, walking, meeting and discussing. Together they form the 'eye' of the building: to see and be seen."

<http://uk.businessinsider.com/tianjin-binhai-library-china-books-2018-3?r=US&IR=T> 3,05 mín. í spilun

“Education is no longer just for the young.”

Francine Houben, Architect/Urbanist

The Library of Birmingham, Birmingham, United kingdom.

The Library of Birmingham - A People's Palace

<https://www.youtube.com/watch?v=p1Ed4LL7AR4&feature=youtu.be> 10 mín. í spilun

Visionen for Dokk1 - Library of Tomorrow

<https://www.youtube.com/watch?v=F1gmSxEGmxw> 3,20 mín. í spilun

Creative learning, making and coding at DOKK1 in Aarhus, Denmark

<https://www.youtube.com/watch?v=G-ICxenhWSk> 6,20 mín. í spilun

Tour Dokk1, the Library of the Future

<https://www.youtube.com/watch?v=8fHiqRw58h0> 1,30 mín. í spilun

Oodi - Nýtt samfélagsbókasafn í Oslo - opnar í desember 2018

<https://vimeo.com/271428404> 5,44 mín. í spilun

Nýtt samfélagsbókasafn í Oslo - opnar í desember 2018. Unnið út frá þátttökuáðkomu borgara (citizen participation).

http://www.helmet.fi/en-US/Libraries_and_services/Library_Oodi

The building received near unanimous political backing and was designed with the help of a [supportive public](#) as part of a wide consultation process.

Stanley A. Milner Library Revitalization – Edmonton

<https://edmontonjournal.com/news/local-news/new-funding-announced-for-stanley-a-milner-library> 1,38 min í spilun

A revitalized Stanley A. Milner Library will better serve our customers, and help build a thriving and vibrant downtown.

Þjónustustefna Borgarbókasafnsins 2017-2010

http://borgarbokasafn.is/sites/default/files/%C3%9Ej%C3%B3nustustefna_BBS_%202017-2020.pdf

Aðferðafræði notendamiðaðrar hönnunar fyrir nýsköpun í þjónustu var höfð að leiðarljósi við gerð þjónustustefnunnar og við innleiðingu aðgerðaáætlunar.

Hvað segja notendur okkur?

Innsýn í svör úr vefumræðuborði Maskínu:

Rýnihópar voru börn og fjölskyldur annars vegar og ungt fólk, 16-25 ára, hins vegar.

Vefumræðuborð Maskínu stóð yfir dagana 27. apríl – 3. maí 2018. Um 100 manns tóku þátt og stóðu umræður yfir í 3 daga fyrir hvorn hóp. Helmingur þeirra sem í úrtakinu voru, notar bókasafnið en hinn helmingurinn notar það ekki.

Það skiptir máli að safnið sé notalegt að heimsækja og nógu stórt til að hýsa einhvern almennilegan bókakost. Leiksvæði/lesrými í barnadeild er mikilvægt og lesrými/kaffiástaða í fullorðinsdeild.

Kyrrðin er það sem mér finnst vera mest sjarmerandi við bókasöfn, en það er fín lína á milli kyrrðar og drunga.

Bókasafns-kaffihús! Staður þar sem ungir sem aldnir geta sest niður og spjallað, lesið bækur, flett í blöðum, lært í gegnum tölvurnar sínar o.s.frv. Afslappandi og skemmtilegt umhverfi sem þó getur verið fræðandi á sama tíma. Nóg pláss, sæti og borð fyrir alla.

Aukin tölvu-, prent-, og ljósritunarþjónusta. Hægt að leigja Kindle tæki og rafbækur. Hægt að hlaða raftæki og jafnvel fá lánaðan ípad til að nota á staðnum. Uppfæra tölvur svo maður geti farið á bókasafn til að nota forrit eins og td photoshop, inDesign eða pdf creator.

Öflugar tölvur og vinnuaðstæður. Gott aðgengi að Interneti og margmiðlunarmöguleikum. Og e.t.v. möguleiki til að kynna nýjustu tækni og nýjungar.

Öll fjölskyldan gleðjist yfir því að fara á bókasafnið. Að það blási manni andann í brjóst. Ekki er verra ef það er einhvern veginn hannað þannig að maður hitti aðra og að það myndist svolítið samfélag „bókaorma“. Að bókasafnið ýti undir þá sjálfsmynd þeirra sem þangað koma að þeir séu bóka fólk, fróðleiks fúsir og forvitnir.

Í fullkomnum heimi væri bókasafnið staður þar sem maður gæti stólað á að þar væri hægt að ganga að nýjustu tækni. Börn gætu sest niður við tölvuna til að læra í gegnum spennandi tölvuleiki (engir heilalausir tölvuleikir á bókasafninu samt takk!) og jafnvel væri boðið uppá námskeið fyrir börn jafnt sem fullorðna sem því tengjast.

Mér finnst að bókasöfn eigi að hafa fullt af gluggum, vera stór og tignarleg. Mögulega ættu þau að vera með sólarorkuplötum á þakinu.

Söfn af allskonar tagi eru frábær vettvangur fyrir fjölskyldustundir. Fjölbreytni í safnastarfseminni er mikilvæg. Hvað með safn sem sýnir nýjstu tæknilausnir, þar sem börn geta e.t.v. verið jafnokar foreldranna - eða kennt afa og ömmu. Hvað með VR græjur af ýmsu tagi á einhverju safninu?

Staðsetningin skiptir miklu máli. Hafa þau á stað þar sem flestir geti labbað og eða í nágrenni við aðra þjónustu svo það er í leiðinni að fara inn í bókasafnið.

Húsnæðið ætti að vera aðlaðandi og bjóða upp á mismunandi svæði eftir notkun. Útiaðstaða þar sem hægt er að setjast niður með kaffibolla og bók og börnin geta leikið sér í leiktækjum.

Bjóða mætti upp á bækur, hjóðbækur og tónlist, spil og fleira. Það mætti alls ekki vanta yndislegt starfsfólk sem getur verið hafsjór af fróðleik um hitt og þetta en á sama tíma væri sjálfsafgreiðslu-standar mjög þægilegir. Gott væri að hafa kaffihús og mér fannst góð hugmyndin sem kom fram um að bókasafnið myndi þjóna nokkurs konar opinberri hverfaþjónustu.

Kaffi, menningarviðburðir eins og tónleikar, ljóðaslamm, ljóðalestur, upplestur úr bókum fyrir fullorðna og ekki síður börn.

Það væri búið að tæknivæða meira af safninu. Meginatriði væru prentaðar bækur en það væri meira af tölvum og spjaldtölvum. Spjaldtölvur sérstaklega þar sem mikið efni er komið þangað, helst tímaritin og dagblöðin. Auk þess er netið stútfullt af upplýsingum um allt milli himins og jarðar og því væru upplýsingarnar sem finna má á bókasöfnun ekki aðeins einskorðaðar við þær bækur sem eru á prentuðu formi. Því væru tölvur einskonar framlenging á þeirri upplýsingargjöf. Mér finnst ekki mikið verið að nota það upplýsingaflæði sem má finna þar nú í dag á bókasöfnum.

Bókasafnið er tilvalinn menningarreitur hverfisins.

Samgöngumál eru líka mjög mikilvæg fyrir yngri börn, sem eru að stíga sín fyrstu sjálfstæðu skref í umferðinni. Það er svo mikilvægt að þau geti farið að bjarga sér sjálf að einhverju leyti. Þá er mikilvægt að hafa góða göngu-/hjólástíga, gangbrautir/umferðarljós og brúa "stórfljótin", þ.e. stóru umferðargötturnar.

Sé þau fyrir mér deila húsnæði með annarri starfsemi borgarinnar eins og t.d. sundlaugar og listasöfnum. Sem dæmi bókasafnið sem á að byggja í Úlfarsárdalnum en ef mig minnir rétt þá mun það deila húsnæði með sundlauginni.

Bókasöfn eru griðarstaður í hverfum, þar sem fólki er frjálst að blaða í bókum og blöðum án endurgjalds, og leigja bækur sem það vill lesa. Einnig þjóna bóksöfn mikilvægu hlutverki við það að kynna börn og ung fólk fyrir bókalestri og töfraheimum bókmenntanna. Lestrarhorn, og skemmtilegt rými fyrir börn innan bókasafna er því mikilvægt. Einnig eru bókasöfn sérstaklega mikilvæg fyrir námsmenn bæði sem rými til rannsókna sem og lærdómsaðstaða.

Ég held ekki, bókasöfn gætu reyndar boðið uppá yogaherbergi til að slaka á milli þess sem maður er að læra. Það væri einnig hægt að hafa herbergi sem væri með sjónvarpi þar sem væri hægt að koma til að horfa á góðar bíómyndir en annars að þá er ekki mikið.

Það væri hins vegar mjög gaman að sjá eitthvað eins og sýningar á bíómyndum og umræðuhóp eftir á þar sem er verið að ræða um myndina, hvernig myndin er tekin upp, litanotkun, undirliggjandi merking myndarinnar o.s.frv.

Lesstofu og læri aðstöðu. Mér finnst alment ekki vanta meira af efni á bókasöfnin heldur frekar að bæta aðstöðuna með því að bjóða uppá að læra þar í friði þar sem maður getur verið einn, eða í hóp að tala saman.

Aukin tölvu-, prent-, og ljósritunarþjónusta. Hægt að leigja Kindle tæki og rafbækur.

Ég væri til í að hafa afmarkað svæði sem gerði manni kleift að taka hundinn sinn með á. Ein helsta ástæða þess að ég nýti mér sjaldan aðstöðu bókasafna er sú að ég á hund og ég vil helst ekki skilja hana eftir eina heima ef hægt er og þegar það gerist þá í eins stuttan tíma og völ er á.

Svæði þar sem hægt væri að panta sér kaffi og mögulega eitthvað meira. Það væri hægt að setjast niður og þar væru flestar sýningar og uppákomur haldnar. Í fullkomna heimi væri frábært ef það væri eitthvað lítið útisvæði og mögulega eins og einhver útfærsla á garðskála byggð við svæðið.

Svipað og að ofan, fleiri sýningar og uppákomur. Gefur notalegri viðmót fyrir fólk sem vill hittast og læra/spjalla/funda o.s.frv. Svæði væru skipt upp í "hljóðlát svæði" og "samkomusvæði" eða eitthvað álíka.

Rúmgott og bjart athvarf fyrir einstaklinga og fjölskyldur þar sem hægt er að eiga fríar eða ódýrar og fjölbreyttar gæðastundir sérstaklega yfir vetrartímann þegar fólk á til að einangrast heima hjá sér.

Tryggvagata 15

Samantekt á þróun hússins

Tillögur að útliti hússins



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
febrúar, 2018

Efnisyfirlit

Inngangur.....	bls. 2
Tillaga I.....	bls. 4
Tillaga II.....	bls. 5
Tillaga III.....	bls. 6
Saga hússins.....	bls. 8
Kostnaðarmat.....	bls. 11
Árið 1930.....	bls. 13
Árið 1942.....	bls. 19
Árið 1949.....	bls. 27
Árið 1962.....	bls. 33
Árið 1988.....	bls. 37
Árið 1996.....	bls. 39
Árið 2016.....	bls. 41

Skilgreining á verkefninu

Að beiðni Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar SEA var óskað eftir því að Umhverfis- og skipulagssvið skoði húsið að Tryggvagötu 15, Grófarhús og komi með tillögur að endurbótum á útliti hússins. Gerðar eru þrjár tillögur að útliti hússins.

Samantekt

- Tillaga I. Endurklæða húsið eins og það er í dag á núverandi grind með nýrri klæðningu.
- Tillaga II. Koma útliti að Geirsgötu og Grófinni í það horf sem það var fyrir breytingar 1995 og kemur fram á teikningum frá árinu 1949.
- Tillaga III. Koma útliti að Geirsgötu og Grófinni í það horf sem það var fyrir breytingar 1995 og kemur fram á teikningum frá árinu 1949, auk þess að láta útlit að Tryggvagötu vísa í útlit þess tíma þegar sú hlið var byggð.

Niðurstaðan er að leggja til tillögu III. Í þeirri tillögu er leitast eftir því að húsið verði sem næst því útliti sem það var byggt eftir. Um er að ræða ákveðna skírskotun í sögu hússins sem er dregin fram í endurbyggingunni og fellur vel inn í borgarmynd miðborgarinnar.

Vinnuferlið

Við skoðun á húsinu var gerð samantekt á þeim skjölum sem til eru og lýsa byggingunni. Um er að ræða skjöl eins og teikningar, ljósmyndir og blaðagreinar. Haft var samband við Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Borgarsögusafn

Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Íslands og óskað eftir ljósmyndum og þeim gögnum sem til eru af húsinu. Einnig var gagna var aflað hjá Skjalasafni Reykjavíkur og á teikningarvef Reykjavíkurborgar. Fundir voru haldnir með Páli Hjaltasyni arkitekt og Verkfræðistofa VSÓ var fengin til að kostnaðarmeta tillögur að breytingum.

Eftir samantekt gagna voru unnin drög af þrívíddargögnum af þróun hússins frá byggingu frá árinu 1930-1960.

Við samanburð á teikningum frá upphafi byggingarinnar og til dagsins í dag er ljóst að húsið hefur að geyma söguleg verðmæti, sem við tillögugerðina á mögulegum útfærslum hefur verið leitast við að endurvekja.

Í samantektinni eru settar saman helstu teikningar af byggingunni í gegnum árin sem og ljósmyndir.

Mat á innra starfi í húsinu hefur ekki farið fram vegna þessara tillagna, aðeins er verið að meta áhrif hússins í borgarmyndinni.

Í fyrstu tillögunni er gert ráð fyrir að byggingin verði eins og núverandi ástand er, en klæðning endurgerð. Auk þess verður farið í breytingar á útliti að Tryggvagötu.

Í tillögu tvö er gert ráð fyrir því að sá hluti hússins sem snýr að Geirsgötu og Grófinni verði færður í þá mynd sem húsið var fyrir 1995.

Í þriðju tillögunni er gert ráð fyrir að fylgja tillögu 2 auk þess að útlit hússins að Tryggvagötu verði fært nær því útliti sem var árið 1962.



Útlit að Geirsgötu




Útlit að Tryggvagötu

Endurklæða húsið eins og það er í dag með nýrri klæðningu á núverandi grind. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að útlitsbreytingar verða á Tryggvagötunni þar sem útskot á framhliðinni er fjarlægt einnig gert ráð fyrir meiri opnun á 1. hæð hússins og tengja innra starf hússins við umhverfið.


Samkvæmt tillögu Helga Hjálmarsson arkitekt.



Útlit að Geirsgötu



Útlit að Geirsgötu



Útlit að Tryggvagötu

Tillaga II

Koma útliti að Geirsgötu og Grófinni í það horf sem er á teikningum frá árinu 1949, en þar er búið að hækka húsið í fimm hæðir og byggja þakhæð.

1.hæð hússins verður opnuð meira út að götunni en gert er í dag.

Útlit að Tryggvagötu og viðbyggingar verði með nýrri klæðningu eins og gert er ráð fyrir í tillögu 1.

Þetta útlit nær inn í Grófina.

Þakhæð er endurgerð að hluta til samkvæmt tillögu frá 1949.



Útlit að Geirsgötu



Útlit að Grófinni



Útlit að Tryggvagötu


Eins og tillaga II nema útlit að Tryggvagötu vísar í teikningar af útliti frá árinu 1949.

Í þessari tillögu er viðbyggingin samkvæmt tillögu Helga Hjálmarsson.

Alls staðar er viðbygging við Geirsgötu alglerjuð.



Útlit að Geirsgötu



Útlit að Grófinni



Útlit að Tryggvagötu

Saga hússins

Í dag er í húsinu starfrækt þrjú af söfnum Reykjavíkurborgar, Borgarbókasafnið, Ljósmyndasafnið og Borgarskjalasafnið. Frá því að húsið er byggt árið 1930 hafa orðið á því umtalsverðar breytingar sem rakið er í meðfylgjandi skjali. Húsið er byggt í áföngum og hefur þjónað ólíku hlutverki í gegnum árin.

1930

Núverandi hús að Tryggvagötu 15 var byggt í tveimur áföngum.

Guðjón Samúelsson teiknaði nyrðri hluta byggingarinnar, þá Geirsgötu 2, árið 1930, fyrir SÍS. Voru í húsinu vörugeymslur og afgangi SÍS. Um var að ræða þriggja hæða hús.

Gluggaop voru tiltölulega lítil. Súlur voru einnig einkennandi í útliti hússins. Þakið var flatt/einhalla.

1941

Árið 1941 teiknaði Hörður Bjarnason arkitekt tvær hæðir ofan á húsið. Gluggaop á 4. og 5. hæðinni eru stærri en á 1-3 hæð.

Hæð gluggana er sú sama en breiddin er önnur. Þakform hússins er flatt/einhalla.

1949

Byggt er við húsið út að Tryggvagötu. Eftir þá breytingu nær húsið að Tryggvagötunni. 1. hæð hússins sem snýr að Tryggvagötunni er tveggja hæða eða 5.98 m. Húsið er vígt 1951. Húsið er með flötu þaki og úr steinsteypu.

1963

Þegar húsið er vígt árið 1963 er húsið fullklárað 6 hæðir úr steinsteypu og múrhúðað að utan.

Þaklæðning er bárujárn. Á hlið hússins sem snýr að Tryggvagötu eru gluggabönd meðfram hliðinni á 3, 4 og 5 hæð. Hæð gluggana er 1.2 metrar. Fyrsta hæð hússins er 5,98 m. Efst hæð hússins er að hluta til innregin. Húsin voru sameinuð undir einu þaki og hafa verið talin númer 15 við Tryggvagötu síðan þá.

1989

Reykjavíkurborg kaupir húsið. Það var notað fyrir geymslur en Myndlistarskólinn í Reykjavík fékk aðstöðu á efstu hæðinni. Gerðar voru tillögur um að breyta húsinu í bílastæðishús og almennt skrifstofuhús, en árið 1997 var samþykkt í borgarráði tillaga um að flytja í húsið þrjú af söfnum borgarinnar, Ljósmyndasafnið, Borgarbókasafnið og Borgarskjalasafnið.

1995

Árið 1995 var húsið allt klætt með lituðum stálplötum, auk þess sem gluggum var mikið breytt. Teiknistofan Óðinstorgi hannaði breytingarnar. Húsið er mikið breytt frá upprunalegri mynd. Til að koma til móts við breytta nýtingu á húsinu er farið í það að auka birtuskilyrðin í húsinu og gluggaop eru stækkuð.

Gluggar sem snúa að Geirsgötu og Grófinni voru síkkaðir og breikkaðir. Gluggaop að Geirsgötu og Grófinni voru 1.10 metrar að en verða 1.50 metra við breytingarnar á húsinu. Auk þess voru þeir breikkaðir og staðsetning þeirra varð önnur. Gluggar að Tryggvagötunni eru hækkaðir. Voru 1.2 en eru hækkaðir/síkkaðir í 1.5 metra. Gluggaband sem einkenndi hlið Tryggvagötu er breytt. Á þeim hluta hússins sem snýr að Tryggvagötunni er á 1. hæðinni sett inn ný hæð sem verður hluti af Borgarbókasafninu. Stórar gluggaopnar eru gerðar á útliti hússins að Tryggvagötunni. Auk þess er meðal annars útskoti bætt við framhliðina að götunni. Á hlið hússins að Grófinni er settur turn á húsið. Valmáttak var einnig byggt á húsið. Nær þakið nú alveg að veggbrún hússins. Við þessu breytingu myndast nýtt rými á 6. hæðinni sem síðan verið notað fyrir starfsemi Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Loftræstikerfi hússins er við þessar breytingar staðsett á efstu hæð hússins eða 7. hæðinni.

Loftræstikerfið nær yfir stærstan hluta hæðarinnar í dag. Ástand þaksins virðist við fyrstu sýn vera í ágætu ásigkomulagi. Samstæður fyrir loftræstikerfi hússins er á efstu hæð þess auk þess nær hluti af loftræstikerfinu meira eða minna yfir alla 6. hæðina.

Tillaga I

Lagt er til að endurklæða húsið eins og það er í dag með nýrri klæðningu á núverandi grind. Í tillögunni er gert ráð fyrir því útskot á framhlið að Tryggvagötu verði fjarlæggt. Einnig gert ráð fyrir meiri opnun á 1. hæð hússins. Samkvæmt tillögu Helga Hjálmarssonar arkitekts.

Tillaga II

Lagt er til að koma útliti að Geirsgötu og Grófinni í það horf sem það var fyrir breytingar 1995 og kemur fram á teikningum frá árinu 1949. Til þess að útlit að Geirsgötu og Grófinni verði sem næst upprunalegu útliti er lagt til eftirfarandi breytingar.

Fjarlægja þarf núverandi klæðningu, undirkerfi og einangrun og laga steipt yfirborð. Miðað er við að upphafleg einangrun (75mm) að innanverðu, sé enn til staðar. Steypa þarf upp í gluggaop að hluta og einnig að saga fyrir gluggaopum til að samræma útlit hússins við upphaflegt útlit. Þetta á við um glugga á öllum hæðum. Náttúruleg birtuskilyrði innanhús munu breytast við þessar aðgerðir.

Gerðir verða stærri gluggar á 1. hæð hússins og er sú aðgerð ekki í samræmi við upprunalegt útlit hússins. Á 6. hæð hússins er skái fjarlægður og gerðar þaksvalir.

Athugað var lauslega að breyta valmapakinu í flatt/einhalla þak eins og var á húsinu á sínum tíma. Við þá skoðun kom í ljós að stór hluti af loftræstikerfinu nær nánast yfir alla efstu hæðina og var er því lagt til að halda valmapakinu.

Á þeirri hlið hússins sem snýr að Grófinni er gert ráð fyrir því að fjarlægja turninn. Í stað hans verður gerð veggskífa sem marka skilin á útliti að Grófinni og Geirsgötur annars vegar og Tryggvagötu hins vegar. Með veggnum er verið að visa í útlitsteikningar af húsinu frá árinu 1962 frá Teiknistofu SÍS.

Útlit að Tryggvagötunni verður samkvæmt teikningum Teiknistofunnar Óðinstorgi eða tillögu I.

Tillaga III

Í tillögu III er gert ráð fyrir sömu breytingum og eru tilgreindar í tillögu II. Auk þess er gert ráð fyrir breytingum á útliti að Tryggvagötu. Útlit að Tryggvagötunni er miðað við að nálgast að hluta til upphaflegt útlit þess hluta hússins samkvæmt teikningum frá árinu 1962. Núverandi klæðning hússins að Tryggvagötu verður fjarlægð og ný klæðning sett í staðinn. Gluggaopum verður að hluta til breytt til samræmis við það útlit sem var fyrir breytingarnar árið 1995.

Kostnaðarmat

Tillaga I

Endurklæða húsið eins og þar er í dag.

Vinna við þessa tillögu felst í annars vegar að fjarlægja núverandi klæðningu og klæða flötinn upp á nýtt. Gert er ráð fyrir að gluggar séu í góðu standi og að ekki þurfi að skipta þeim út. Einungis er gert ráð fyrir múrbroti á 1h. hæð á móts við Tryggvagötu þar sem opnað er meira út á götuna.

Frumkostnaðaráætlun er 125 m.kr. sbr. byggingavísitölu í febrúar 2018.

Tillaga II

Tillaga 2. Koma útliti á Geirsgötu og Grófinni í það horf sem sem er á teikningum frá árinu 1949

Í þessu felst að fjarlægja þarf núverandi klæðningu, undirkerfi og einangrun og laga steipt yfirborð sem þá kemur í ljós. Viðgerðin felst væntanlega í því að gera við göt eftir múrbolta og laga múrhúð þar sem hún hefur losnað. Gert er ráð fyrir að gluggar séu í góðu standi og að ekki þurfi að eiga við þá. Þakhæð verði breytt þannig að skái verði fjarlægður á þeim hluta sem tilheyrir byggingunni frá 1949 og útveggur endurbyggður ásamt þaksvölum. Gert ráð fyrir að skipta gluggum út. Gallinn við það að fjarlægja klæðninguna og einangrun er sá að einangrun hússins minnkar til mikilla muna frá því sem hún er í dag.


Frumkostnaðaráætlun er 340 mkr, sbr. byggingavísitölu í febrúar 2018.

Tillaga III


Tillaga 3. Koma útliti á Tryggvagötu það horf sem sem er á teikningum frá árinu 1956

Sama og í tillögu 2 nema það er gert ráð fyrir að gluggaband verði sett til að gefa líkja eftir því útliti sem verið er að kalla eftir. Við vettvangsskoðun kemur í ljós að búið er að steypa upp í upphaflega gluggalínu, einangra að innan og múrhúða. Núverandi gluggar eru hærrí en upphaflegir gluggar. Gólf í þríhyrningi eru létt, því ætti að vera auðvelt að fjarlægja hann. Einnig þarf að huga að milligólfi sem hefur verið sett á fyrstu hæðina, hvort slíta verði það frá útvegg á þeim stöðum þar sem útveggur er steypur í dag.

Frumkostnaðaráætlun er 410 mkr, sbr. byggingavísitölu í febrúar 2018.




Grunnmynd 1. hæð



Grunnmynd 2 og 3. hæð

Árið 1930


Núverandi hús að Tryggvagötu 15 var byggt í tveimur áföngum.
Guðjón Samúelsson teiknaði nyrðri hluta byggingarinnar, þá Geirsgötu 2,
árið 1930 fyrir SÍS.
Voru í húsinu vörugeymslur og afgreiðsla SÍS.



Hlið að Geirsgötu



Útlit Grófin



Sneiðing



18. júní 1936
Opinber heimsókn Kristjáns X Danakonungs til Íslands 18. til 27. júní 1936.
Móttökuathöfn undirbúin á Grófarbryggju.



24. júlí 1938
Danski ríkisarfinn, Friðrik krónprins og eiginkona hans Ingiríður.
króprinsessa í opinberri heimsókn á Íslandi.



1936-1939, við Reykjavíkurhöfn
Grófarhús

Við Miðbakka eru skip við bryggju, fremst Reykjaborg RE 64 og fjær sennilega Dronning Alexandrine.



Líklega 17. maí 1940


Ísland hernumið af Bretum.

Einkennisklæddir hermenn, ýmis varningur á bryggjunni, m.a. mótörhjól.







1930 - Grófarhús




1939 - rúmmynd



1939 - rúmmynd




1939 - rúmmynd



Hlið að Grófinni


Hlið að Grófinni



Hlið að Tryggvagötu

Sneiðing

Hlið að Tryggvagötu



1 hæð

2 hæð

3 hæð



9. júlí 1945

Kaupskipið Esja kemur til Reykjavíkurhafnar með um 300 íslenska farþega frá Kaupmannahöfn sem höfðu orðið innlyksa á norðurlöndunum er síðari heimsstyrjöldin skall á árið 1939.




Sennilega 1947-1949.

Móttaka á Grófarbryggju í Reykjavíkurhöfn.
M.a. ráðherrar í stjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar ofl.



Sambandshúsið nú Grófarhús
Athafnasvæði hafnarinnar.



Vörugæmsluhús S.Í.S. við Tryggvagötu. 15
Afstöðumynd.

Flatarmál byggingar: 455,6 m²

Samtíð máltekkið JAN 17 1950
Hilmar Þjartmar.


Byggingarmáttarar: Daga: _____

Töfnun: _____

Máttarar: _____

Sæmþykki 4 fundi byggingarnefndar
22. október 1949

[Signature]
Byggingarnefndin



381/149


Vörugæmsluhús S.Í.S. við Tryggvagötu

Samtíð máltekkið JAN 17 1950
Hilmar Þjartmar.

TEIKNISTOFA
S. Í. S.

Sæmþykki byggingarnefndar
22. október 1949
Uppsk. nr. 2004 MÖ: 11.200
1949. 2. 22. 1000
1. 21. 1000

Síðustærðir og veggþykktir
samkvæmt útdráttungi
Sig. Thoroddsen verkfr.




Afstöðumy-
nd

381/149


1. Etage
2. Etage
3. Etage
4. Etage
5. Etage
6. Etage
7. Etage
8. Etage
9. Etage
10. Etage

Grunnmynd 1.



TEIKNISTOFA
S. L. S.
Reykjavík, Síða 11-69
Vaxandi nr. 200702
Lýsing nr. 200702/11-69
Takkab. 2.2. 1949
S. THORODDARSON

381/49



TEIKNISTOFA


381/49

Pakmynd

Sneiðingar

Hilmart Eggertsson

TEIKNISTOFA S. L. S.




381/49
64/188

Austurhlíð

TEIKNISTOFA
S. L. S.
Reykjavík, 5/12 1949
Vaxtalið nr. 400704
Útgáfa: 12.10.1949
Tilskil: S. L. S. 1949
S. THORÐARSSON
ARKITEKT

Útlit að Grófinni



381/49
64/188

Húsið að Tryggvagötu

Útlit að Tryggvagötu

TEIKNISTOFA
S. L. S.
Reykjavík, 5/12 1949
Vaxtalið nr. 400704
Útgáfa: 12.10.1949
Tilskil: S. L. S. 1949
S. THORÐARSSON
ARKITEKT



Um 1990



Sennilega 1980-1990
Tryggvagata 15 og Tryggvagata 17.




4. nóvember 1964


Eldsvoði í vörugeymslu Sambands Íslenskra Samvinnufélaga við Reykjavíkurhöfn. Slökkviliðið að störfum á vettvangi. Reykur kemur út um gluggana á 5. hæð hússins.




1960-1970 hópur fólks á hafnarbakkanum. Sennilega að bíða eftir að farþegaskip leggist að bryggju.




1950 - rúmmynd




1950 - rúmmynd




Grunnmynd 1. hæð




Grunnmynd 2. hæð




Grunnmynd 3-4 hæð




Þakhæð




Útlit að Tryggvagötu




Sneiðing




Útlit að Geirsgötu




Útlit Grófin




Grunnmynd 2 og 3 hæð



Útlit Geirsgata




Sneiðing




Útlit Grófin




Útlit Geirsgata




Útlit Tryggvaga-




Útlit Grófin




Sneiðing




Grunnmynd 3.



Grunnmynd 4. hæð



Grunnmynd ris



Grunnmynd þakmynd



Útlit - norður

Óðinstorgi
2016


Útlit norður



t - suður

Óðinstorgi
2016

Útlit suður



Séð inn Tryggvagötu



Tryggvagata 15 séð frá Geirs-



Séð inn Grófina



Tryggvagata 15 séð frá Geirsgötunni

Starfshópur um umbætur á aðalsafni Borgarbókasafns í Grófinni

Ábyrgðarmaður: Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri USK

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 28. nóvember sl. var samþykkt tillaga um umbætur á þjónustu og aðalsafni Borgarbókasafnsins í Grófinni og að Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að gera tillögu að verklagi og áfangaskiptingu í útfærslu verkefnisins. Í vinnu við útfærslu verkefnisins verði auk þess sem fram kemur í tillögunni hugað að þróun í þjónustuveitingu þar sem horft verði til hlutverks/verkefna alþjóðahúss og samsvarandi þjónustu- og upplýsingastarfsemi til borgaranna á jarðhæð hússins.

Markmiðið er að íbúar borgarinnar fái öflugra og nútímalegra safn sem þjóni betur þörfum þeirra og skapi þeim skemmtilega og gefandi aðstöðu. Æskilegt er að umbætur verði langt komnar eða lokið á aldarafmæli Borgarbókasafnsins 2023.

Hlutverk:

- Gera tillögu að verklagi og áfangaskiptingu á umbótum á Grófarhúsi og kostnaðarmeta umbætur og endurhönnun safnsins og nánasta umhverfi þess.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Vinna úr fyrirbyggjandi skýrslum, samantektum og vinna gögn fyrir nýtt aðalsafn Borgarbókasafnsins í Grófinni
- Rýna flæði milli hæða og bygginga með þarfir notenda í huga.
- Skýra aðkomu borgara í hönnunarferlinu (samsköpun) - áhrif notenda að ákvarðanatöku.
- Leggja til fyrirkomulag og umfang á hugmyndasamkeppni um Grófarhús.
- Láta gera heildarkostnaðarmat umbóta Grófarhúss.

Starfshópurinn skipa:

Rúnar Gunnarsson, arkitekt (formaður), Umhverfis- og skipulagssvið

Pálína Magnúsdóttir, Menningar- og ferðamálasvið

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, Menningar- og ferðamálsvið

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Gréta Þórsdóttir Björnsson, Umhverfis- og skipulagssvið.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins.

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:


Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok maímánaðar 2020.

Reykjavík, 27. mars 2020

Ólöf Örvarsdóttir

Grófarhús

Borgarbókasafnið í Grófarhúsi



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Menningar- og ferðamálasvið

Júní 2020


Miðstöð menningar í miðborginni

Hugsaðu þér stað...

Opin rými allra

Hugsaðu þér stað, þar sem allir eru velkomnir, það kostar ekkert inn. Þetta verið – eins og þú ert. Það eru engar kröfur um atgervi, en þér er meira en hefur – hugmyndum, reynslu og hæfni. Hér leitarðu athvarfs frá amstri samtali við aðra, sem þú hefðir annars ekki hitt. Þegar þú gengur út, finnst vita og skilja aðeins meira. Þú býrð að upplifun af rými sem endurspeglar er boðið að taka þátt í að skapa.

Bókasafnið getur verið þessi staður.



Opin rými allra

PLASS
FÖR TÖLK



PIRILESTAR PLAC



LETNISTADIR
TIL AÐ LEMÁ



OPNA Á
MILLI
HÆÐA

HANA HAFI
AÐGENGI
HEILUGRAT

HÚS
SEM
VÖSTILIFAR
(svo fólk og þú
lýskillifars þar)

BOÖRT OG
STÆRRI
BARAFELD



TORG SAMKOMUSTADUR

VÖTI-
BORGAÐA
VÖTNUSTA

listasala

SKJÓLGOTT
TORG
á milli listasala
og bókasala

Covid aðgerðapakki Reykjavíkurborgar

Borgarráð samþykkti tillögu um umbætur á þjónustu og aðalsafni Borgarbókasafnsins í Grófinni. Umhverfis- og skipulagssviði var falið að gera tillögu að útfærslu verkefnisins. Þann 26. mars 2020 samþykkti borgarráð fyrstu aðgerðir til að bregðast við áfallinu sem Covid-19 faraldurinn hefur í för með sér með áherslu á velferð borgarbúa.

Í aðgerð nr. 11 stendur:

Undirbúningi fjárfestingarverkefna á vegum Reykjavíkurborgar verði flýtt.

Nánar tiltekið að **samkeppnum um skipulag og hönnun** fjárfestingarverkefna verði flýtt og gerð deiliskipulags vegna þeirra verði sett í forgang.

Þar á meðal samkeppni um stærra Borgarbókasafn í Grófarhúsi.

Starfshópur um umbætur á aðalsafni Borgarbókasafns í Grófinni


Hlutverk: Gera tillögu að verklagi og áfangaskiptingu á umbótum á Grófarhúsi og kostnaðarmeta umbætur og endurhönnun safnsins og nánasta umhverfi þess.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Vinna úr fyrirbyggjandi skýrslum, samantektum og vinna gögn fyrir nýtt aðalsafn Borgarbókasafnsins í Grófinni.
- Rýna flæði milli hæða og bygginga með þarfir notenda í huga.
- Skýra aðkomu borgara í hönnunarferlinu (samsköpun) - áhrif notenda að ákvarðanatöku.
- Leggja til fyrirkomulag og umfang á hugmyndasamkeppni um Grófarhús.
- Láta gera heildarkostnaðarmat umbóta Grófarhúss.
- Gera hagsmunaðilagreiningu.

Vinna starfshóps:

- ✓ Forsögn
- ✓ Frumkostnaðaráætlun
- ✓ Lýsing á samkeppnisformi
- ✓ Minnisblað um Ljósmyndasafn
- ✓ Hagsmunaaðilagreining
- ✓ Tilboð um hönnunarráðgjöf við samkeppni




Það sem búið var að vinna áður:

- ✓ Skýrsla um flugráð
- ✓ Greinargerð um 3 leiðir
- ✓ Stefnukort
- ✓ Skýrsla um tillögur að útliti Grófarhúss



Starfsemi í breyttu
Grófarhúsi



Stefnt er að því að endurgerð hússins verði umhverfissvottuð.

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fyrir liggur samþykkt frá borgarráði um að umhverfissvottunarkerfið Breeam skuli notað til að votta byggingar Reykjavíkurborgar. Stefnt skal að því að endurgerð Grófarhúss verði Breeam vottuð og fái einkunnina „excellent“. Mikilvægt er að unnið sé á markvissann hátt með vistvæni í hönnunarferlinu s.s. í stjórnun og skipulagi, með gerð lífsferilsgreininga, í efnisvali og að hugað sé að heilsu og vellíðan.

HÚS
SEM
LÖSTILLIFAR
(SVO FÓLK GETI
LÖSTILLIFAÐ ÞAR)



nýta VIND-
ORKU
+ Bredsla

A

Ein af aðgerðunum í covid pakkanum var að ráða inn háskólanema í sumarstörf.

Borgarbókasafnið réð arkitektanema á öðru ári til að teikna upp Grófarhús í þrívídd til að auðvelda þeim aðilum sem taka þátt í samkeppni að rýna flæði hússins og skoða sögu þess. En ekki síður til að varpa betra ljósi á þá möguleika sem húsið býður upp á.

Módelið er tilbúið og getur fylgt samkeppnisgögnum







Drög að fyrirkomulagi á samkeppni vegna umbóta á aðalsafni Borgarbókasafnsins í Grófinni.

Opið forval í samstarfi við Arkitektafélag Íslands



4 - 6 þverfagleg teymi valin áfram til að gera tillögur



Vinnustofur haldnar með þeim teymum sem halda áfram *



Valin ein vinningstillaga sem gert er ráð fyrir að verði framkvæmd



→ Vinningshafar vinna með þátttöku borgara í hönnunarferlinu

* Vinnustofur og ráðgjöf með Aat Vos





Af hverju að fá Aat Vos sem ráðgjafa?

- ➔ Hann er reynslubolti sem stýttir okkur leiðina
- ➔ Skilur eftir þekkingu og reynslu í gegnum vinnustofnunar til hönnuða og arkitekta á Íslandi
- ➔ Hefur mikla þekkingu á hlutverki notenda í hönnunarferlinu og hvernig bókasöfn eru að þróast í nútímasamfélagi.
- ➔ Hefur verið ráðgjafi eða hönnuður á mörgum þekktustu bókasöfnum og opinberum rýmum í Evrópu
- ➔ Þekkir Grófarhús og hefur unnið með Borgarbókasafni


As a creative guide, Aat Vos is dedicated to reviving the public domain.

He evokes social change through the design of third places. His multidisciplinary

Approach combining architecture, marketing, design, and communication makes him a great source of inspiration for wide variety of clients like governmental organisations, municipalities, libraries and many more.



Hagsmunaaðilar



R20030221

Í Borgarráð 25. mars var samþykkt tillaga um að flýta verkefnum á vegum Reykjavíkurborgar á árinu 2020.

Þar segir: Í þriðja lagi er stefnt að því að hraða nauðsynlegri undirbúnings- og hönnunarvinnu ýmissa verkefna s.s. með samkeppnum og hönnun verkefna í framhaldi.

Samantekt á kostnaðarmati:


Breytingar innanhúss	3.226,4 mkr
Breytingar á útliti	556,0 mkr
Fullnaðarfrágangur - Nýbygging	604,7 mkr
Samtals	4.387,1 mkr

Starfshópur leggur til við borgarráð að það samþykki að farið verði í að auglýsa opna samkeppni um umbætur og endurhönnun á Grófarhúsi



Starfshópur leggur til við borgarráð að það samþykki tilboð frá Aat Vos um hönnunarráðgjöf við samkeppni og vinnustofur til að styðja við þátttakendur í hönnunarsamkeppni





Takk fyrir